

*S. M. Thompson*

BÓKASAFN „LÖGBERGS.“

# PÁLL SJÓRÆNINGI

EDA

PLÁGA ANTILLA-EYJANNA.

Á SJÓ OG LANDI.

EFTIR

Sylvanus Cobb, yngri.

*Arnþjotur B. Olsen*



PRENTSMÍÐJA LÖGBERGS.

WINNIPEG, 1901.

2  
PÁ

það va  
og sólin, se  
inn, var ko  
Eftir vegin  
maður og t  
ekki yfir t  
sjómanna b  
ur og þrekl  
og skein út  
aðgætinn n  
var bráðlyr  
samvirkuse  
koma sínu  
annarri öxl  
einu hornin  
staðinn fyr  
svörtum st  
um vér að  
mannsins.



*Arnþjotur B. Olson*

## PÁLL SJÓRÆNINGI.

### I. KAPITULI.

#### INNGANGUR.

Það var kaldur rigningardagur að haustlagi, og sólin, sem ekki hafði séð til frá því um morguninn, var komin fast að áfangastað sínum í vestrinu. Eftir veginum frá Malmshury til Bristol gekk karlmaður og tvö börn. Maðurinn var á unga aldri—ekki yfir tuttugu og sex ára gamall—og klæddur í sjómanna búning. Hann var lágur vexti, en gildur og þreklega vaxinn; andlit hans var kopar-rautt og skein út úr því vitsmunir og hyggindi. Hver aðgætinn maður gat lesið út úr því, að maðurinn var bráðlyndur og hafði ákaft lundarlag, og að samvizkusemi mundi aldrei hindra hann frá að koma sínu fram ef það reið honum á nokkuru. Á annarri öxlinni bar hann ofurlítinn böggul, og í einu horninu á vasaklútnum, sem hann brúkaði í staðinn fyrir handtösku, var prentað með litlum, svörtum stöfum nafnið—Marl Loran. Það verðum vér að ímynda oss, að hafi verið nafn ferðamannsins.

Börnin voru drengur og stúlka. Drengurinn gat ekki hafa verið meir en fimm ára, og hann leit út fyrir að vera yfirkominn af þreytu. Hann var glaðlegur og greindarlegur piltur og sérlega frískur sýnum. Stúlkan var ennþá yngri, sjálfsagt innan fjöggra ára. Hún gekk þreytulega við hlið leiðtoga síns, og komu tórin fram í stóru, bláu augu hennar hvað eftir annað. Búningur hennar var óbrotinn og ljótur fram úr öllu hófi og samsvaraði alls ekki útliti hennar sjálfrar. Andlit hennar var fölt og fíngert, hárið sítt og gljáandi og féll niður í lokkum, sem báru vott um betri meðferð og klæðnað að undanfögnu, og hendurnar báru engin merki um óhreinlæti. Drengurinn hafði grátið, því að holdugu kinnarnar hans báru þess merki, að tár höfðu runnið niður eftir þeim; en nú grét hann ekki, því hann hafði verið sleginn fyrir að gráta. Rétt í því vér gerum lesaranum kunnugt ferðafólkið, kemur það að steini, sem var merkjasteinn á milli Wilt og Gloucester umdæmanna, og þar hvíldi það sig.

„Þú ert orðinn þreyttur, er ekki svo?“ sagði maðurinn, og leit til drengsins, og lagði um leið hendina á kollinn á honum.

„Jú,“ svaraði drengurinn, í því hann leit upp, og skalf af hræðslu þegar hann sá í augu leiðtoga síns.

„Vertu rólegur; við eigum ekki eftir að ganga

nema þrjár n  
Hands gestg  
ast þangað, e  
„Jú.“ l  
svona, en auð  
ugur.

„Og þeg  
muna, að þú

„En þú

„Víst er

„Æ, nei.

ekki til að se

„þú vild

„Nei, ne

litla stúlkan

honum, og br

Marl Lan

harðneskjuleg

ins, og sagði:

„Eg er fa

kannast við þ

„Hann er

andi.

„Hver sa

„Humfre

„þá hefir

ir hjá honum

minn. Eg va

nema þrjár mílur þangað til við náum á Cross-Hands gestgjafahúsið. Þú verður feginn að komast þangað, er ekki svo?“

„Jú.“ Drengurinn þorði ekki annað en svara svona, en auðheyrt var, að hann gerði það nauðugur.

„Og þegar þú kemur þangað, þá ætlaðu að muna, að þú ert sonur minn, ætlaðu að gera það?“

„En þú ert ekki faðir minn.“

„Víst er eg það.“

„Æ, nei. Gerðu það fyrir mig að neyða mig ekki til að segja það.“

„Þú vildir heldur láta hýða þig, er það svo?“

„Nei, nei!“ æpti drengurinn, og um leið hljóp litla stúlkan til hans, vafði handleggjunum um háls honum, og brast í ákafan grát.

Marl Larún sleit stúlkuna frá honum með harðneskjulegum tókum, horfði síðan í augu drengsins, og sagði:

„Eg er faðir þinn, og þú verður að vita það og kannast við það. Hvar heldurðu að faðir þinn sé?“

„Hann er dáinn,“ sagði aumingja barnið, grátandi.

„Hver sagði þér það?“

„Humfrey sagði mér það.“

„Þá hefir hann logið að þér. Eg kom þér fyrir hjá honum fyrir tveimur árum, og þú ert sonur minn. Eg var að fara í burtu, og hann bauðst til



að sjá um þig þangað til eg kæmi aftur. Og þegar eg kom til baka tók eg þig. Kannske annars hann hafi haldið, að eg væri dáinn. Það er mjög líklegt hann hafi gert það. Mundu nú þetta; og ef einhver spyr þig hvað þú heitir, þá segðu, að þú heitir Páll Larún. Mundu það nú. Þú kærir þig þó líklega ekki um, að eg drepi þig, en það geri eg ef þú ekki talar eins og eg segi þér. Heldurðu að þú getir nú munað það?“

„Já.“

„Og þú ætlar að muna það?“

„Já.“

Varir litla drengsins titruðu, og hann hefði brostið í grát ef augnaráð mannsins ekki hefði aftrað því.

„Marja,“ sagði Larún, mjög blíðlega, „þú ert þreytt, er ekki svo?“

„Jú,“ stamaði barnið.

„Segðu, jú frændi.“

„Jú frændi,“ hafði hún upp eftir honum eins vel og hún gat.

„Marja er frænka þín, Páll. Vissir þú það?“

„Já.“

„Gott. Og nú skalt þú, Marja mín litla, fá að ríða spölkorn í fangi mínu; og svo getur verið eg beri Pál líka eftir dálitla stund ef hann verður mjög þreyttur.“

Að svo mæltu tók þessi þrekvaxni sjómaðinn

litla stúlkubarn sér, og þrennin ar. Það var fa til vegamóta-þ gjaíahúsið stóð ekki með börni kallaði á gestg bergi með tveir is með þessa tv þar var of kalt aði of mikið að upp í herbergið þau voru búin afklæða sig. Þ þeim, að hann a minti þau um a þegar búíð diskana og fór loka hurðinni og angarnir l'gu le stúlkann hafði g hugsuninni um karlmann afklæ lega og ókunna „Marja,“ hv ist viss um að v „hvert erum við „Sjv mömm



tla stúlkubarnið upp og setti hana á handlegg  
 r, og þrenning þessi lagði aftur á stað leiðar sinn-  
 : Það var farið mikið að dimma þegar þau komu  
 l vegamóta-þorpsins, þar sem Cross-Hands gest-  
 afahúsið stóð og þau settust að í. Larún fór  
 :ki með börnin inn í drykkjustofuna, heldur  
 llaði á gestgjafann út og leigði hjá honum her-  
 rgi með tveimur rúmum í, og fór þangað rakleið-  
 með þessa tvo litlu skjólstæðinga sína. Af því  
 r var of kalt að vera á fótum, og af því það kost-  
 i of mikið að kaupa hita, þá kom Larún strax  
 p í herbergið með kveldmat barnanna, og þegar  
 u voru búin að borða hjálpaði hann þeim til að  
 klæða sig. Þegar þau voru háttuð, sagði hann  
 m, að hann ætlaði að vera niðri um stund, og á-  
 nti þau um að hafa ekki hávaða.

Þegar búíð var að hreiðra þau niður, tók hann  
 kana og fór út úr herberginu, og gætti þess að  
 a hurðinni og taka með sér lykilinn. Litlu  
 garnir l'gu lengi steinþegjandi, því jafnvel litla  
 lkan hafði gleymt að veina og gráta af um-  
 ysuninni um hvað undarlegt það var að láta  
 lmann afklæða sig, og að háttu í þessu undar-  
 a og ókunna plássi.

„Marja,“ hvíslaði drengurinn, þegar hann þótt-  
 viss um að vondi maðurinn heyrði ekki til sín,  
 ert erum við að fara?“

„Sjá mömmu,“ sagði litli einfeldningurinn, því

hún mundi, að leiðsögumaður hennar hafði sagt henni það ótalsinnnum um daginn.

„Æ, Marja, hún mamma þín er dáiin,“ sagði Páll.

„Já, og eg sé hana bráðum,“ sagði litli óvitinn.

„En hvernig geturðu séð hana ef hún er dáiin?“ spurði drengurinn.

„Marja einblíndi framan í féлага sinn, sem dauf birta af einu kertaljósi skein á, en hún skildi ekki hvað hann meinti, og endurtók þá staðhæfing sína, að hún ætlaði að „sjá mömmu.“

„Þessi vondi maður er ekki pabbi minn,“ sagði Páll, eftir dálitla þögn. „Ó, eg veit hann er það ekki. Pabbi minn er hjá henni mömmu þinni—í himnaríki. Hann pabbi þinn sagði mér það.“

„Við förum til pabba og mömmu,“ tautaði litla, blíðlynda barnið, og brosti nú af tilhlökkuninni.

Páll starði í blíða andlitið á félagssystur sinni, og smá sannfærðist um, að hún skildi hann ekki þó hann reyndi að tala við hana um það, sem honum lá þyngst á hjarta; og ekki er víst nema hann hafi óttast, þó ungur væri, að það gæti hrygt hana að heyra hann telja raunatölur sínar, og þess vegna stílt sig um það.

En jafnvel drengurinn vissi ekki hvað hann átti að ímynda sér. Hann hafði óljósa hugmynd um liðna t'mann og það, sem nú var að gerast, en

sk  
ha  
eð  
ho  
og  
sit  
lá  
hei  
is s  
læt  
spe  
að  
að  
sér  
teyg  
vari  
úr s  
að d  
  
um,  
aldr  
hver  
eitth  
aðs  
  
sínu,  
glug  
ljósb

skilningur hans á öllu þessu nægði ekki til þess hann gæti komist að neinni viturlegri afályktun eða hugsað málið til hlítar. Hann vissi það, að honum hafði verið sagt, að faðir hans væri dáinn, og að Humfrey hafði farið með hann heim í hús sitt; og þar hafði hann verið síðan. Þegar hann lá þarna á koddanum og var að reyna að brjóta heilann um þetta, þá sá hann eins og ský umhverfis sig, sem honum fanst ekki vera annað en ranglæti og vonzka, og annað gat hann ekki séð. Hann spenti greipar og bað til guðs, eins og hann mundi að einhver, sem hann elskaði, hafði kent honum að gera. Og þegar bæninni var lokið, sneri hann sér að litlu stúlkunni, en hún var þá sofnuð. Hann teygði sig yfir til hennar og kysti hana, og þegar varir þeirra mættust, þá sagði hún „mamma“ upp úr svefninum, sem sýnir um hvað hana hefir verið að dreyma.

„Aumingja Marja!“ sagði Páll í hálfum hljóðum, í því hann hagræddi sér á koddanum, „þú færð aldrei að sjá mömmu þína fyr en þú ert dáin, og hver veit nema við verðum bæði til samans flutt eitthvað langt í burtu, svo við fáum aldrei framar aðs já heimili okkar!“

Þegar drengurinn hafði lokið þessu eintali sínu, lá hann kyr og horfði á útskurðinn ofan við gluggann og hurðina, sem sást óljóst í hinni daufu ljósbirtu, og út frá því sofnaði hann.

Það var orðið framorðið þegar Larún kom upp og þegar hann hafði gengið úr skugga um það, að börnin voru sofandi, afklæddi hann sig og lagðist fyrir í hinu rúminu; og eftir litla stund heyrðist hinn þungi andardráttur hans og hrotur, sem var svo óþýtt og einkennilega hjáróma við léttu þýða andardráttinn barnanna, sem í hinu rúminu sváfu,

Langt í burtu á öðrum stað í kóngsríkinu var ótti og kvein. Þar hrópaði maður hamslaus og yfirkominn á barnið sitt—á börnin sín—og kallaði árangurslaust. Ljósberar og blys lýstu upp alla króka og kima, sem börnin voru vön að að leika sér í, en þau fundust ekki. Lækirnir voru slæddir, og það var leitað í skóginum og meðfram girðingum, en týndu börnin fundust hvergi. Um miðnætti var maðurinn á hnjánum og bað síran um börnin sín—en hin ákafa bæn hans var árangurslaus.

---

## II. KAPITULI.

### PLÁGA ANTILLA-EYJANNA.

Í öðru skifti var bjartur og blíður sumardagur. Á brjóstum hins mikla Atlanzhafs—hér um bil á sama breiddarstigi eins og Trinidad, en um



þrjú hundruð mílum austar—hvíldi fallegasta sýnishorn af skipasmíði, sem nokkur tíma hefir hrifið auga nokkurs sjómanns. Það var brigg-skip undir öllum seglum, með toppi og ráseglum á bæði borð. Það gat hafa verið tvö hundruð lesta skip, eða kannske meira, því öll byggingin svaraði sér svo vel, að ekki var hægt að sjá stærð þess með fullri vissu í nokkurri fjarlægð. Skipið stefndi í áttina til Antilla-eyjanna, og hafði austan-staðvindinn svo vel á eftir sér, að hann fylti bæði ráseglin. Skipskrokkurinn var allur svartur nema rauð rönd rétt neðan við kanónugötin. Möstrin voru há og uppmjó; toppsegla möstrin voru fest á rár rétt ofan við stögin og hölluðust lítið aftur á við til þess að gera sem minsta yfirvigt.

En yrði maður hrifinn af útliti skipsins til að sjá, þá varð maður þó enn þá meira hrifinn af að sjá þilfarið. Það var jafnhátt fram og aftur, og eins hvítt eins og nokkur trjáviður getur verið. Fyrirkomulag alls sýndi, að góð stjórn var á öllu í hverri deild, eins í því smæsta sem hinu stærsta, og alt fyrirkomulag sýndi, að stjórnin var í höndum manns, sem lét hlýða sér. Það voru ellefu fallbyssur á þilfarinu, allar úr kopar; tíu þeirra voru til hliðanna, og voru það vanalegar fallbyssur fyrir átján punda kúlur. Ellefta byssan var af sömu stærð, en miklu lengri; henni var komið fyrir á ás, og hægt að suúa henni í allar áttir á spori. Fall-

byssurnar voru allar þaktar snoturlega með tjörguðum segldúk og bundnar niður, og kanónugötin voru haganlega byrgð.

Það voru sjötíu og sjö menn um borð á skipinu, og voru þeir allir skipverjar; og jafnvel þó lesarinn kunni að hafa getið sér til hverskonar skip þetta hafi verið, þá var útlit skipverja ekki eins og við hefði mátt búast á slíku fari. Þeir voru flestir Englendingar, og voru snotrir og hátþrúðir í allri framgöngu eins og skipverjar á nokkuru herskipi.

Þannig var „*Plága Antilla-eyjanna*“ eins og skipið var kallað og skipstjóri, ekki einasta á meðal skipverja heldur af mörgum öðrum, sem ráku sig á það, hvað vel nafnið átti við.

Nálægt stýrishjólinu stóð maður með sjónauka undir hendinni, og var auðséð á búningi hans, að hann var kasteinn á briggskipinu. Hann var lágur vexti, en mjög herðabreiður og samanrekinn, og leit út fyrir, að hann væri maður mjög þrek-mikill, duglegur og úthaldsgóður. Útlit hans var eiginlega ekki fráhrindandi, en samt var það ekki aðlaðandi; það bar þess ljósan vott, að maðurinn var skarpskygn, hafði mjög næma dómgreind, var fljótur að átta sig, hafði æfinlega orð fyrir sig á reiðum höndum og hafði ósveigjanlegan viljakraft. Hann var dökkur á yfirlit af útiveru, svarteygur og hvasseygur, og hárið var svart, þykt og hrokkíð.

Hann leit út fyrir að vera um fertugt, og nafn hans var Marl Larún. Lesarinn hefir séð hann áður—fyrir mörgum árum—á einum aðalveginum á Englandi.

Rétt hjá kafeininum stóð annar maður, sem ekki er að öllu leyti ókunnugur þó lesarinn geti nú ekki kannast við hann á neinu öðru en nafninu. Hann er ungur að aldri, ekki yfir níttján ára, og hefir ekkert það við sig, sem ber þess vott, að hann tilheyri skipverjum. En engu að síður er það svo og hefir verið um mörg ár. Hann er hár og beinvaxinn, meira en í meðallagi fríður sýnum. Hvar sem á hann er litið og í öllum hreyfingum hans sjást þess merki, að hann er göfuglyndur og góðmenni. Hann hefir mikið, gljáandi, dökkleitt hár; hann er ljóseygur og tindra augu hans eins og stjörnur. Hann er kallaður Páll Larún.

Skamt þaðan standa þrír menn, og eru að tala saman. Hæsti maðurinn af þessum þremur—maðurinn með svarta hárið og dökku augun, og þunnu, djöfullegu varirnar—er Jón Langley, æðsti undirforinginn á skipinu. Hann er ekki hálfertugur að aldri. Sá næsti, meðalmaður á vöxt, sem sérstaklega er einkennilegur vegna ljósa hársins og stóru, gul-leitu augnanna, sem stundum sýnast græn á litinn, er Filippus Storms, annar undirforingi. Þriðji maðurinn er stuttur og stubbaralegur, digur og þunglamalegur, og flstirður í öllum hreyf-



ingum. Höfuð hans er stórvaxið og þakið með grófgerðu, gráu hári; litlu augun hans eru hvöss og snör. Hann er elzti maður á skipinu, nálægt sextugur, og er umsjónarmaður fallbyssanna. Hann heitir Ben Marton. Skipverjar hlýða öllum fyrirskipunum kafeinsins, og þegar hann er rólegur og ákveðinn þá eru þeir það líka; en þegar þeir komast í hann krappan og eitt vel skotið skot getur frelsað þá, þá líta allir í áttina til Ben Marton, því allir vita, að enginn annar en hann getur farið með löngu fallbyssuna, svo að jafngóðum notum komi; og á þeim tímum vaktaði Larún sjálfur andlit gamla mannsins til þess að sjá hvort hann álitu hættuna mikla eða litla, og félst vanalega á álit hans. Þegar gamla skyttan deplaði augunum og ofurlítið bros lék á vörum hans, þá var hann vanalega viss í sinni sök.

„Páll,“ sagði kafeinninn, og vék sér að hinum unga félaganum, „við náum í skógarhælið innan skamms. Þykir þér ekki vænt um það?“

Drengurinn hrökk við, og blóðið stökk út í kinnar hans þegar hann leit framan í kafeininn.

„Varst þú að hugsa um það sama?“ hélt Larún áfram þegar hann sá geðshræringar Páls.

Það kom fram í síðustu orðunum einkennilegur háðs eða gremjuvottur, og hinn yfirbragðsdökki maður leit hvössum augum á Pál þegar hann sagði þetta.



„Eg var að hugsa um það, að einusinni ennþá ætluðum við að ná landi,“ sagði ungi maðurinn, í lágum, en einbeittum róm.

„En varstu ekki að hugsa um neinn sérstakan blett á landi?“

„Auðvitað var eg að því,“ svaraði Páll, og brá sér hvergi.

„Og ef til vill hefir þú verið að hugsa um einhverja vissa manneskju, sem þú vildir gjarnan fá að sjá, hvað segir þú um það?“

Larún horfði nú í andlit unga mannsins ennþá ákafar en áður, og mátti sjá það á svip hans, að honum var áhugamál að komast eftir einhverju.

Páll horfði á móti, en það var eins og hann dreymdi ekkert um, að mál þetta hefði minstu þýðingu, og það hafði því lítil sjáanleg áhrif á hann.

„Eg var að hugsa um ýmislegt,“ sagði hann loksins, „en eg veit ekki af neinu einu öðru fremur.“

„Hvernig þætti þér að fá að finna hana Marju litlu okkar?“ spurði kaffeinninn, og talaði mjög lágt—nærri því hvíslaði—og leit hastarlega á félagaga sinn.

Ungi maðurinn hrökk við af geðshræringu, og horfði allra snöggvast niður fyrir fætur sér; en hann náði sér fljótlega eins og í fyrra skiftið, og svo leit hann upp og beint framan í spyrjandann, og svaraði:

„Mér þætti dæmalaust vænt um að fá að sjá hana.“

„Auðvitað,“ sagði Larún. Það er eðlilegt, að þér þætti það.“ Og aftur fylgdi orðum hans þetta bitra, nákvæma, óskiljanlega augnatillit. „Auðvitað ætti þér að þykja það,“ bætti hann við, og gekk síðan yfir að uppgöngunni, þar sem sumir mennirnir sátu, og voru að vefa gólfábreiðu.

Páll horfði á eftir honum þegar hann gekk í burtu og kom sorgarsvipur á andlit hans.

„Hvað meinar hann?“ sagði hann við sjálfan sig. Og eftir nokkura umhugsun, sagði hann aftur við sjálfan sig: „Bara að stríða mér—það er alt og sumt.“

Litlu síðar voru menn kallaðir til máltíðar. Páll hélt til í káetunni, og var skipslæknir. Fyrir nokkurum árum síðan hafði gamall maður verið á skipinu, sem gegndi því verki, en þegar hann var orðinn mjög gamall og hrörlegur bað hann um lausn til þess að geta eytt síðustu stundum æfi sinnar á landi. Larún gaf honum fararleyfi ef hann gæti útvegað sáralæknir í staðinn sinn. Páll hafði lært all-mikið við að hjálpa gamla mannum að stunda veika og særða, því þegar hann var lítill drengur var hægt að nota hann til þess að setja saman meðöl, gefa inn, binda um sár og beinbrot, o. s. frv. Gamli maðurinn gekk því inn á að kenna Páli leyndardóma læknisfræðinnar, og

Larún var ásáttur með það. Ungi maðurinn var bráðlega leikinn í þessari nýju íþrótt sinni, og þegar hér er komið sögunni hafði hann stundað þá veiku í tvö ár, og skipverjar höfðu gilda ástæðu til að vera þakklátir fyrir þá stund þegar þeir fengu nýja sáralæknirinn.

Miðdagsmaturinn var borðaður, og þegar kaffeinninn kom aftur upp á þilfarið sá hann, að byrinn hafði aukist. Hann stanzaði hjá kompáskýlinu til þess að líta eftir áttum, og rétt í því skýrði varðmaðurinn í reiðanum frá því, að hann sæi til skips. Í sama vetfangi var fjöður og fit uppi á þilfarinu, og kaffeinninn hljóp eftir sjónaukanum sínum og fór fram á í snatri.

„Hvar er skipið?“ hrópaði kaffeinninn.

„Þrjú kompásstryk á stjórnborða,“ svaraði maðurinn í reiðanum.

„Hvernig lítur það út?“

„Það get eg ekki séð.“

„Hafðu auga á því. Heyrðu, Storms, farðu upp í reiðann með sjónaukann þinn og hjálpaðu til að hafa auga á skipinu.“

Annar undirforinginn tók sjónauka sinn, og fór upp, en kaffeinninn gekk að stýrinu, þar sem Páll stóð við hliðina á stýrimanninum.

„Jæja, Páll, hvaða skip heldurðu að nú sé á ferðinni?“ sagði hann.

„Kannske kaupfar,“ svaraði ungi maðurinn, og fór hrollur um hann.



„Getur verið, og getur verið ekki. Við erum á þeim stöðvum nú, sem slík skip eiga ferðir um; en það er annar kunningi að slaga sig um þessar slóðir.“

„Enskt herskip, áttu við?“

„Já. Hvernig þætti þér að komast í kast við þess konar skip?“

„Það yrði þá ekki það fyrsta,“ svaraði ungi maðurinn, án þess honum brigði hið minsta.

„Satt er það; en hugsast gæti, að við ættum ekki að ná til Silfurfjarðar. Hvernig mundi þér falla það?“

Hrollur fór allra snöggvast um Pál allan, en það var fremur af gremju en ótta, og á næsta augnabliki svaraði hann með kulda brosi:

„Við skulum geyma að hugsa um Silfurfjörð þangað til við erum orðnir vissir um að komast þangað,“

„Vel svarað, sonur minn,“ sagði kafeinninn, og gekk í burtu.

„Sonur!“ tautaði ungi maðurinn við sjálfan sig, og leit á eftir hinum skuggalega manni. „Það veit sála mína eg trúi því ekki, að maður þessi sé faðir minn! Eg hef aldrei trúað því. Blóð hans hefir aldrei runnið í æðum mínum. En, hvers blóð rennur þar þá?“

Páll komst aldrei lengra en að spurningu þessari. Hann lagði hana oft fyrir sjálfan sig, en fékk aldrei neitt svar.



„Hó!“ kallaði annar undirforinginn rétt í þessu sem staðið hafði uppi í reiðunum með sjónauka sinn. Skipið hefir rásiglingu, og stefnir á okkur.“

„Er það alt og sumt!“ sagði kasteinninn.

„Já.“

Í fimtán mínútur gekk kasteinninn þegjandi um gólf á aftur-pilfarinu, og svo kallaði Storms, og sagði, að skipið liti út fyrir að vera herskip.

„Það er ágætt,“ sagði Larún, mjög rólega. „Við skulum komast eftir hvað óttalegt það er þur en við leitum undan. Ben—“

Gamla skyttan kom í skyndi, og lyfti húfunni.

„Það er bezt þú komir Saladín gömlu í stellingar, og komir upp með nokkurar pillur.“

„Já, herra minn,“ svaraði Ben. Og að því búnu hraðaði hann sér í burtu, og kallaði aðstoðarmenn sína.

Langa fallbyssan hafði verið látin heita eftir hinum nafnfræga serkneska soldán. Að lítilli stundu liðinni var búið að fletta ofan af henni segldúknunum og fylla skothylkið við hliðina á henni. Kúlurnar, sem hafðar voru í fallbyssu þessa, voru einkennilegar; þær voru keilumyndaðar og settar í aðskornar leðurumbúðir. Fallbyssuna sjálfa hafði Ben gamli látið búa til eftir sinni eigin fyrirsögn. Hlaupið hafði verið steypt í tvennu lagi, og litu partarnir út eins og byssa,

væri klofin í tvent frá enda til enda. Langseftir hvolfinu á hverjum helming voru gerð gróp og feldar í þau fjórar stál-lengjur, sem náðu hér um bil þrjá sextánda úr þumlingi inn í hvolfið. Partar þessir voru síðan mjög nákvæmlega kveiktir saman, og fallbyssan síðan steipt utan yfir hlaupið. Hingað til hafði fallbyssan aldrei gefið sig, og var handhæg eins og vanalegur riffill. Kúlurnar voru svo fastar í leðurumbúðunum, sem saumaðar voru á úr teygðu, blautu leðri, að snúningshreyfing komst á þær (kúlurnar) svo þær fóru beinna, og svo vel reyndust þær, að gamla skyttan skaut sjaldan feilskot jafnvel þegar hann gerði sér minstu vonir.

Langa fallbyssan var hlaðin, og kúlunni þrýst vandlega inn, og svo settist Ben Morton niður á sporið hjá henni og beið frekari fyrirskipana.

Að hálfum klukkutíma líðnum kom annar undirforinginn niður á þilfarið, og sagði, að skipið væri ensk stríðs-skúta.

„Takið saman ytra ráseglið á stjórnborða!“ skipaði kaffeinninn. „Við skulum sigla okkar eigið stryk með eins mikilli ferð eg hægt er, og ef þeim er ant um að ná í okkur, þá geta þeir reynt það.“

Seglið var tekið saman, og bráðum stefndi briggskipið beint í vestur, nákvæmlega eins og ferðinni var heitið, jafnvel þó Lárún hefði hugsað

sér að koma við í Tobago ef ekkert tálmaði því.

Klukkan var nú hálfgengin tvö, og sáust nú lægri rárnar á herskipinu frá þilfari briggskipsins, en maðurinn í reiðanum gat séð þilfar herskipsins í sjónauka undirforingjans. Hann sagði, að skipið væri *koretta* af öðrum flokki, og hefði tuttugu og fjöggra punda *karronade*-fallbyssur.

„Þá brennir hún á sér fingurna ef hún snertir okkur,“ hrópaði gamla skyttan. „Hamingjan hjálpi vesalings konungholla skrokknum á henni; eg get skotið hana í sundur ögn fyrir ögn áður en hún kemst nógu nálægt til þess að vinna okkur nokkurt mein með kúlum úr þess konar fallbyssum.“

Strax þegar skipverjar heyrðu hvers konar skip það var, sem út leit fyrir, að vildi nú í þá, þá brostu þeir hver framan í annan og kinkuðu kolli, því þeir þóttust vissir um, að gamli Ben mundi lama það áður en það gæti unnið þeim nokkurt tjón.

Þegar briggskipið breytti stefnu sinni, þá var tekið eftir því, að herskipið gerði hið sama, og syndi með því, að það ætlaði að veita eftirför. Hefði ræningjaskipið siglt suður á við, þá hefði það hæglega getað komist undan, því það var auðsjáanlega betra gangskip, en það var ekki tilgangurinn. Á þann hátt hefði skipið gert krók á sig, og Marl Larún hafði vissar ástæður til að vilja n.



sem allra fyrst heim til sín. Ennfremur bar hann dauðlegt hatur í brjósti til alls tilbeyrandi brezku stjórninni, jafnvel þó hann væri sjálfur fæddur á Englandi, og hann hafði heitstrengt það, að flýja aldrei undan brezkri stríðs-snekkju ef mögulegt væri.

Loksins sást reykjarkúfur stíga upp frá þilfari herskipsins, og rétt á eftir heyrðist skothvellur.

„Það er bending til okkar um að draga upp skipsflaggið,“ sagði Langley.

„Já,“ svaraði kasteinninn, og það er best að draga það strax upp. Þeir skulu sjá það, að við hvorki skömmumst okkar né erum hræddir að sýna undir hvaða flaggi við siglum.“

Að f um mínútum liðnum leið ofurlítill, saman vafin böggull upp í siglutoppinn, og strax eftir að hann var kominn upp, var umbandið leyst og breyddist þá flaggið út í golunni. Það var alsvartur grunnur með tveimur hvítum sverðum, sem mynduðu kross á miðju flagginu. Strax eftir að þessi ósvífni hafði verið synd, var aftur skotið á herskipinu, og í þetta skifti leit út fyrir, að kúlu hefði verið skotið, því eitthvað datt niður í sjóinn miðja vega á milli skipanna. En briggskipið hélt áfram leiðar sinnar og gaf þessari vinsamlegu bendingu engan gaum.

Skipin voru nú nálægt mílu vegar hvort frá öðru. Briggskipið, eins og áður hefir verið skýrt

frá, stefndi beint í vestur. Stríðs-skútan var nú því nær á hlið og stefndi í suðvestur, svo með þeirri stefnu hefði hún innan skamms komist á skotfæri með fallbyssur sínar, jafnvel þó briggskipið væri hraðskreiðara.

Ofurlítill stund leið, og voru skipverjar á ræningjaskipinu farnir að verða órólegir. Skútan var hvað eftir annað að senda ræningjaskipinu skot úr fallbyssunum í framstafninum, en þau komust aldrei alla leið. Larún stóð við hlið gömlu skyttunnar, og spurði hann, hvort ekki mundi vera reynandi að senda þeim eitt skot.

„Eg skal reyna,“ svaraði Ben, í mestu einfeldni, og í því hann svaraði, stóð hann á fætur og fór að miða fallbyssunni. „Eg ætla að senda þeim eitt skot af handahófi í þetta skifti,“ sagði hann ennfremur, eftir að hann hafði reiknað út fjarlægðina og bagrætt byssunni. Hann tók eldspitu og beið svo við, því hann hafði miðað aftan við skútuna til þess að ætla fyrir hraðamun skipanna. Með skarpkygni og glöggleik gætti hann að skotið briggskip-ins, og þegar byssukjasturinn stefndi hér um bil sex þumlunga aftan við fram-mastrið á skútunni, þá kveikti hann í. Það kom mikill hvellur, snöggur kippur, brak í öllum rúm skip-ins, og síðan þutu allir út að borðstokknum til þess að sjá, hvað gerst hafði. Gamli maðurinn beið með öndina í hálsinum eftir fréttum, og það glaðn-

aði yfir honum þegar hann sá skipverjana á skútunni þjóta upp í framreiðann.

„Þú hefir hæft fram-mastrið rétt fyrir neðan ráböndin,“ kallaði Storms, sem hafði brugðið upp sjónaukanum.

„Þá skulum við reyna aftur í sama stað, sagði Ben. Og svo fór hann aftur að hlaða.

Áður en hann var búinn að hlaða kom upp gleðiþóp á þilfari ræningjaskipsins yfir því, að skipverjar á stríðs-skútunni voru í mesta flýti að taka niður seglin af fram-mastrinu. Fremri toppseglin voru vafin saman og ránni hleypt niður; og það leyndi sér ekki, að mastrið svignaði allmikið til og frá. En Ben Marton gaf þessu engan gaum. Hann hlóð fallbyssu sína með mestu gætni, lét nákvæman skamt af púri og valdi kúlu, sem féll vel þétt. Þegar alt var til reiðu miðaði hann mjög nákvæmlega, og þegar hann bar eldspýtuna að, sást það á svip hans, að hann ætlaði einhverjum að gera grikk. Hann gerði það líka svikalaust, því varla var reyknnum létt upp þegar fram-mastrið á skútunni sást steypast fyrir borð með rá og reiða.

„Þetta nægir,“ sagði Larún, jafn rólega eins og ef hann hefði verið að láta hagræða seglum.

En skipverjar voru ekki jafn stilltir. Þeir æptu fagnaðaróp af öllum mætti, og þegar þeim fanst nóg komið af því, komust þeir aftur í sínrvanalegu stellingar. Ben Marton þurkaði vanda



lega upp fallbyssuna sína, bæði utan og innan, og breiddi síðan yfir hana segldúkinn; og Storms lokaði sjónaukann niður í umbúðirnar ofan á kompásskýlinu.

„Við förum til Tobago,“ sagði kaffeinninn.

Samkvæmt þeirri skipan var beygt tvö stryk norður á bóginn, og strengt á seglunum. Að tveimur klukkutímum liðnum sást ennþá til skútunnar, sem enga ferð gat haft vegna skemdanna á vissum hluta reiðans, sem hún hafði mætt svo skyndilega.

---

### III. KAPITULI.

#### BUFFÓ BURNINGTON.

Að kveldi hins annars dags eftir viðureignina við stríðsskútuna, lagðist *Plága Antilla eyjanna* við akkeri inni á ofurlitlum vog á suðurströnd Tobago-eyjarinnar. Á ströndinni stóð litið þorp af lágum einloftuðum kofum, og rétt niður við sjóinn, upp á dálitilli hæð, stóð allmyndarlegt hús. Þorpsbúar vissu hvers háttar skip briggskipið var, því að hér tók það vanalega allar nauðsynjar sínar; og hér átti það einnig spítala, og gaf mörgum þorpsbúum arðsama vinnu við hjúkrun, því hinir

særðu og sjúku höfðu vanalega fulla vasana af peningum og stóðu vel við að borga ríflega fyrir góða aðjúkrun.

Strax eftir að búið var að taka saman öll seglin og hreinsa þilfarið, lét Larún róa með sig í land. Það var komið myrkur þegar hann lenti við litlu bryggjuna, sem hlaðin hafði verið út frá mölinni og hann gekk rակleidis heim að húsinu á brekkunni, sem var hinn áminsti spítali. Þegar hann kom heim að svölunum kom gamli sáralæknirinn á móti honum—sami maðurinn, sem áður hafði verið sáralæknir á briggskipinu. Þeir gengu báðir inn í skrautlega viðhafnarstofu, sem lýst var með stórum hengilampa, og settust þar niður. Fyrst spurði Larún hvernig sjúklingunum liði, og var honum sagt, í almennum orðatiltækjum, að þeim liði vel eftir hætti.

„En hvað marga getur þú látið mig fá með mér?“ spurði sjóræningjaforinginn.

„Ekki fleiri en í mesta lagi fimm,“ svaraði læknirinn.

„Það er nauðsynlegt fyrir mig að fá fleiri.“

„Menn þínir hafa þá enn einu sinni týnt tölunni?“

„Nei; eg hef sjötíu og fimm manns á skipi, auk Páls og mín.“

„Hvers vegna er þetta þá svo ársíðandi?“

„Eg skal segja þér. Eg er að hugsa um að

fara í vissa ferð ef eg get fjölgað mönnunum. Það er meira um gull á landi en á sjó úti. Meðfram ströndum Valencia-vatnsins býr fjöldi af maura-púkum, sem eiga gull í tunnutali og sem mér er ágirnd á. Skilur þú nú hvað mér gengur til?“

„Já,“ svaraði læknirinn, og var eins og eldur brynni úr augum hans, því umhugsunin um slíkt ránsfé færði nýtt líf um hann. „En nægir þér ekki sá mannaflí, sem þú hefir?“

„Eg býst við það verði svo að vera. Þú hefir ekki fengið neina nýja umsókn um skiprúm frá neinum?“

„Ó, jú; eg var búinn að gleyma því. Jú, eg hef fengið eina nýja umsókn, og eg býst við, að maðurinn sé hér við hendina. Eg sagði honum, að briggskipið kæmi hér bráðlega að öllum líkindum, og hann gæti ef til vildi komist á það ef hann vildi vinna til að bíða.“

„Veit hann undir hvaða flaggi við siglum?“

„Já.“

„Hvernig komst hann eftir því?“

„Hjá einhverjum, sem á skipinu hefir verið. Eg tók svo eftir, að þeir hefðu fundist í fangelsi.“

„Það er nokkuð einkennilegt að finna menn, sem hjá okkur hafa verið, á slíkum stað,“ sagði Larún, hlæjandi. „En hvernig náungi er þetta?“

„Svo eg segi satt og rétt frá, þá get eg ekki lýst honum. Þú verður að vera rólegur þangað



til þú sérð hann. Eg skal strax senda eftir honum.“

Í því læknirinn sagði þetta, hringdi hann klukku, sem stóð á borðinu hjá honum, og að vörmu spori kom inn drengur.

„Jón,“ sagði gamla „beinasögin,“ „þú manst eftir eineygða manningum, sem hérna hefir komið?“

„Já, herra minn.“

„Gott; hann er líklega hjá Madalín gamla. Hlaupu ofaneftir og segðu honum að koma upp hingað.“

Drengurinn lofaði að flyta sér, og fór leiðar sinnar.

Þegar drengurinn var farinn, sagði Lajún gamla lækninum frá síðustu ferðinni og hver árangurinn hefði orðið. Frásagan lýsti því, að á ferðinni hafði verið úthelt miklu blóði og mikið herfang fengist. Eftir svo sem hálfan klukkutíma kom drengurinn aftur, og með honum ókunnugi maðurinn. Hann haltraði inn í stofuna svo stíðlega, að ekki leit út fyrir, að hann mundi verða mjög liðugur í snúningunum þó á lægi. Ræningjaforinginn gat ekki stilt sig um að brosa þegar hann horfði á aðkomumann, þó útlit hans mundi fremur hafa orðið ístöðuminni mönnum til ótta en gamans.

Maðurinn, sem þarna kom fram á skoðunarplássið, var að öllu leyti mjög einkennilegur. Hann

var gamall maður—það er að segja, það var komið fram yfir hádegi æfi hans—líklega eitthvað hálf-sextugur—nokkuð lotinn, en ekki þó svo mikið að hægt væri að segja, að hann hefði kryppu úr bakinu. Hann var meðalmaður á hæð þegar hann stóð sér sem þægilegast, en hærri en í meðallagi ef hann stóð einungis á hægri fætinum, sem var nálægt tveimur þumlungum lengri en hinn fóturinn og af því leiddi það eðlilega, að hann var styrður í öllum hreyfingum. En þó var andlit hans ennþá einkennilegra; hann hafði mist annað augað—hið vinstra—og skinnið umhverfis tómu augatóttina var mjög afskræmt, er gerði hann í mesta máta óálitlegan. Hárið var stutt og hrokkið, og skolorautt á lit, en andlitið var því nær eins dökkt og á Indverja. En svo hafði hann nokkuð til síns ágætis: Hann var mjög þrekinn og sterklega vaxinn. Brjóstið, herðarnar og handleggirnir var eins og á jötun. Hið einkennilegasta við andlitið, næst tómu augatóttinni með ógeðslegu umgjörðina, var eina augað, sem hann hafði. Maður hefði búist við, að augað væri ljóst, í samræmi við háralitinn, en því fór fjarri. Þetta eina auga var dökkt eins og dökkvasta heslíviðarhnot, og logaði og tindraði með óvanalegum krafti og fegurð. En hvað annað gat það verið í útliti mannsins, sem gerði það svo einkennilegt? Óefað hlaut það að vera eitthvað annað—eitthvað, sem var óvanalegt við.

mannsandlit—eitthvað, sem í það vantaði eða var umfram. En hvað var það? Marl Larún hafði tekið eftir tómu augatóttinni, tindrandi auganu, dökkva hörundslitnum, og grófa, hrokna hárinu. Maðurinn var rakaður, svo ekkert skegg var til þess að gera andlitið enn þá einkennilegra, eða þá hitt, að þar hefir a'drei neitt skegg vaxið; en hið síðara er ástæðulaus getgáta, því þeir, sem honum höfðu verið samtíða, höfðu heyrt skegghníffinn ganga um andlitið á honum eins og verið væri að yrja hrís. Larún ásetti sér að hætta ekki fyrr en hann uppgötvaði það, sem gerði malninn svona einkennilegan í útliti, og það tókst: Hann hafði hárlausar augnabráunir!

En Marl Larún var ekki sá eini, sem horfði með athygli á mannsandlit, því komumaður horfði með engu minni ákafa í andlit hans, og sýndist engu síður sokkinn niður í verk sitt en ræningjaforinginn.

„Er það satt,“ tók sjóræningjakafteinninn til máls, og sýndist verða að herða sig upp til þess að tala, „að þú viljir fá skiprúm hjá mér?“

„Já,“ svaraði aðkomumaður, í hörðum, ruddalegum málrómi.

„Og þú veizt hvers konar starf þér yrði ætlað?“

„Að hlýða fyrirskipunum, býst eg við.“

„Einmitt það. Mér líkar vel þetta svar þitt það veit sá, sem alt veit. En um hvað heldur þú



að fyrirskipanirnar hljóði helzt.“

„Gull! gull! Kannske blóð! En gull umfram alt annað!“

Marl Larún hrökk við þegar hann heyrði þessi orð, því þau voru töluð í svo einkennilegum tón. Og ókunni maðurinn horfði svo undarlega á hann þegar hann talaði þetta. Hinum djarfa sjóræningja hafði aldrei brugðið áður þó hann væri horft.

„Þú talar hranalegar en beinlínis er nauðsynlegt,“ sagði hann, í málrómi, sem fremur bar vott um, að honum hafði ekki geðjast sem allra best að síðustu orðum hans.

„Ó, mikil ósköp! Eg get talað eins blíðlega og þér sýnist,“ svaraði undarlegi maðurinn strax, brosandí—og það var líka eitthvað blíðlegt við brosið. „Og,“ sagði hann ennfremur, „eg get verið hógvær eins og lamb.“

„Ert þú vanur við sjóinn?“

„Já, herra minn.“

„Kantu að taka saman segl, rifa og stýra?“

„Já, herra minn; og alt, sem til siglinga lýtur.“

„Kantu að halda á saxi?“

„Reyndu mig.“

„Við skulum sleppa því í bráðina. Hvað heitir þú?“

„Buffó Burnington.“

„Skrítið nafn,“ sagði Larún, og starði á hann.

„Já,“ svaraði hinn, ofur rólega, „og sumu jólki þykir eg vera skritinn maður.“

„Þykir því það?“

„Eg held það.“

Larún virti þennan nýja mann fyrir sér þegjandi nokkur augnablik, en hann gat ekki horft á hann með stöðugu augnaráði, því það var eitthvað það við þetta eina auga, já, við manninn allan, sem honum féll ekki.

„Kannske þú hafir séð mig einhverntíma áður?“ sagði kaftinninn, með yfirskins léttúð, en það skein engu síður bæði út úr augnaráði hans og mæli, að það, sem hann spurði um, var honum mikið áhugamál.

„Eg held eg hafi séð þig áður.“

„Einmitt það! Hvar?“

„Á Englandi.“

„Hvar þar?“

„Eg held helst í London.“

„Manstu við hvaða tækifæri?“

„Já,“ svaraði Burnington, og starði framan í Larún; „það var á þeim tíma, sem þér var borinn maturinn inn í svefnherbergi þitt.“

„Hvað segirðu?“

„Þegar þú varst í fæði hjá fanga—“

„Hættu!“ hrópaði ræninginn, og stökk á fætur „þetta nægir. Viljir þú fara til manna minna, og skrifa undir vistarsamningana, þá máttu fara m

okkur upp á sömu kosti og kjör eins og hver annar. Við erum sjóræningjar.“

„Eg vissi það.“

„Hvernig vissir þú það?“

„Eg hitti mann í Kingston á Jamaica, sem hafði verið með þér, og hann vísaði mér hingað.“

„Manstu hvað hann hét?“

„Hann fékst ekki til að segja til nafns síns.“

„Það var gott. Ertu tilbúinn að fara um borð?“

„Eg get verið tilbúinn innan hálf tíma.“

„Hraðaðu þér þá, og að hálf tíma liðnum finnur þú mig hér.“

Þegar Buffó Burnington var genginn fram úr stofunni, hringdi Larún borðklukkunni, og sami drengurinn kom inn aftur.

„Jón,“ sagði kaffeinninn, „farðu og hafðu gætur á manni þessum. Fylgdu honum vandlega eftir, og mistu aldrei sjónar á honum. Reyni hann að fara burtu úr þorpinu, þá komdu hingað aftur eins fljótt og þú getur.“

Drengurinn hneigði sig einungis, og hlýddi strax skipaninni. Þegar hann var farinn, studdi Larún olnbogunum fram á borðið, og haldi andlitið í höndum sínum. Þannig sat hann nokkurar mínútur án þess að gefa manninum sem hjá honum sat, hinn minsta gaum.

„Viltu láta þessa fimm menn fara um borð í kveld?“ spurði læknirinn loksins.



En kaffeinninn svaraði engu orði. Eftir svo sem tvær mínútur spurði gamli maðurinn aftur:

„Viltu láta þessa fimm menn fara um borð í kveld?“

Það leit út fyrir, að Lárún hefði heyrt einhvern tala, því hann reisti höfuðið upp, og hrökk síðan upp af stólum; en hann svaraði engu, og fór að ganga um gólf í ákafa.

„MacLúra,“ sagði hann loksins, og nam staðar rétt frammi fyrir sáralækninum, „hvað lengi hefir maður þessi verið hér?“

„Vikutíma.“

„Og sagðist hann heita þetta fyrst þegar hann kom?“

„Já.“

„Þetta hljóta þá að vera einhverjir ástæðulausir kenjar, sem hafa gripið mig.“

„Finst þér kannske, kaffeinn, að þú hafa séð mann þennan áður?“

„Eg veit ekki. Hann litur undarlega út, þykir þér ekki?“

„Það gerir hann óefað; og hann er maður, sem eg ímynda mér, að maður sé ekki líklegur að gleyma eftir að hafa einusinni séð hann.“

„Það er líka satt. Eg hef aldrei séð hann áður—auðvitað hef eg aldrei séð hann—en hann minnir mig samt á einhvern mann, sem eg hef séð. Eg er sannfærður um, að það er alt og sumt.“

Aftur fór ræningjaforinginn að ganga um gólf í stofunni, og því hélt hann áfram þangað til drengurinn kom aftur og sagði, að maðurinn, sem sér hefði verið sagt að hafa gætur á, væri aðeins ókomiinn,

„Eftir á að hyggja, læknir, þú varst eitthvað að segja um þessa fimm menn—“

„Já. Eg var að spyrja, hvort þú ætlaðir að taka þá um borð í kveld eða ekki.“

„Nei. Eg skal koma eftir þeim í fyrramálið.“

Rétt í því hann slepti orðinu opnuðust stofudyrnar, og Buffó Burnington kom inn og sagðist vera til að fara um borð. Aftur starði Larún á þetta kynlega, ljóta andlit, en hann varð engu nær, hvernig sem hann braut heilann, og litlu síðar bauð hann aðkomumanni til sætis, og gaf síðan bending um, að hann vildi fá að sjá mennina, sem voru orðnir nógu frískir til þess að fara á skip. MacLúra stóð á fætur gekk fram úr stofunni á undan honum, og þegar þeir voru farnir, og búnir að loka dyrunum á eftir sér, stökk Burnington á fætur og þrammaði yfir um þvert stofugólfid. Hann var með spentar greipar, og eldur brann úr auga hans. Hann gekk ekki mikið um, því vegna heltinnar tók mikið undir í stofunni þegar hann gekk, og hann stóð því dálitla stund í sömu sporum á miðju stofugólfinu.

„Það veit sá, sem alt veit,“ tautaði hann við

sjálfan sig, og gengu til á honum hendurnar eins og hann væri að reyna að rífa eitthvað sterkt í sundur, „að þú heldur, að við höfum sézt áður! Ha, ha, Marl Larún, eg stend betur að vígi en þú. Ógæfan hefir farið vægðarlaust höndum um líkama minn, og hún hefir leikið mig þannig, að jafnvel þú þekkir mig ekki á bak við grímuna, sem hún hefir varpað yfir mig. Það veit hamingjan, að við skulum hafa skemtilega ferð saman!“

Þegar hann hafði lokið þessu eintali sínu, settist hann niður aftur, og þó auga hans blikaði, þá var einhver alvarlegur áhugasvipur á dökkva andlitinu hans. Hann sat með stóru hendurnar krosslagðar í keltu sinni og horfði beint niður fyrir fætur sér, og þannig sat hann þegar Larún kom aftur.

„Jæja, hetjan mín, við skulum þá hafa okkur niður til sjávar,“ sagði kasteinninn. „Hvar er flutningur þinn?“

„Úti fyrir dyrunum,“ svaraði Burnington og stóð á fætur.

Larún gekk út á undan, og á súlnagöngunum sá hann liggja all-stæðilegan poka. Burnington fleygði pokanum léttilega á herðar sér, og síðan gengu þeir báðir niður á bryggjuna, og gekk Larún altaf nokkur fót mál á eftir. Hvort hann gerði það af ótta við nýja manninn eða af einhverjum vanakenjum, er ekki hægt að segja.

vi  
sk  
ili  
rú  
set  
um  
mi

kor  
að l  
han  
held  
bren

og þ  
han  
fyrr  
en h  
hafi  
get e



Bátturinn var við hendina, og innan skamms var halti sjómaðurinn kominn upp á þilfarið á skipinu, sem hann hafði ákveðið að gera að heimili sínu. Seglgerðarmaðurinn lét hann fá hengirúm, og undirforinginn gaf honum númer til að setja á það. Einungis fáir skipverjar voru á fótum, svo hann komst til náða án þess honum væri mikill gaumur gefinn.

Buffó Burnington var þannig ráðinn í hverskonar leiðangur, sem herra hans þóknaðist helst að leggja út í, enda leit hann ekki þannig út, að hann mundi láta sér neitt fyrir brjósti brenna, heldur stæði engu meiri ótti af byssukjaftinum en brennivínsstaupi.

Og Marl Larún hafði fengið sér nýjan mann, og þegar hann var seztur að í káetu sinni þá sat hann lengi og reyndi að ryfja upp eitthvað frá fyrri tímum. Síðustu orðin, sem hann sagði áður en hann sofnaði, voru: „það fer ekki hjá því, að eg hafi séð hann áður. Ó, hversvegna—hversvegna get eg ekki komið honum fyrir mig?“

*Arnþjótur B. Olsen*

---

## IV. KAPITULI.

## SLYS.

Næsta morgun var mikill gauragangur og forvitni á meðal skipverja. Núi maðurinn hafði komið upp á þilfar, og var það í fyrsta skifti, sem þeir höfðu séð hann.

„Það veit sá, sem allt veit, að þetta er ein-kennilegur náungi, eða sýnist þér það ekki?“ sagði einn þeirra við þann sem næst honum stóð—þeir, eins og allir hinir, höfðu verið að virða Buffó Burnington fyrir sér.

„Er hann það þó ekki?“ svaraði hinn, og lagði mikla áherzlu á orðin.

„Jú, það er hann víst,“ sagði hinn fyrrnefndi, „og þú getur bölvað þér upp á það, að hann hefir krafta í köglum. Sérðu handleggina á honum, og hálsinn, og herðarnar? Og líttu bara í þetta eina auga? Eg þori að leggja hausinn á mér í veð, að hann er harður í horn að taka.“

„En sérðu hvað rólegur hann er? Svei mér sem það lítur ekki út fyrir, að hann hafi átt hér heima alla sína æfi.“

„En tekurðu eftir öðru dálitlu?“ segði

mjög lágum rómi, kinkaði einkennilega kolli og deplaði augunum. „Tekurðu eftir hvernig kaft-einninn lítur til hans? Líttu bara á. Aðgættu ná gamla Marl, þegar hann rekur glirnurnar í hann. Sástu það?“

„Ja, hvort eg sá það. Eins og eg hafi ekki alt-af veitt því eftirtekt.“

Samtal áþekt þessu fór fram, um alt þilfarið, eg á meðan var Buffó Burnington að röltu um þilfarið á bakborða. Loksins var kallað á menn til að gefa þeim hressingu, og þegar þeir voru búnir að raða sér í hring um drykkjarstampinn kom kaft-einninn og gaf vistastjóra bending um að bíða ögn við áður en hann skamtaði vínið.

„Menn mínir,“ sagði Larún, og ávarpaði alla skipverja, „þið hafið hér eignast nýjan félagsbróður, sem eg ætla að gera ykkur kunnugan svo hann geti náð kunningsskap ykkar og vináttu, *Buffó Burnington*—og eg vona, að kunningsskapur þessi verði okkur öllum til góðs.“

Eftir að kaft-einninn hafði lokið máli sínu, og var farinn aftur á, þyrptust mennirnir utan um þennan nýja félaga þeirra og réttu honum hendina. Alt útlit mannsins breyttist í einu vetfangi; hlylegt bros lék á dökkva andlitinu, og það var eins og maður gleymdi því í svipinn hvað afskræmt andlitið var. Svo drukku menn víablöndu sína og settust síðan niður til morgunverðar, sem fram-



reiddur var á borðdúkum, er breiddir voru á milli fallbyssanna á efra þilfarinu.

Nálægt klukkutíma síðar stóð Burnington hjá kompásskýlinu þegar Páll Larún kom upp úr káetunni. Ungi maðurinn hrökk við af undrun þegar hann sá þessa einkennilegu mannsmynd, og horfði síðan forvitnislega til kasteinsins. Marl skildi strax þessa þegjandi spurningu, og gekk til hans og sagði:

„Páll, þetta er nýr maður—Buffó Burnington.“

Maðurinn snéri sér snögglega að Páli, og horfði með svo mikilli ákefð á hann, að það var eins og neistar hrykki úr auga hans.

„Burnington,“ sagði kasteinninn ennfremur, „þetta er sáralæknirinn okkar.“

„Og sonur þinn, skyldi eg ímynda mér ef eg mætti dæma eftir útliti hans,“ svaraði Buffó, og leit frá einum til annars. en sérstaklega sýndist hann aðgæta útlit unga mannsins.

„Já, já,“ svaraði Larún, með ánægjusvip, sem hann ekki reyndi hið minsta að leyna, því þetta var í fyrsta skifti sem svona athugasemd hafði heyrst af nokkurs manns munn. „Svo þér sýnist hann líkur mér!“ bætti hann við, svona blátt áfram.

„Það er enginn vafi á því, að ykkur svipar saman,“ svaraði Burnington; að minsta kosti nóg til þess að sýna, að þið tilheyrið sama ættstofni.“

„Það gerum við líka—það gerum við,“ tautaði Marl, og horfði framan í Pál með skuggalegu brosi; en Buffó horfði brosandí á meðan framan í Marl—og brosi hans var þannig, að fleiri en einn furðuðu sig á því hvað það gæti þýtt.

Páll snéri sér undan og gekk aftur að skutgrindunum; og það var auðséð á svip hans, að honum geðjaðist ekki að samtali þessn.

„Hamingjan góða, *finst* þér hann Páll vera líkur gamla manningnum?“ spurði Ben Morton, þegar urnington kom fram á og stanzaði hjá löngu fallbyssunni.

Gamli Ben starði framan í nýkomna manningnum á meðan hann lagði spurning þessa fyrir hann, eins og hann efaðist um, að honum hefði verið alvara með það, sem hann sagði við Larún. Ben hafði heyrt samtalið, og langaði nú til að vita í hverju þeim svipaði saman.

„Já,“ svaraði Buffó; „mér finst þeim svipa saman. Hvorugum þeirra svipar til hests, né hunds, hé höfrungs; þeir líta báðir út eins og menn. Heldur þú ekki, að kašteinninn sé af mönnum kominn?“

„Sé hvað?“

„Heldur þú ekki, að Marl Larún sé af konu fæddur?“

„Víst held eg það,“ svaraði Ben, sem nú fyrst skildi hann.

„Og þá ungi maðurinn? heldur þú ekki hið sama um hann?“

„Jú, víst er svo.“

„Eru þeir þá ekki báðir komnir af sama ættstofni?“

„Ha, ha, ha; svo þér finst þeir þá ekki vera líkir hvor öðrum?“ sagði gamla skyttan, sem nú skildi hvað átt hafði verið við með því, sem virtist vera svo mikil fjarstæða.

„Þeir eru líkir á sama hátt og manni svipar til manns, en frekar ekki!“ svaraði Burnington.

„Hvers vegna sagðir þú þá það, sem þú sagðir?“

„Eg hélt kaftéininum mundi vera ánægja að því að heyra, að nekkur dráttur í andliti hans líktist andliti þessa göfuglega ungmennis.“

„Nú kemur þú með það, félagi, það veit þó sá, sem alt veit.“ sagði Ben, og lagði mikla áherzlu á orðin. „Drengurinn er göfuglegt ungmenni. En það er þó það minsta. Hann er betri en hvað hann er fallegur. Hann er bara blátt áfram, þó þú kannske trúir því ekki, göfuglyndasta, góðgjarnasta, trúverðugasta og góðhjartaðasta ungmenni sem til er. Okkar á milli sagt—eg held þú þvaðrir ekki í því, sem þér er trúað fyrir——“

„Þegar eg þvaðra í því, sem heiðarlegur félagsbróðir minn trúir mér fyrir, þá skal eg fletta brjóst mitt klæðum og láta þig reka mig ígegn.“

Ben geðjaðist vel að svari þessu, og upp frá



þeirri stundu sýndi hann ókunna mannum einlæg vináttu merki.

„Eg ætlaði að segja,“ hélt hann áfram, og skimaði vandlega í allar áttir til þess að vera viss um, að enginn heyrði samtalið, „að eg skildi ekkert í því hvers vegna kasteinninn vildi láta jafn göfugt ungmenni lifa þessu lífi. Eg er nú orðinn gamall ræfill, og engum að miklu liði nema gömlu fallbyssunni hérna, og eg býst við að týna lífinu jafnhliða mér betri manni; en eg segi þér það satt, að eg hef komist við af að sjá Páli þröngvað til að taka þátt í okkar illu breytni, og jafnvel stundum hjálpa til illverka þó eg gæti lesið það út úr honum, að hann hefði megnasta óbeit á því.“

„Svo kasteinninn hefir þá þröngvað syni sínum til þess að vera í siglingum með sér?“

„Já; eg hef heyrt Pál biðja um að þurfa ekki að vera með, en það hafði ekkert að þýða. Marí þröngvaði honum ætíð til að fara með.“

„En hefir ekki drengurinn fengið tækifæri til að forða sér og strjúka?“ spurði Buffó, talsvert alvarlega.

„Jú, margsinnis, ef hann hefði viljað.“

„Hvers vegna í ósköpunum hefir hann þá ekki gert það?“

„Það stafar af gildri og góðri ástæðu,“ svaraði Ben í lágum rómi, og hrysti höfuðið. Hann leit í

kringum sig í því hann talaði, og sat síðan þegjandi í þungum þönkum.

„Hver er ástæðan?“ spurði Burnington, í hálfum hljóðum.

Það leið nokkur stund áður en Ben svaraði, en loksins sagði hann:

„Það er einhver, sem hann vill ekki skilja eftir, og sem hann á ekki svo hægt með að taka með sér.“

„Er hann hér á skipinu?“

„Er hver hér á skipinu?“

„Sá sem Páll vill taka með sér.“

„Ó, það er enginn hann.“

„Heldur kvenmaður?“

„Já; ung stúlka, sem heima á við Silfurfjörð. Ó, þú ættir bara að sjá hana. Þvílík fegurð! Herra minn hár! Jafn fallega stúlku hefir þú aldrei séð. Hún var ekki hærri en þetta þegar eg sá hana fyrst—“ Ben mátaði með hendinni á að gizka hálfþriðja fet frá þilfarinu— „og þá auk heldur var hún sú langfallegasta stúlka, sem eg hef nokkurn tíma átt kost á að líta. En nú er hún orðin fulltíða, og reglulegur engill.“

„Svo Páll vill þá ekki fara og skilja hana eftir?“

„Nei, því hún er aldrei snægð nema þegar Páll er hjá henni.“

„Hvað heitir hún?“

„Marja Delaný.“

Buffó Burnington gekk fram á og stóð fullan hálf tíma í sömu sporum, með höfuðið út af borðstokknum, og horfði niður í sjóinn; og það er ekki hægt að vita, hvað lengi hann hefði staðið þannig, ef ekki hefði verið kallað á hann og honum skipað ásamt öðrum á akkerisvinduna, til þess að vera til staðar þegar leysa sætti. Hann gekk að verkinu í hægðum sínum fyrst, en bráðlega komst hann í sama fjör og aðrir og vann verk sitt með ötulleik.

Það var rétt um hádegi þegar húið var að létta akkeri og koma því fyrir, og þegar öll segl voru komin upp var kallað á menn til að fá hressingu; og þeir, sem ekki voru á verði, fóru að borða miðdegismat. Vegalengdin frá Tobago til Silfurfjarðar var nálægt fimm hundruð og fimmtíu mílur, og stefnan var lítið eitt sunnar en í hávestur. Veðurstaðan var breytileg, því hæðirnar á Trinidad höfðu áhrif á staðvindana. Nú var allgóður byr á norðan og austan, sem fyllti öll seglin á stjórnborða bæði hátt og lágt.

„Maður þessi fer myndarlega að verki,“ sagði Langley æðsti undirforinginn, sem stóð við hlið kašteinsins í lyftingunni. Hann kinkaði koll í áttina til Burnington, í því hann sagði þetta, sem sat einsamall í sporvegi löngu fallbyssunnar.

„Eg vona hann reynist okkur nýtur maður,“ sagði Larún, og horfði á þennan lemtraða mann sinn



„Nógu sterkur er hann, ef til þess kemur,“ svaraði undirforinginn. „Hann getur dregið upp akkerið því nær hjálparlaust, og sé hann jafn röskur að berjast þá reynist hann mikils virði.“

„Kafteinninn svaraði þessu engu, heldur kom einhver þögn yfir hann, og hann stóð hugsandi og skotraði augunum í áttina til Burningtons. Eftir litla þögn tók Langley aftur til máls:

„Hvað var að fréttu á landi? Höfðu nokkurar stríðssnekkjur sézt á ferðinni?“

„Já, ein,“ svaraði Larún, og hrökk upp eins og af svefni. „Frönsk skúta hafði verið að sveima umhverfis eyna, en hún sigldi í burtu fyrir þremur dögum.“

„Er það víst, að hún hafi verið frönsk?“

„Svo sagði MacLúra, og mér þykir það trúlegt, því ýmsar þeirra liggja hjá Martinique.“

„Í hverja átt fór hún?“

„Eitthvað norður á bóginn.“

„Þá hittum við hana ekki.“

„Ef til vill ekki,“ svaraði Larún, og í því tók hann eftir einhverri ókyrð fram á.

Hann gekk hiklaust fram á, og var mikill reiðisvipur á honum; en þegar hann nálgast, sá hann, að ókyrðin hafði stafað af því, að gamli Ben hafði dottið niður af einni fallbyssunni í framstafninum, sem hann hafði staðið upp á til þess að horfa í land.

Fyrst leit út fyrir, að slys þetta yrði ekki nema hlátursefni fyrir mennina, því gamli Ben stóð óðara upp aftur og brosti. En brosið var óeðlilegt og draugalegt, og þegar hann ætlaði að ganga, þá skjögraði hann. Hann hafði komið á höfuðið niður á þilfarið, og það verið allmikið fall. Gamli maðurinn hafði ekki stigið nema örfá spor þegar hann baðaði handleggjunum út í loftið og féll endilangur niður á þilfarið aftur. Mennirnir þyrptust í kringum hann, og Buffó Burnington tók hann í fang sér eins og ungbarn, og bar hann aftur á.

„Hann hefir meitt sig talsvert mikið, er eg hræddur um,“ sagði Buffó, þegar hann nam staðar frammi fyrir Páli.

„Eg vona ekki,“ svaraði ungi læknirinn, og var eins og hann talaði við sjálfan sig, „því eg missi bezta vininn minn ef—“

Hann kláraði ekki setninguna, því þá kom kafeinninn að, og eftir hans boði var hinn meðvitundarlaus maður lagður á káetukappann og Páll skoðaði tafarlaust á honum höfuðið; hann sá hvar höggið hafði komið, en ekki gat hann séð, að hauskúpan væri biluð.

„Hvernig er meiðslið?“ spurði kafeinninn, þegar Páll var búinn að skoða það.

„Slæmt—slæmt!“ svaraði Páll.

„Er hauskúpan brotin?“

„Nei, en heilinn hefir orðið fyrir svo miklum hrystingi að allrar varúðar verður að gæta eigi það ekki að ríða honum að fullu.“

Þessi orð Páls höfðu sjáanleg áhrif á alla skipverja, því þeim var sárara um Ben en nokkurn annan mann í sínum hópi. Kafteinninn var ótta-sleginn og órólegur, því honum var full-ljóst, að ágæti löngu fallbyssunnar minkaði ef herra hennar misti við.

Að stundarkorni liðna raknaði gamli maðurinn við úr öngvitinu, og strax eftir að hann hafði áttað sig iðaði hann og hljóðaði af kvölum.

„Eg hef svo miklar kvalir í höfðinu!“ sagði hann, „það er eins og það ætli að klofna! Í guðsbænum reyndu eitthvað!“

Það fyrsta sem Páll gerði, var að baða höfuð mannsins með köldu vatni, svo gaf hann honum inn til hreinsunar—laxérsalt—og setti síðan blóðsugur á höfuðið. Þegar blóðsugurnar fóru að fyllast minkaði höfuðverkurinn; næst gerði hann honum heitt fótabað. Þegar blóðsugurnar voru búnar að draga alt það blóð, sem Páll áleit við eiga, lét hann bera sjúklinginn í rúm sitt, og setti mann til að gæta hans og halda umbúðunum um höfuðið blautum af sjóvatni.

Ungi maðurinn hafði nú gert alt, sem hann gat, svo nú var ekki um annað að gera en halda honum rólegum, og sjá hvort nokkur breyting

yl  
or  
se  
þa  
ha  
en  
nó  
að  
  
sjú  
og  
mu  
sne  
si  
  
að k  
  
  
ingu  
sáral  
hveru



yrði á veikinni. Um kveldið eftir að dimt var orðið var Ben ennþá með kvölum, svo læknirinn, setti blóðsugur á hann aftur, og hægði honum við það innan háltíma. Klukkan níu um kveldið gaf hann sjúklingnum góða inntöku af svefnmeðali; en veslings gamli maðurinn gat ekkert sofið um nóttina, því þvalirnar í höfðinu voru svo miklar, að svefnlyfið gat ekki haft verkanir sínar.

Marl Larún leit mjög áhyggjufullur eftir sjúklingnum, því nú var skyttan góða frá verkum og hann fór að velta því fyrir sér, hvernig fara mundi ef þeir kæmist í kast við hraðskreiða stríða snekkju, sem briggskipið gæti ekki forðað sér frsiglingu.

En hann grunaði ekki, hvað skamt þess yrði að biða, að til þeirra kasta kæmi.

---

## V. KAPÍTULI.

### ÓTTALEG ORUSTA.

Um sólaruppkomuna stóðu skipverjar í þyrpingu á aftur-þilfarinu og biðu óþreyjufullir eftir séralæknum, því þeim var mjög ant um að fréttu hvernig gömlu skyttunni liði. Páll kom upp á

þilfarið innan skamms og sagði skipverjum, að hann héldi, að Ben væri úr allri hættu, en það yrði nokkur tími þangað til hann yrði fær um að gegna starfi sínu; og svo það hann mennina að hafa eins lítinn hávaða og unt væri á þilfarinu.

Dagurinn leið og Ben var alt af jafn veikur, jafnvel þó Páll þættist viss um, að hann mundi komast til heilsu aftur ef ekkert óhapp bæri að höndum. Um kveldið voru blóðsugur settar á hann og honum gefið svefnlyf, en samt gat hann ekki sofð. Næsta morgun sást Margaríta-ströndin fram undan á stjórnborða; og til þess að nota straumana, sem bezt, var siglt allnærri landi. Vindurinn stóð á suðaustan og var leiðið allgott—það er að segja, gott tíu mílna leiði—frá því um sólaruppkomuna. Gamla Ben hafði ekki komið dúr á auga alla nóttina, en samt hafði nú dregið úr höfudverknum. Í fyrsta skifti síðan hann meiddist það hann nú um eitthvað til að borða. Páll lét gefa honum þunna súpu, en þorði ekki að láta hann fá megnari fæðu af ótta fyrir hitaveiki.

Nálægt ströndinni á Margaríta-eynni er laegur skagi eða höfði, sem liggur um tíu mílur til hafs. Klukkan nfu um morguninn var höfðinn nálægt fjórar mílur fram undan á hléborða; og þá lygndi alt í einu og vindurinn snéri sér í norðrið og stóð af landi ofan. Eftir stefnu skipsins hefði það farið um fjórðung mílu undan landi fyrir

höfðann, en Larún þekti álinn vel, svo hann óttaðist ekki grynningar. Klukkan hálfgingin tíu náði vindurinn sér aftur, svo skautið á stjórnborða var sett út, og eftir fimtán mínútur var höfðinn áveðra og ekki nema örfáa faðma frá skipinu.

„Segl hó!“ var alt í einu kallað upp í reiðanum með svo mikilli áfergi, að allir hrukku við.

„Skip! skip!“ kallaði sama röddin.

Og nú sást framseglíð á skipi, sem gnæfði upp yfir skagatána.

„Vendið skipinu í snatri!“ hrópaði ræningjakafteinninn. „Við skulum hleypa undan. Berið seglin yfir, fljótt!“

Eftir fá augnablik stefndi briggskipið í suðvestur, og þegar búið var að búa um stagina var það komið fram hjá skagatánni; og þar, í skjóli við háan bakka á vesturströndinni og minna en einn fjórða part úr mílu í burtu, var frönsk stríðsskúta undir öllum seglum og átti því nær beint undan til þeirra.

„Að fallbyssunum, hver einasti maður!“ skipaði Larún mjög æstur—, hver einasti maður, sem þar á að vera, en fari hinir og sæki öll smærri vopn. Hlaðið hverja skambyssu og allar riddarabyssurnar, og hver einasti maður taki sverð! Hlaðið!—fljótt!“

Allir skipverjar brugðu óðara við og gerðu íns og fy rir þá var lagt. Hver maður vissi, hvað



honum var ætlað að starfa. Tvær miðskips-fallbyssurnar voru færðar aftur á og festar þar á sínum stað, og rétt í því búið var að koma þeim fyrir kom skot úr framstafni franska skipsins. Kúlan þaut fram hjá, ofan við efri seglásinn, og gerði ekkert tjón.

„Borgið þeim nú í sömu mynd!“ grenjaði Larún.

Samkvæmt skipan hans var skotið af annarri fallbyssunni aftur á, en það gerði ekkert gagn. Næst kom skot frá stríðsskútunni, og féll sú kúlan þúur í sjóinn um tuttugu fet frá skipinu á stjórnborða.

Á meðan þetta forspil stóð yfir hafði vesaling Ben Marton komist í óttalegar geðshræringar. Strax þegar hann heyrði franskt herskip nefnt nafn hentist hann fram úr fletinu, og það var með hörkubrögðum, að Páll gat komið honum upp í rúmið aftur.

„Í öllum guðanna bænnum, eg verð að fara upp á þilfar!“ hljóðaði gamli maðurinn.

„Nú jæja,—farðu þá,“ svaraði læknirinn.

„Hjálpaðu mér upp!—Hjálpaðu mér upp!“ sagði Ben og stóð á öndinni, því hann fann, að hann gat ekki komist hjálparlaust á fætur.

„En til hvers væri það? þú gætir ekki staðið þó eg kæmi þér upp.“

Um tíma var gamli maðurinn ýmist óður og uppvægur eða hann bað Pál með góðu að hjálpa

sér, en loksins sannfærðist hann þó um, að ekkert lið gæti orðið að sér þó hann kæmist upp á þilfar, og leyfði hann þá Páli að léta sig upp í rúmið aftur.

Loks kom skot frá stríðsskútunni, sem lenti í skutgrindunum og drap tvo menn, sem stóðu þar hjá annarri fallbyssunni. Við atburð þann urðu sjóræningjarnir óðir og báðu þess allir í einu hljóði að mega leggja saman skipunum. Storms hafði verið upp í reiða með sjónaukann sinn og skýrði nú frá því, að á skútunni væru tuttugu fallbyssur, og á kúlunni, sem lenti í skutgrindunum, sáu þeir, að þær mundu vera gerðar fyrir tuttugu og fjöggra punda kúlur. Það leyndi sér heldur okki lengi, að skútan var frægasta gangskip—að minsta kosti í undanhaldi; það er samt ekki óhugsandi, að briggskipið hefði haft betur í nauðbeit.

Sjóræningjaforinginn lét skothríðina dynja úr fallbyssunum aftur á, og þær veittu talsverða áverka á stríðsskútunni, en ekki meiri þó heldur en byssur skútnar virtust geta endurgoldið í fullum mæli, því fjórða skotið eftir það, sem kom í skutgrindurnar, braut aðal-rána og snerti siglutréd.

„Legðu saman skipunum! legðu saman skipunum!“ æptu skipverjar til herra síns.

„Eg skal gera það, drengir mínir!“ svaraði kasteinninn eftir nokkura umhugsun. „Það lítur út fyrir, að skútan muni gera út af við skip okkar áður en við komumst undan. Það getur vel

verið, að á henni séu meira en helmingi fleiri menn en á skipi okkar, en eg treysti ykkur til að vinna sigur á þeim. Þegar eg segi ykkur að snúa upp í, þá gætið þess að hafa allar byssur og pístólur hlaðnar og á reiðum höndum.“

Rétt í þessu kom skot aftan í skut briggskipsins og trjáviðarbrotin fleygðust fram um alt þilfar, en enginn meiddist. Þá skipaði kaffeinninn að snúa upp í; og að vörmu spori lá skipið á móti vindinum með blaktandi framseglið, en afturseglið niðri eftir skotið frá skútunni, sem braut rána.

Riddarabyssurnar—og þær voru á annað hundrað—lágu allar hlaðnar innan við borðstokkinn þeim megin, sem auðsætt var, að skútan mundi leggjast að. Auk þess hafði hver maður tvær skammbyssur inn á sér og sverð í hendi.

Skipin voru nú komin svo nálægt hvort öðru, að hægt var að talast við á milli þeirra.

„Hver ræður fyrir brigg-skipi þessu?“ var kallað frá skútunni.

„Hér er hann!“ svaraði Larún.

„Hvar er skipsflagg þitt?“

„Það er niðri. Við höfum gefist upp.“

„Hver ert þú?“

„Eg hélt þú vissir það og værir að veita mér eftirför.“

„Þú munt vera *Plága Antilla-eyjanna*?“

„Já.“



„Þá skulum við særa á þér flugfjaðrirnar áður en langt um líður.“

„En þú verður að meðhöndla okkur eins og heiðarlegum manni sæmir. Við gefumst ekki upp nema þú lofir að meðhöndla okkur eins og stríðsfanga. Annars kjósum við fremur að falla við byssur okkar.“

„Bíddu hægur þangað til eg sé hvað þið getið gert,“ svaraði franski liðsforinginn, og í því hann svaraði lét hann leggja stríðsskútunni að á hléborða.

Flestir Frakkarnir voru annaðhvort við kanónugötin eða á gægjum yfir borðstokkinn af forvitni, til að sjá þessa sjóræningja, sem öllum stóð ótti af og nú leit út fyrir, að væru loksins orðnir fangar. Það sáust að minsta kosti eitt hundrað mannshöfuð, og ræningjaforinginn sá, að nú var hentugur tími til að veita fyrsta áverkann. Menn hans voru vel vandir og vissu hvernig þeir áttu að haga sér. Þeir voru allir beztu skyttur, og sérhver þeirra var á sínum stað og vissi hvernig hann átti að haga skoti sínu til þess að ekki yrði mörgum skotum eytt á sama manninn.

„—s-s-s!“ hvæsti kaffeinninn í svo ákveðnum og skerandi rómi, að það heyrðist um gjörvalt þilfarið.

Skipverjar söfnuðust, hver á sinn stað og hugsuðu sér skotmark sitt.

„Einn!—Tveir!—Drír!—Skjótíð!“

Við fyrsta orðið beygðu menn sig niður að byssum sínum; við annað orðið drógu þeir upp byssuhanann og komu sér í stellingar; við þriðja orðið spruttu þeir upp og miðuðu; og svo skutu þeir. Alt var þetta gert á örfáum mínútum, og af veininu sem upp reis á þilfari skútunnar, mátti ganga að því vísu, að þar hefðu orðið áverkar miklir. Og hvernig átti það öðruvísi að vera þegar tillit er tekið til þess, að allar byssur ræningjanna voru valdar og þeir allir þaulæðar skyttur, og það svo hætist þar við, að mennirnir, sem þeir miðuðu á, voru í minna en tíu faðma fjarlægð?

„Skammbyssurnar! skammbyssurnar!“ hrópaði Larún. „Raðið ykkur meðfram borðstokkunum! Komið með festarnar! Krækið saman skipunum!“

En þeir þurftu ekki á festum að halda, því óðara og skipin komu nægilega nálægt hvort öðru kræktu hinir frönsku þeim saman og bjuggust til uppgöngu á briggskipið.

„—s-s-s!“ hvæsti ræningjaforinginn á ný. Þa merki könnuðust menn hans við og veittu honum nú nákvæma eftirtekt.

„Skammbyssurnar! Miðið þið vandlega! Skjótíð!“

Það var hleypt af sjötíu og tveimur skammbyssum á sama augnablikinu, og yfir 20 menn féllu

dauðir yfir á þilfar briggskipisins, auk þeirra, sem féllu útbyrðis og niður á þilfar skútunnar. En svo streymdu franskir hermenn upp á ræningjaskipið og skutu jafnframt í sífelli af smábyssum; en þó undarlegt megi virðast, þá gerðu þeir lítinu mannskaða, því það hafði komið svo mikið fát á þá við þessar óvæntu viðtökur, að þeir vissu ekki hvað þeir gerðu. Ræningjarnir aftur á móti tóku rólegir á móti hermönnum með sverðum sínum.

Allan þennan tíma hafði Ben Marton verið hamslaus, og þegar hann heyrði skothríðina og svo málróm Frakkanna, þá gekk hann úr öllum mannlegum ham. Loks heyrði hann aukið fótatak og vopnabrák, og vissi hann þá, að óvinaherinn væri genginn upp á skipið. Eins og örskot stökk hann upp úr rúminu, hratt Páli frá sér og hljóp upp stigann. Það, sem nú gaf honum þrek, var ekki annað en óráð og æði, og áður en ungi maðurinn gat neinu tauti við komið, var Ben kominn upp á þilfar. Páll gætti þess að taka sverð sitt áður en hann fór upp á eftir gamla manningum. Þegar hann kom upp var gamli maðurinn að fleygja frönskum liðsforingja útbyrðis og fór með hann eins léttilega og hvítvoðung. Þegar foringinn var kominn út í sjó, réðust þrjú vopnaðir Frakkar á gamla Ben. Páll feldi strax einn þeirra. Ben snéri á móti öðrum og náði af honum sverðinu, og sá þriðji réðst á Pál. Sá, sem á Pál réðist, var



karlmenni mikið og vopnfimur mjög eins og strax sýndi sig. Ben Marton gat strax gert út af við sinn mann, en svo gat hann ekki meira gert. Þessi eldur, sem blossaði allra snöggvast upp í sál hans, var nú útbrunninn, og vesalings Ben rak upp hátt andvarp og hné niður ofan á lík mótstöðumanns síns.

Aðal-bardaginn stóð miðskipa og fram á; hinir einu, sem áttust við fyrir aftan siglu, voru Páll og heljarmennið. Franski hermaðurinn bar sig að eins og hann ætti sigur vísan, en reynslan sýndi, að hann misreiknaði; ungi maðurinn var ekki einasta stiltur, hugrakkur og hraustur, heldur vel að sér í öllum vopnaviðskiftum. Hann mátti því fremur betur og hefði bráðlega unnið sigur ef fleiri ekki hefðu komið til sögunnar. Tveir menn höfðu staðið á þilfari skútunnar og horft á viðureignina, og þegar þeir þóttust sjá, að manni þeirra ætlaði að veita miður, hlupu þeir upp á brigg-skipið með sverðum og ætluðu að hjálpa honum. Páll sá til þeirra og færði sig aftur á bak að borðstokknum, en ekki hefði hann lengi getað varist þremur mönnum ef ekki hefði nýr maður komið honum til liðs. Páll var að bera af sér högg þegar á eitthvað glampaði yfir höfði hans og í sama vetfangi féll einn af óvinum hans klofinn í herðar niður, og áður en nokkuð var gert til að hindra aðgang aðkomumanns var annar fallinn. Í því leit Páll upp og á Buffó Burnington við hlið sér.

„Högg þú manninn,“ sagði þreklegi ókunni maðurinn, og benti Páli á Frakkann. „Hann er maðurinn, sem á þig réðist í fyrstu.“

Ungi maðurinn studdi sig við sverð sitt af þreytu. Hann var yfirkominn af því að halda Ben gamla í rúminu og því mjög illa fyrir kallaður. Strax og hann lét sverð sitt falla sótti Frakkinn að honum, en Burnington hafði gætur á öllu og óðara en hinn franski bjó sig til atlögu, lagði Burnington hann í gegn.

„Mr. Larún,“ sagði Burnington, „nú skal eg hjálpa þér til að bera Ben Marton ofan aftur og svo vona eg, að þú verðir þar hjá honum.“

„Kallaðu mig hvað annað, sem þér sýnist, heldur en þessu nafni,“ sagði ungi maðurinn snögglega í því hann vék sér að þar, sem Ben lá.

„Og hvað annað á eg að kalla þig?“

„Kallaðu mig Pál.“

„Gott og vel—við getum hugsað um það síðar; en nú skulum við koma Ben ofan; því bráðum fær þú nóg að gera. Bardaginn hallast á Frakkana og verður bráðum á enda.“

Án frekari orða báru þeir Ben ofan, og þegar Burnington kom upp aftur voru Frakkar að biðjast griða. Bardaginn hafði verið stuttur, en ákveðinn; eftir að höggorustan byrjaði voru Frakkar lítið fjölmennari, því eftir því, sem síðar sýndi sig, höfðu um fimmtíu fallið við fyrstu skothríf

ræningjanna og aðrir fimmtíu við skambyssu-  
skotin.

Strax þegar Frakkar báðust griða skipaði  
Marl Larún mönnum sínum að hætta atlögunni og  
var því hlýtt. Nálægt þrjátíu franskra manna  
stóðu lifandi uppi og voru þeir reknir saman í hóp  
á fram-pilfarinu. Þegar þeim var heitið griðum  
lögðu þeir niður vopn sín og voru þeir síðan allir  
settir í járn. Að því búnu kallaði Marl Larún  
saman menn sína og gáfu fjörutíu og sjö sig fram.  
Eftir því voru þrjátíu og þrjár annaðhvort dauðir  
eða svo mikið særðir, að þeir gátu ekki gegnt til  
nafns síns. (Menn muna, að sex mönnum var bætt  
við skipverja í Tobago.)

Næst lá fyrir að ryðja þilfarið. Hengirúm  
voru sótt yfir á skútuna til þess að sauma utan um  
líkin, og þrjár fangar voru látnir hjálpa við verkið.  
Næst var öllum gefin „hressing“ og svo var farið  
að grafa þá dauðu; og þegar öllu var lokið, var orð-  
ið áliðið dags.

Strax að affokinni máltíð fór ræningjaforing-  
inn með nokkura manna sinna yfir á stríðsskútuna  
til þess að sjá hvað hún hefði að geyma. Hann  
fann aðstoðargjaldkera skipsins og hjá honum  
fékk hann upplýsingar um, hvar hvað eina var.  
Til að byrja með fann hann yfir sjötíu þúsund  
dollara í gulli. Með það var fyrst farið. Næst  
lét hann flytja á skip sitt bæði vín og vistir, svo



skotvopn og skotfæri, segl, kaðla, sjókort, flögg og sjómælinga áhöld. Næst voru bátar skútunnar teknir niður og föngunum skipað í þá—öllum nema sjö, sem vildu ganga í þjónustu Larúns og voru teknir feginshendi. Hinum var sagt að róa beint til lands hið allra bráðasta; og þegar þessu öllu var lokið, var eldur lagður í skútuna á ýmsum stöðum.

Þegar ræningjarnir voru búnir að gera við stórseglið, var komið myrkur, og stóð þá stríðsskútan í björtu báli. Og svo sigldi *Plága Antilla-eyjanna* undir öllum seglum beint í vestur. Þegar verið var að setja næturvörð á brigg-skipinu, sprakk stríðsskútan í loft upp, og var þá ekkert eftir af þessu fari réttvísinnar annað en fáein hálfbrunnin flök.

---

## VI. KAPITULI.

## SILFURFJÖRDUR.

Páll hafði ekki eftir jafnmiklu að líta eins og við hefði mátt búast. Það voru einungis nokkur-ir skurðir og þeir lítilfjörlegir. Hann hafði eina sex menn á sjúkraskránni og þá lofaði hann að gera vinnufæra innan fárra daga. Gamla Ben var tví-sýnt um, og læknirinn fullvissaði hann um það, að um afturbata gæti alls ekki verið að tala ef ekki væri allrar varúðar gætt.

Að morgni hins þriðja dags eftir bardagann við frönsku stríðsskútuna sást land fyrir stafni, og klukkutíma síðar sást land á bakborða. Klukk-an tíu sáust ýmsar smáeyjar og fyrir miðjan dag var briggskipið komið inn á meðal þeirra. Þá var stýrt meira til suðurs, og þeim, sem ekki hafði áð-ur farið þessa leið, gat virzt þeir stefna beint á land upp. En bráðlega opnaðist mjótt sund á milli fasta landsins og stórrar eyjar og inn af því breið-ur fjörður. Állinn í sundi þessu var ekki fyrir ó-kunnuga, því að hér og þar bólaði á klettum í vatnskorpunni; en briggskipið komst inn með heilu og höldnu og tók þá við kringlóttur fjörður á að

gizk  
ekk  
ofur  
nær  
inu  
eyna  
ið á

Fjörð  
sextí  
kenn  
og þá  
þess,  
hafði  
átt ha  
mögu  
þegar  
tvær

„  
Buffó  
lag.

„  
stríðss  
búist

„  
dálftið

„  
og hor

gizka tíu mílur ummáls. En höfninni var enn þá ekki náð. Við fjörðinn austanverðan sýndist vera ofurlítill höfði, sem skagaði nokkuð fram, en þegar nær dróg, sást, að það var ey, sem stóð fyrir mynninu á öðrum litlum firði. Skipið sigldi inn fyrir eyna og litlu síðar lagðist það við akkeri við mynnið á allstórri á.

Þetta var Silfurfjörður, og áin hét Silfurá. Fjörðurinn er á Venezuela-ströndinni fimmtíu til sextíu mílur frá Porto Cabello. Hann var ein-kennilegur að því leyti, að þar var svo gott vígi, og það leit út eins og hann hefði verið skapaður til þess, sem hann var nú notaður til. Marl Larún hafði fengið fjörðinn hjá gömlum sjóræningja, sem átt hafði þar aðsetur til margra ára, og ekki er ómögulegt, að hinn núverandi eigandi hafi sagt satt, þegar hann sagði, að fjörðurinn hefði í því nær tvær aldir verið heimkynni sjóræningja.

„Hvað lengi verðum við hér, skipstjóri?“ spurði Buffó Burnington eftir að búið var að koma öllu í lag.

„Ef til vill í mánuð. Herfangið af frönsku stríðsskútunni leyfir okkur lengri hvíld en eg hafði búist við áður.“

„Og eg býst við, að við megum allir slá okkur dálítið frá?“

„Ert þú mikið áfram um það?“ spurði Larún og horfði vandlega á manninn.



„Ekki meira en eg er æfinlega áfram um að skoða  
Ókunnugt land,“ svaraði Buffó hreinskilnislega.

„Eg býst við, að þú fáiir að sjá það, alt sem þú  
kærir þig um.“

Síðan gekk kaffeinninn þangað, sem Páll stóð,  
og sagði við hann þegar hann var búinn að standa  
stundarkorn við hlið hans:

„Nú, nú, Páll, viltu fara í land með mér í  
kveld?“

Ungi maðurinn hrökk við, en hafi nokkurar  
geðshræringar gert vart við sig innanbrjósts hjá  
honum, þá bældi hann þær óðara niður, því hann  
svaraði fljótlega og hiklaust:

„Eg held, ef þú ferð í land í kveld, að þá ætti  
eg að biða þangað til þú kemur aftur, því eg álit  
varasamt að skilja Ben Morton einan eftir. Annar-  
hvor okkar ætti að vera hjá honum.“

„Því þá það?“

„Hann er mjög þungt haldinn nú, og bati hans  
er algerlega undir því kominn, að honum sé hjúkr-  
að eins og við á að öllu leyti. Sé hægt að halda  
honum rólegum svo sem fjóra daga í mesta lagi  
þá vona eg hann verði úr hættu. Far þú í land í  
kveld og eg skal fara þegar þú ert kominn aftur.“

Fyrst kom kaffeininum til hugar að láta  
Ben Morton eiga sig, en hann þorði ekki að  
gera það í viðurvist og á vitorði skipverja. En  
hann fór ofan til að sjá hvernig gamla manningum

liði,  
Páll  
að f  
Rétt  
kaft

sofn  
viss  
þilfa  
inini  
að k  
ina  
ánni  
sýni  
fallb  
aftu  
andv  
höfu

á þet  
út í  
sem  
nötra  
lætið

hver  
sé ha  
ar ha

liði, og Ben krafðist þess, að annaðhvort Larún eða Páll yrði hjá sér. Larún gekk því loksins inn á að fara einn í land og láta Pál fara næsta morgun. Rétt um sólarlagið var báti hleypt út og róið með kaftininn upp eftir ánni.

Það var komið undir miðnætti, og gamli Ben sofnaður. Páll sat yfir honum þangað til hann var viss um, að hann væri sofnaður og fór síðan upp á þilfar. Það var blíðalogn og kyrð yfir öllu og himininn skafheiðríkur. Á austurloftinu var tunglið að koma upp og sló birtu sinni á fagurgræna jörðina og speglaði sig í smábárunum á firðinum og ánni. Ungi maðurinn horfði stundarkorn á útsýnið í allri fegurð þess og settist svo niður á eina fallbyssugrindina aftur á. Hann var aleinn á aftur-þilfarinu; varðmennirnir voru fram á. Þungt andvarp kom upp frá brjósti hans, og hann hneigði höfuðið og studdi höndunum undir ennið.

„Æ!“ tautaði hann við sjálfan sig, „hvað lengi á þetta að vara? Hvers vegna var mér kastað svona út í heiminn eins og útlaga, og eg látinn lifa lífi, sem hlýtur að enda á gálganum, þegar hjarta mitt nötrar yfir vonzku þess og sál minni ofbýður ranglætið, sem umkringir mig?“

Rétt í því varð ungi maðurinn var við einhverja hreyfing nálagt sér, og þegar hann leit upp sá hann mann hjá sér. Páll stökk á fætur, og þegar hann gerði það, sagði óboðni gesturinn:

„Eg vona, að eg hafi ekki stygt þig?“

„Er þetta Burnington?“ sagði Páll og rétti honum hendina. „Nei, nei, þú þarft ekki að óttast, að þú styggir mig með nærveru þinni, því eg átti einusinni nærveru þinni líf mitt að þakka.“

„Svo eg má þá koma til þín?“

„Já, já.“

Páll var fljótmaeltur og lagði áherzlu á orðin, því á sama augnabliki vaknaði hjá honum löngun til þess að kynnast þessum ókunna manni. Í fyrstu hafði hann tortrygt Burnington og geðjast illa að honum; slíkt hafði stafað af tvennu:—Í fyrsta lagi af hinu einkennilega og óaðgengilega útliti mannsins, og í öðru lagi af því hann sagði fyrsta daginn, sem hann var um borð, að Páll væri líkur Marl Larún í sjón. En það, að Burnington hafði bjargað lífi Páls eins og hann gerði, hafði vakið nýja tíiðfinning í brjósti hans, þó honum hefði hingað til aldrei gefist færi á að þakka lífgjöfina.

Ungi maðurinn settist niður á fallbyssuvagninn og hagaði því þannig, að ókunni maðurinn gæti sezt við hliðina á sér.

„Eg býst við þú hafir bjargað lífi mínu ekki síður kaffeinsins vegna en mín vegna?“ sagði Páll eftir að Burnington var seztur niður.

„Hvers vegna hefði eg átt að hugsa um kaffeivinn?“

„Vegna þess þú hélzt hann væri faðir minn.“



„Hélt eg, að hyena gæti fætt af sér lamb?“

„Hvað meinar þú með því?“ sagði Páll undrunarfullur. „Heyrði eg þig ekki tala um, að okkur svipaði saman?“

„Jú, það gerðir þú vafalaust, því þið stóðuð þá báðir hjá kompásskýlinu, og þér svipaði meira til Marl Larúns heldur en til kompásskýlisins. Eg sá, að þið voruð báðir komnir af sama stofni—að Adam var forfaðir ykkar beggja. En sleppum nú því, þegar eg sé hvítan mann fæðast af svertingja, þá skal eg trúá því, að nokkurir dropar af blóði Marl Larúns renni í æðum þínum, en fyrri ekki. Og samt hef eg—eg—séð fólk, sem þér svipar til.“

Páll kiptist við og lagði hendina á handlegg Burningtons. Þessi fáu orð nægðu til þess að vekja hjá honum forvitni, en tónninn í orðunum, hvernig þau voru sögð, hafði þó enn þá meiri verk-anir á hann.

„Meinar þú nokkuð sérstakt með þessu?“ spurði Páll í lágum rómi.

„Já, mér er það alvara, að eg hef séð fólk, sem andlit þitt minnir mig á.“

„Og hvaða fólk er það? Hvar býr það? Hvað heitir það? Segðu mér hvað það heitir?“

„Lofaðu mér fyrst að spyrja þig að nokkuru. Hvað lengi hefir þú verið hér?“

„Hjá Marl Larún?“

„Já.“

„Frá því fyrst eg man eftir mér.“

„Og þú getur ekki munað eftir neinu þar áður?“

„Jú,“ svaraði Páll áfergislega og jafnframt raunalega. „Eg man eftir því, að eg lék mér í skemtigarði og reið litlum hesti. Og eg man eftir ofurlitlum læk, þar sem eg lék mér að vatninu.“

„Og manstu hvað fólkið hét, sem þú varst þá hjá?“

„Nei, það get eg ekki munað. Lárún hefir stutt að því á allan hátt að láta mig gleyma öllu frá þeim tímum; og vegna þess, hvað ungur eg var, og vegna ósannsögli hans—því eg álit, að hann hafi lögð að mér—þá hef eg gleymt öllu. Eg man það, að einu sinni í kulda og rigningu var eg látinn upp í vagn hjá ókunnugum manni, og Marja litla með mér,—svo var ekið með okkur lengi lengi, svo kom Marl Lárún til okkar, og svo gengum við það sem eftir var dagsins. Og eg man það, hvað Marja litla grét mikið og hvernig Lárún hótaði að drepa hana ef hún hætti ekki að gráta. Og svo komum við að ókunnugu húsi og vorum þar um nóttina. Og næsta dag komum við þangað, sem eg sá skip og hafnarbryggjur. Það var bærinn Bristol, eftir því sem Lárún hefir síðar sagt mér.“

„Og þú hefir verið hjá honum síðan?“

„Já.“

„Komuð þið þá strax hingað?“

Nei. Aðsetur hans var þá í Tobago. Við vor-

um þar þangað til eg var tfu vetra; þá tók hann mig með sér í siglingar og skildi Marju litlu þær eftir hjá gamalli konu. Þegar eg var fjórtán ára gamall flutti hann hingað, og síðan hefir Marja verið hér.“

„Er stúlka þessi, sem þú talar um, systir þín?“

„Nei, hún er ekki systir mín,“ sagði Páll og var fjótur til svars. Það skein út úr svari hans, að hann vonaði, að það væri ekki.

„Hefir þú spurt Larún hjá hverjum þú hafir verið áður en hann tók þig?“

„Já, og hann segir eg hafi verið hjá manni, sem hét Delany.“

„Hvers vegna sagðir þú mér þá, að þú værir búinn að gleyma nafninu?“

„Því eg held hann hafi ekki sagt mér satt um nafnið.“

Burnington þagði um stund, og síðan spurði hann:

„Kannadist þú nokkurn tíma við mann, sem þú kallaðir *Stefán frændi*?“

Páll stökk á fætur og studdi báðum höndum á axlir gamla mannsins, og þegar hann var búinn að virða andlit Burningtons fyrir sér, sagði hann:

„Nefndu nafn þetta aftur.“

„*Stefán frændi*.“

„Já,—eg man vel eftir því. Nú veit eg, og þetta hefir verið að vefjast fyrir mér,



eg nefndi það oft þegar eg var lítill. En nafnið er lengra. *Stefán* er ekki nema hálf t nafnið.“

„*Humphrey!*“ sagði Burnington í lágum en skýrum rómi.

Ungi maðurinn settist aftur á fallbyssuvagninn og krosslagði hendurnar í kjöltu sinni.

„Ó, hvernig stendur á því, að eg skuli aldrei hafa getað rifjað þetta upp fyrir mér? En hvað eg man nú vel eftir nafninu. ‚Stefán frændi!‘ ‚Stefán Humphrey.‘ En segðu mér hvernig þú veizt um allt þetta.“

Burnington svaraði engu, heldur sat þegjandi og byrgði fyrir dökkva andlitið með stóru höndunum sínum. Páll fékk því umhugsunartíma og forvitni hans óx óðum.

„Eg er sannfærður um,“ sagði hann og studdi hendinni á handlegg félaga síns, „að þú þekkir eitthvað til fólks míns—veizt eitthvað um ungdæmi mitt. Neitaðu mér ekki um að segja mér frá því.“

„Eg vissi, að útlit þitt og svipur minti mig á einhverja, sem eg hafði séð,“ sagði Burnington hikandi, og svo bætti hann við: „Eg kom til *Sir Stefáns*.“

„*Sir Stefáns!*“ tók Páll upp eftir honum með miklum ákafa. „Eg er þá af heiðarlegu fólki kominn?“

„Þú áttir einusinni mjög heiðarlegt vinafólk.“

En lof  
kom e  
eg þig  
það va  
barn á  
sagt þé  
hér. E  
„E  
„þ  
Morton  
sama er  
„Eg  
rómur h  
Á eg  
„Eg  
fullvissa  
an eg va  
„Get  
án bjó?“  
„Í N  
er þetta?“  
„Ves  
stökk á fi  
„það  
Ungi  
því samta  
Buffó  
til hann h

En lofaðu mér nú að halda áfram sögu minni. Eg kom einusinni til *sir* Stefáns Humphrey og þá sá eg þig þar. Eg er sannfærður um, að það varst þú. Það var fyrir seytján árum síðan. Þú varst þá barn á að gizka tveggja ára. Meira get eg ekki sagt þér nema það, að eg þekti þig þegar eg sá þig hér. Eg þekti þig á andlitsfallinu.“

„En segðu mér hvort eg á nokkura vini á lífi?“

„Þú átt vini alls staðar umhverfis þig. Ben Morton vildi leggja lífið í sölurnar fyrir þig, og hið sama er að segja um hálfu skipshöfnina—“

„Eg veit það,“ greip Páll fram í, og lýsti málrómur hans þakklátsemi; „en þú veizt við hvað eg á. Á eg nokkura vini á Englandi?“

„Eg held það; en sannast að segja get eg ekki fullvissað þig um það. Það er nú orðið langt síðan eg var á Englandi.“

„Getur þú sagt mér, hvar á Englandi *sir* Stefán bjó?“

„Í Northamptonshire. Þei-þei! Hvaða hávaði er þetta?“

„Vesalings Ben er vaknaður,“ sagði Páll og sökk á fætur. „Við tölum saman síðar?“

„Það er ekki ómögulegt“

Ungi maðurinn heyrði Ben kalla á sig og sleit því samtalinu.

Buffó Burnington horfði á eftir honum þangað hann hvarf niður um uppgönguna og dáðist að

hinu fallega vaxtarlagi hans. Svo gekk hann fram á og sagði við sjálfan sig um leið og hann fór:

„Hann á vin, sem hann hefir litla hugmynd um.“

---

## VII. KAPITULI.

### MARJA.—Á HLERI.

Nálægt klukkan níu næsta morgun yfirgaf Páll briggskipið og réri upp ána. Hann fór í sama bátnum, sem kasteinninn hafði farið í kveldinu áður, og sömu mennirnir hefðu flutt hann ef hann hefði látið Lárún ráða; en hann var ákveðinn í því að velja sjálfur háseta sína og það gerði hann. Í fyrsta skifti á æfinni datt Páli í hug, að yfirmaður hans mundi hafa í hyggju að njósna um allar hreyfingar hans, því það var eitthvað það í látbragði Lárúns þegar hann var að reyna að ráða því hverjir með Páli færu, sem bar vott um, að honum væri ant um að koma sínu fram af einhverjum heimulegum ástæðum. En Páll sagðist hafa lofað fjórum beztu vinum sínum því, að þeir skyldu fá að fara með sér í land og við það yrði að standa. Ræningjaforinginn þorði ekki að standa opinberlega upp í hárinu á Páli, því hann vissi, að



ef í ilt færi, þá mundu fáir skipverja leggja sér lið á móti hinum göfuglynda skjólstæðing sínum.

„Þú lítur vandlega eftir Ben,“ sagði ungi maðurinn rétt áður en hann lagði á stað.

„Auðvitað,“ svaraði Larún hastur og í illu skapi.

„Farðu ekkert frá honum, því ef þú gerir það þá verður hann órólegur, og þá áttu það á hættu að missa mann þann, sem mest lið er í af öllum þeim mönnum, sem þú hefir nokkurn tíma átt yfir að segja.“

„Eg fer nærri um hvað eg á að gera, drengur minn,“ sagði Larún fljótlega og með mikilli áherzlu. Páll vissi hvað það þýddi og fór því þegjandi niður í bátinn.

Strax þegar nokkuð kom upp eftir ánni varð útsýnið ljómandi fallett. Botn árinna sýndist allur að vera úr fínum, hvítum sandi, sem varpaði svo ljómandi silfurblæ á vatnið, að áin var vegna þess nefnd „Silfurá“ og fjörðurinn „Silfurfjörður.“ Bakkarnir voru alþaktir í grænu grasi og ilmríkum smávið og blómum. Og fuglarnir, sem stöðugt voru á flugi á milli árbakkanna og af einni greininni á aðra, vörpuðu enn þá meiri ljóma yfir útsýnið, sumir með litaskrúði sínu og hinir óásjálegri með hinu unaðsfulla kvaki sínu og söng. Þannig var útsýnið og náttúrufegurðin þær fimm mílur, sem róid var með Pál upp eftir ánni, og á því svæði

sáust engar mannabygðir. En eftir, að fimm mílur höfðu verið farnar, beygði báturinn fyrir tanga, þar sem mikil bugða var á ánni, og sá maður þá þyrping af litlum húskofum með torfþaki; en hinu megin lækjar, sem rann þar í ána, stóð stórvaxin steinbygging, sem leit út fyrir að hafa í fyrstu verið bygð sem varnarvirki, því umhverfis hana var hár grjótveggur með sívala turna í hverju horni og í þeim mörg kanónugöt, þótt engar kanónur væri sjáanlegar.

Að byggingu þessari, sem líktist kastala, stefndi báturinn upp eftir læk, sem féll fram undan kastalaveggnum. Þegar að veggnum kom gaf Páll af sér hátt og skýrt hljóð, og eftir litla stund kom maður innan að frá og var þá dregin upp þung vígishurð svo að báturinn gat haldið áfram inn um stórar bogamyndaðar dyr, sem á þennan hátt var um búð.

Byggingin var að miklu leyti bygð eftir Suð-urálfusniði og var mjög rúmgóð. Hún var tvíloftuð ofanjarðar, en jafnvel Páll sjálfur vissi ekki, hvað mikið pláss í húsinu var neðanjarðar. Alt, sem hann vissi um, var það, að spánskir sjóræningjar höfðu byggt það fyrir mörgum árum síðan, og að það hafði staðist mjög skæðar atlögur. Garðurinn framan við húsið var þrjúhundruð og þrjátíu fet á lengd og tvö hundruð og fimmtíu á breidd, og auk þess var stór garður á bak við húsið.

bí  
yf  
gy  
ne  
þé  
sý  
bir  
nið  
ska  
leg  
hv  
sig  
lát  
gla  
ger  
um.  
Del

viss  
og l  
grát  
svip  
hey  
ins l  
nálg  
ur—  
sam

Í einu herbergi húss þessa—mjög skrautlega búnu herbergi—sat kvenmaður. Hún var ekki yfir seytján ára að aldri og fögur eins og paradísargyðjan í æfintýrinu. Hún var grannvaxin og nettvaxin, en þó þéttvaxin og vel byggð og hafði þéttari vöðva og var holdugri en útlit hennar sýndi. Hárið var ljósjarpt með gullnum blæ þegar birtan skein á það og liðaði sig í gljáandi lokkum niður um hálsinn og herðarnar. Augun voru blá, skær og tindrandi. Andlitsdrættirnir voru reglulegir og andlitsskapnaðurinn allur svo fagur, að hver einasti æfður myndasmiður mundi hafa talið sig sælan að fá það til fyrirmyndar. Svipurinn og látbragðið bar vott um það, að hún var elskuverð, glaðvær og góð, og að nærvera hennar hefði átt að gera alla þá, sem hana umgengust, að betri mönnum. Þeir, sem hana þektu, nefndu hana Marju Delany.

Hún sat hjá glugga á afturenda hússins, sem vissi í áttina til hæðanna og sléttunnar á bak við, og kinnar hennar báru þess vott, að hún hafði grátið. Þrá og áhyggjufull alvara skein út úr svip hennar. Við hvað lítinn hávaða, sem hún heyrði, stökk hún á fætur og blóðroðnaði. Loksins heyrði hún gengið upp stigann og einhver nálgaðist dyrnar á herberginu. Hún stökk á fætur—dyrnar opnuðust—hún sá mannsandlit—og samstundis var hún komin í fangið á Páli Lárún.



„Ó, Páll, Páll!“ sagði hún í hálfum hljóðum og vafði handleggjunum þétt um háls honum, horfði í andlit honum og tárfeldi af fögnuði, „eg lofa guð fyrir að fá að sjá þig ennþá einusinni. Ó, Páll—eini maðurinn, sem eg—“

Hún endaði ekki setninguna, því orðið, sem hana langaði til að segja, virtist verða að kökk í hálsi hennar svo hún kom því ekki upp.

„Eg er kominn einusinni enn þá, Marja,“ sagði ungi maðurinn og settist niður á legubekkin við hlið hennar, „og hvað það gleður mig að sjá, að þér líður vel og þú ert óhult. Æ! þetta hefir verið langt, langt ár.“

„Það er meira en ár, Páll, meira en ár.“

„Svo er það. Það var ár í vor eð var.“

„Og hvers vegna komst þú ekki að finna mig í vor þegar kašteinninn kom? Ó, eg átti endilega von á þér þá.“

„Sagði hann þér ekki hvernig stóð á því, að eg kom þá ekki?“

„Ekki nema það, að þú—“

„Að eg hvað? Segðu það.“

„Hann sagði, að þú hefðir ekki kært þig um að koma.“ Þegar stúlkan var búin að sleppa orðinu brast hún í grát.

„Sagði hann þér það?“ mælti ungi maðurinn gremjulega og undrandi.

„Já, hann sagði mér það.“

„Og hann gaf þér engar frekari skýringar?“

„Nei.“

„Þá hefir hann verið þér óeinlægur, Marja—mjög illmannlega óeinlægur. Við það tækifæri lá skip okkar á höfninni í Tobago. Sex manna okkar voru nær dauða en lífi, og þegar þeir heyrðu, að eg ætlaði að yfirgefa þá, þá báðu þeir mig og grátbændu að fara ekki frá sér fyr en þeir dæju eða þeim batnaði. Hvað gat eg þá gert? Menn þessir höfðu verið mér góðir, og eg er sannfærður um, að sumir þeirra hefðu lagt lífið í sölurnar mér til hjálpar ef mér hefði legið á liði þeirra. Eg bað Larún að sigla skipi okkar til Silfurfjarðar, en hann var ófáanlegur til þess. Hann sagðist vera búinn að fá far með skipi til Porto Cabello, með því ætlaði hann að fara og eg gæti farið með honum. Eg spurði hann, hvað ætti að gera við sjúkl-ingana, og svar hans upp á þá spurningu mæna hljóðaði á þessa leið: „Láttu þá deyja ef þeim sýnist svo. Við getum fengið nýja menn með minni kostnaði en við getum læknað þessa!“ Eg sagði honum þá að fara án mín og segja þér, að eg hefði orðið eftir til þess að bjarga lífi líðandi meðbræðra minna.“

„Æ!“ sagði unga stúlkan í hálfum hljóðum og faðmaði hann að sér, „mér var ómögulegt að trúá öllu því, sem hann ætlaði mér að trúá, en samt varð eg hrygg og mótlætt. Og nú lofa eg

guð fyrir, að það reyndist ósatt. Æ! Páll, mér hefði liðið svo mikið betur hefði eg vitað þetta þá strax.“

„Láttu þá liggja vel á þér nú þegar þú ert búin að vita hið sanna og rétta. Og gleðji það þig að vita, að eg sé trúfastur og hreinhjartaður, vertu þá æfinlega glöð.“

Meyjan dróg til sín handleggina utan af hálsi unga mannsins, lét aðra hendina hvíla á öxl hans og horfði spyrjandi í andlit hans. Það var eitthvað óvanalegt, eitthvað, sem bar vott um heita bæn, í svip hennar á þessari stundu. Um stund horfði Páll þegjandi á móti, en loksins tók hann til máls:

„Um hvað ertu að hugsa, Marja?“

„Þú reiðist mér ekki, Páll, þó eg segi þér það?“

„Þú veizt, að eg muni ekki gera það.“

„Eg var að hugsa um, hverja sönnun eg gæti fengið fyrir þínu—“

Segðu það, sem þér býr í brjósti. Þú þarft ekki að vera hrædd um, að eg þykki það við þig.“

Æ! Páll, eg hef óttast, og sá [ótti hefir tekið ósegjanlega mikið á mig, að þú gætir ekki lengi haldist hreinhjartaður við þennan auma lifnað. Reiðstu mér ekki—eg get ekki að því gert. Líttu á hvaða menn þú umgengst—og—og líttu á lifnað ykkar. Og—og—“



Aumingja Marja varð svo yfirkomin af sorg, að hún kom ekki upp orði og féll áfram upp að brjósti Páls.

„Segðu alt, sem þér býr í brjósti, Marja,“ sagði hann.

„Eg ætla að gera það,“ sagði hún, „og eg er viss um þú misvirðir það ekki við mig. Líttu á vesalings konurnar, sem búa í kofunum hérna rétt hjá mér. Og eg veit, að margar fleiri búa í Tobago. Þær eru ekki giftar konur, Páll!“

„Marja,“ sagði ungi maðurinn í lágum, en alvarlegum og einbeittum rómi, og þrýsti henni nær sér, „eg skil þig og eg er þér innilega þakklátur fyrir að gefa mér þannig tækifæri til að tala. Ekki dylst mér það, hvað aumu og svívirðilegu lífi fólk okkar lifir, en guð veit, að engan þátt hef eg átt í því. Það er ekki hægt að segja, hvað úr mér hefði orðið ef öðruvísi hefði verið ástatt, um það vil eg ekkert segja, en á meðan eg geymi mynd þína í brjósti mínu, þá kemst ekkert ilt að í sál minni, ekkert óhreint að í hjarta mínu. Heldur vildi eg taka sjálfur af mér lífið en ganga með það á samvizkunni að hafa farið illa með varnarlausa stúlku. Já, miklu heldur vildi eg missa líf mitt með öllum þess vonum og þrá en lifa við slíka skömm. Nei, nei, Marja, til þessa hef eg ekki sett neinn slíkan blett á mig. Ertu nú ánægð?“

„Já, Páll—nú; en hvernig verður það fram vegis?“

„Eg skil þig,“ svaraði unga hetjan. Hann hélt Marju þannig, að hann gat horft í andlit hennar. Það var einmitt þetta, sem mig langaði mest til að tala um. Eg veit vel, að eg er ekki óhultur þar, sem eg er. . Eg á við mannorð mitt og líf mitt, því enginn skal fá mig til þess viljugan að gera mig sekan í syndum þeim, sem stöðugt eru drýgðar umhverfis mig. Eg hef of mikinn óbeit á þeim. En eg hef heitstrengt það að vera ekki þarna lengur en eg má til. Oft hefði eg getað flúið frá illmenninu, en eg vildi heldur deyja með honum en flýja einsamall. Einhvern tíma—einhvern tíma þegar eg get tekið þig með mér—þá flý eg frá þeim. Skilur þú mig nú, Marja?“

„Já, Páll.“

„Og mundir þú vilja flýja með?“

„Með mestu ánægju—og það strax!“

„Og þegar við værum flúin, þá vildir þú tilheyra mér alla æfi?“

„Eg vildi gera alt—hvað sem væri—fyrir þig. Páll, ef eg bara gæti losast frá þessum skuggalega herra okkar.“

„Þú elskar mig þá? Þú elskar mig af öllu hjarta?“

„Eg hef æfinlega elskað þig; þú ert það eina hér á jörðinni, sem eg hef til að elska,“ svaraði hún einlæglega.

Svo sátu þau stundarkorn þegjandi í faðmlög-

um. Nú vissu þau hvort um sig hvað í hins hjarta bjó, og líkar hugsanir hreyfðu sér í hjörtum þeirra beggja. Loks tók ungi maðurinn aftur til máls:

„Marja,“ sagði hann, „það er undarlegur maður um borð hjá okkur. Hann veit hvar við áttum heima á Englandi.“

„Unga stúlkan hrökk við og horfði á Pál með ákafa, sem líktist hálfgerðu æði, en svo náði hún sér aftur og stiltist.

„Hann sagði mér frá ýmsu, sem eg mundi þá eftir,“ hélt Páll áfram. „Manst þú eftir mannsnafninu Humphrey?“

Marja hafði nafnið upp eftir honum nokkurum sinnum, og loksins skein það út úr andliti hennar, að eitthvað hafði runnið upp fyrir henni.

„Það fer ekki hjá því, Páll,“ sagði hún, „að mér finst eg kannast við nafnið, en mér er ómögulegt að átta mig á því.“

„Það er ekki við því að búast, því þú varst ekki meira en þriggja ára þegar Marl Larún fór með okkur. En maður þessi, sem eg sagði þér frá, segist hafa séð okkur bæði fyr meir—þegar við vorum bæði lítil—hjá *sir* Stefáni Humphrey; og eg man eftir, að eg hafði kallað einhvern *Stefán frænda*—eg man það svo vel. Ó, Marja, við verðum að sleppa hérað! Eg veit, að Marl Larún á ekkert tilkall til okkar, og eg get ekki útrýmt því



úr huga mínum, að hann hafi drýgt stórsynd með því að taka okkur frá heimili okkar.

„Hann er þá ekki faðir þinn?“ sagði unga stúlkan með miklum ákafa.

„Nei,“ svaraði Páll snögglega og með áherzlu. „Eg veit það, að hann er ekki faðir minn. Ekki einasta finn eg það á mér inst í sælu minni, að hann er ekki faðir minn, heldur sannar Marl Larún það með hátterni sínu. Og svo fullvissar maðurinn—sem kallar sig Buffó Burnington—mig um, að hann sé það ekki. Guði sé lof fyrir það, að það illmenni á engan blóðdropa í mér!“

Eftir dólitla þögn hélt Páll áfram samtalinu:

„Marl Larún hefir komið hér í gærkveldi og þú náttúrlega séð hann?“

„Já,“ svaraði Marja, og fór hrollur um hana. „Hann var lengi hjá mér.“

„Og hvað sagði hann?“

„Eg gæti ekki sagt þér það. Hann talaði mjög undarlega með köflum, og—þú mátt hlæja að mér ef þú vilt og álíta mig heimska—en sannleikurinn er sá, að hann talaði líkara því, að hann væri elskhugi minn en fóstri.“

Páll kiptist við og fölnaði upp.

„Hvað gengur að?“ spurði Marja.

„Ó, við verðum að sleppa hédan eins fljótt og við getum,“ sagði hann mjög áhyggjufullur.

„En hvers vegna?—Hvað hefir nú komið fyrir?“

þig  
um  
ig s  
lagi  
ast

og l  
að h

grei  
hefir

og sl  
er n  
fjölga  
fyrir  
unun

var h  
á þer

ert an  
mér ú  
eftirlit  
einn a  
ingjar

„Getur þú ekki séð það? Marl Larún *elskar* þig—eins mikið eins og hann getur elskað. Verðum við hér, þá er úti um okkur. Nú veit eg hvernig staðið hefir á hinu undarlega tali hans og háttalagi við mig. Tilgangur hans er, að þú skulir giftast honum!“

Stúlkan horfði stundarkorn framan í vin sinn, og hið starandi, sviplausa augnaráð hennar sýndi, að hún var að hugsa um eitthvað frá liðnum tímum.

„Guð varðveiti mig!“ stundi hún upp og spenti greipar. „Kannske það sé þess vegna, að hann hefir sent eftir námamönnunum—fjórum þeirra—og skipað þeim að vera hér hjá kastalanum. Það er náttúrlega þess vegna, að hann hefir skipið að fjölga vökumönnunum um helming, og skipað svo fyrir, að engum sé slept út héðan nema skipverjunum, fiskimönnunum og veiðimönnunum.“

„Hefir hann skipað þannig fyrir?“ spurði Páll.

„Já.“

„En hvernig hefir það verið með þig síðan hann var hér s'ðast? Hafa strangar gætur verið hafðar á þér?“

„Eg hef ekki verið annað en fangi, Páll—ekkert annað en fangi. Eg hef ekki fengið að víkja mér út fyrir kastalaveggina án þess að hafa tvo eftirlitsmenn með mér, og annar þeirra hefir verið einn af stækustu fylgismönnum Larúns. Svert-ingjar hans sleppa aldrei auga af mér, og á þessu

síðastliðna ári held eg mér hefði verið ómögulegt að strjúka þó eg hefði aldrei um annað hugsað. En heldur þú—ó, heldur þú, að tilgangur hans sé að—að—“

„Eg er hræddur um, að hann ætli sér þig með lífi og sál.“

„Ætli mér að verða *konan* hans, áttu við?“ hvíslaði Marja með skjálfandi rödd.

„Já. Eg býst við hann mundi kalla það konu; og skeð gæti hann fengi reglulegan prest til þess að gifta ykkur,“ bætti Páll við hnugginn.

Unga stúlkan hengdi niður höfuðið og nötr-aði af geðshræring. Það var farið að rökkva, því sólin hafði sezt fyrir góðri stund og skuggar næturinnar færðust óðum yfir landið. Marja snéri sér að glugganum og leit út. Páll stóð á fætur og gekk stundarkorn um gólf; svo stanzaði hann alt í einu nálægt dyrunum, sem út í ganginn vissu og Páll hafði komið inn um. Þegar hann stanzaði heyrðist honum einhver vera hinumegin við hurðina. Hann opnaði dyrnar umsvifalaust og sá svertingja-kvenmann skunda frá þeim í mesta flýti. Hann hljóp á eftir henni og náði henni.

„Hvað ert þú að gera hér?“ spurði hann í því hann tók um handlegginn á henni. Hún var ein af þrælum Larúns, fimmtíu til sextíu ára gömul, og bar andlit hennar vott um slægð og grimd. „Hvað ert þú að gera hér?“ tók Páll upp aftur í



fremur óþýðum málróm.

„Ekkert“. sleit hún úr sér.

„Því ertu þá hér?“

„Af því eg á að vera hér—alls staðar í húsinu, þar sem mér sýnist.“

„Þú stóðst á hleri við hurðina?“

„Nei, eg—eg gerði það ekki.“

Í því hún svaraði sleit hún sig af Páli og hljóp í burtu. Páll fór inn aftur þangað, sem hann hafði skilið við Marju, og kom hún þá á móti honum.

„Páll,“ sagði hún, „eg hélt þú hefðir sagt mér, að Larún hefði orðið eftir um borð og ætlað að vera þar þangað til þú kæmir til baka aftur.“

„Já, eg sagði þér það,“ svaraði hann undrinnarfullur.

„En hann er hér nú.“

„Hver er hér?“

„Kafteinninn.“

„Það er ómöglegt!“

„Eg er viss um eg sé hann úti í garðinum fyrir svo sem augnabliki síðan, og hann horfði mjög vandlega upp í gluggann hjá mér.“

Þá snaraði sér út að glugganum og horfði út, en hann gat ekkert séð. Úti fyrir glugganum var lítill ungirtur garður og í honum ofurlítill hnappur af appels outriju. Þar sem Marja sagðist hafa séð Larún. En nú var orðið svo dimt af nótt, að ekkert var hægt að aðgreina í jafn mikilli fjarlægð.

svo Páll sá ekki til neins að reyna það. En ekki var honum rótt. Hann þóttist í fyrsta lagi viss um, að gamla svertingjakonan hefði verið gerð út til þess að standa á hleri, og væri Larún sjálfur kominn í land, þá hlaut slíkt að boða eitthvað ilt.

Marja skipaði þjónustustúlku sinni að koma með kveldmatinn til herbergja sinna, og bera þar á borð fyrir tvo; bráðlega voru svo kveikt kertaljós og sezt að kveldverði. Páll mælti varla orð frá munnni meðan á máltíðinni stóð, því hann var mjög órólegur, en vildi ekki láta nema sem allra minst á því bera Marju vegna; og Marja var einnig langt frá því að vera í rólegu skapi.

*Arnþjotur B. Olsen*

## VIII. KAPITULI.

### KRÓKUR Á MÓTI BRAGDI.

Á meðan þau Páll og Marja voru að borða kveldmatinn, gekk nokkuð á í öðrum stað hússins, sem ekki var þeim með öllu óviðkomandi. Marí Larún hafði komið í land jafnvel þó hann ekki kæmi alla leið á bát. Hann hafði gefið Ben gamla sterkt svefnlyf, og strax eftir að sjúklingurinn var sofnaður, hafði hann farið í land „til þess að skoða landið,“ sagði hann. Og þegar búið var að skjóta

honum í land, og mennirnir farnir til baka, lagði hann á stað beina leið til kastalans.

Kafteinninn sat inn í afherbergi í húsinu og ein manneskja hjá honum—kvenpersónan sem staðið hafði á hleri við herbergisdyrnar, sem unga fólkið sat inni í og Páll kom að óvörum.

„Hvað hefir þú nú heyrt?“ spurði Marl með mikilli áfergi.

„Ó, eg hef margt heyrt,“ svaraði gamla svert-  
ingjakonan, og ranghvolfdi í sér augunum.

„Heyrðir þú þau tala nokkuð um mig?“

„Já, herra minn—mikið um þig. Herra Páll sagði, að þú værir ekki faðir sinn, og ungfrú Marja sagði sér þætti óttalega vænt um að heyra það. Svo sögðu þau — eða öllu heldur herra Páll sagði frá manni um borð, sem hefði sagt sér, að þú værir ekki faðir sinn; hvernig lízt þér á?“

„Fjandinn sjálfur!“ tautaði ræningjaforinginn, „það hefir Buffó Burnington—“

„það er maðurinn, það er maðurinn, herra minn,“ greip ambáttin fram í. „það er nafnið, því eg heyrði herra Pál nefna það.“

„En segðu mér, Hagar, hvað meira Páll sagði um mann þennan?“

„Hann sagði allrahandu. Maðurinn hafði sagt herra Páli, hvar hann var fæddur og hjá hverjum hann var þegar hann var lítill. Svo hafði hann agt herra Páli frá manni, sem hann kallaði



„frænda“—eg man nú ekki, hvað hann var annars nefndur.“

„Var það Dunkle?“ spurði Marl.

„Nei, ekki var það það,“ sagði Hagar og hristi höfuðið hugsandi.

„Það hefir ekki verið Dumphrey?“

„Nei, nei. Ó, nú man eg það. Það var ekki Dumphrey, heldur var það Humphrey. Eg er hárviss um eg man það rétt.“

Eldur brann úr augum ræningjaforingjans. Hann gekk um gólf í herberginu eins og reitt tígrysdýr. Loksins var eins og af honum bráði, og hann stanzaði.

„Heyrðir þú nekkuð meira um þennan Buffó Burnington?“

„Nei, herra minn; eg heyrði ekkert meira um hann.“

„Segðu mér nú, hvað meira þau töluðu saman.“

„Hamingjan góða! hvað hann elskar hana heitt, og þau hvort annað; og þau voru að tala um að strjúka.“

Töluðu þau um, hvernig þau ætluðu að koma því við?

„Koma hverju við?“

„Að strjúka.“

„Nei, ekki svo eg heyrði. En þau voru bæði ótta og hrædd um, að þú ætlaðir að gera Marju að konu í þinni.“

„Og þetta er þá alt, sem þú heyrðir?“

„Já,“ sagði Hagar og bretti út varirnar svo skein í hvítar tennurnar, „nema hvað ungrúin sagði herra Páli frá því, hvernig þú létir halda vörð um hana, og að þú hefir aukið vörðinn um kastalann. Herra Páll sagði henni, að þú mundir reiðanlega ætla að giftast henni, og þá sagði hún ‚guð blessi mig‘—nei, hún sagði, ‚guð varðveiti mig!‘ það sagði hún. Og svo, skal eg segja þér, kom herra Páll og opnaði dyrnar og rakst á mig, og tók í handlegginn á mér, en hann rak sig á það, að það var ekki við lamb að leika sér. Eg komst í burtu mína leið.“

Og svo skellihló gamla konan að því, hvernig hún hefði getað slitið sig af Páli.

Marl Larún gekk aftur um gólf í herberginu, og þegar hann stanzaði, lék djöfullegt bros á vörum hans.

„Hagar,“ sagði hann, „þú hefir gert vel, og þér skal verða launað það. Þú hefir verið mér þarfari en þú hefir nokkura hugmynd um. Að mér heilum og lifandi skulu nöðrur þessar komast að því fullkeyptu! Buffó Burnington skal fljótlega úttaka sín laun—miklu fyrri en hann grunar. Hann skal fá eitthvað annað að gera, en—en sleppum því; hann er ágætur í beitu!“

„Já, það er hann,“ tók gamla konan fram í, og

skein meira í tennur hennar en nokkuru sinni áður.

Ræninginn þagnaði við það, að hún tók fram í; hann áleit víst skynsamlegra að hafa sem fæsta í vitorði þegar um aðrar eins fyrirætlanir var að ræða, og hann færði því ekki meira af slíkum hugsunum sínum í orð. Eftir litla umhugsun vék hann sér að ambáttinni og sagði:

„Þú verður að hafa alvarlega gætur á þeim, og láttu þau aldrei komast út í garðinn án þess þú sért á hælunum á þeim. Fylgdu þeim eftir, hvert sem þau fara, og heyrðu alt, sem þau segja. Og gættu þess að láta það aldrei á þér merkja, að eg hafi verið hér í kveld—enginn lifandi maður má komast að því. Eg kem hingað annaðkveld og þá segir þú mér, hvað meira þú hefir heyrt og séð.“

Hagar lofaði að gera alt, sem fyrir hana var lagt, og svo fór kašteinninn. Hann fór út úr garðinum um bakdyrnar, hraðaði sér til sjávar eftir skógargötu og kom þangað um klukkan níu. Hann gaf víst hljóð af sér, og kom þá óðar bátur frá skipinu og sótti hann. Þegar hann kom um borð, var sjúklingurinn enn ekki vaknaður, svo það leit þá ekki út fyrir, að nein vandræði yrði út af vesalings Ben.

Þegar þau Páll og Marja höfðu borðað kveldmatinn og búið var að taka af borðinu, þá byrjuðu þau samtalið á ný. Ungi maðurinn hafði verið í



djúpum hugsunum á meðan á máltíðinni stóð, og var nú búinn að leggja alt niður í huga sér. Hann var hygginn og fljótur að átta sig og í röksemdafærslu skeikaði honum mjög sjaldan. Og hér við bættist það, hvað einkar úrræða góður hann var þegar í harðbakkana slóst. Á þeim góða eiginlegleik hafði hann þurft að halda því nær alla æfi til að verjast því að láta Marl Larún leiða sig út í syndsamlegan lifnað. Og svo auk alls þessa voru honum lyndiseinkunnir Larúns vel kunnugar.

„Marja,“ sagði hann, „ertu viss um það, að þú hafir séð Marl Larún í garðinum?“

„Eg er jafn viss um, að eg sá hann þar, eins og eg er viss um, að eg sé þig núna.“

„Þú hefir hann auðvitað komið til þess að líta eftir okkur. Eg þekki hann vel. Eg skil nú ýmislegt, sem hingað til hefir verið mér ráðgáta—ýmislegt í hátterni hans gagnvart mér. En hafi hann komið til að njósna um okkur, þá fær hann upplýsingar sínar hjá einhverjum öðrum. Er nokkur einn öðrum fremur í kastalanum, sem þú hefir ástæðu til að ímynda þér, að hann mundi velja sem njósnarinn?“

„Já, já; hann mundi velja Hagar gömlu til þess starfa.“

„Og það var einmitt hún, sem eg rakst á úti fyrir dyrunum. Það er vel mögulegt, að hún hafi heyrt hvert einasta orð, sem okkar fór á milli, því

eg er viss um, að eg talaði svo hátt, að hver maður hefði getað heyrt það út í ganginn. Og sé þetta svo, þá hefir hún komist eftir ýmsu; og segi hún Larún frá því öllu, þá mun hann hafa augun opin. Það var slæmt, að þetta skyldi koma fyrir. En eg skal komast eftir því, hvort hún hefir séð kaffeinn hér í kveld eða ekki. Gegnir hún þér ef þú kallar hana til þín?"

„Já, æfinlega; en þú hefir ekkert upp úr henni því hún er slæg eins og refur og öllum kerlingum kænni.

„Við skulum sjá hvernig fer. Það getur vel verið eg fái hana ekki til að segja mér neitt með orðum, en eg treysti mér til að lesa talsvert út úr svip hennar. Viltu gera það fyrir mig að senda eftir henni?"

Marja stóð á fætur og tók í streng, sem hangdi nálægt henni, og innan skamms kom indversk unglingsstúlka, sem hún skipaði að kalla Hagar gömlu fyrir sig. Indíána-stúlkan fór strax, og að vörmu spori kom Hagar.

„Hagar," sagði Páll í þýðum rómi og hálfbrosandi, „eg gleymdi að segja þér frá því fyrri, að kaffeinninn biður þig að hafa alt í góðu lagi fyrir sig annaðkveld, því þá ætlar hann sér að koma hingað heim.“

„Það er sjálfsagt," svaraði kerling, og kom

einhver glampi í augu hennar, sem Páll skildi óðara.

„Þessi skilaboð bað hann mig fyrir,“ sagði Páll, „og til þess að uppfylla skyldu mína, segi eg þér frá þessu; en þú þarft engan viðbúnað að hafa, því hann kemur hingað ekki.“

„Einmitt það! Hvers vegna kemur hann ekki?“

„Vegna þess hann datt seinnipartinn í dag og fótbrotnaði.“

„Hí, hí, hí—hæ, hæ, hæ—ha, ha, ha, eg held herra Páll viti lítið um kaftininn.“

„Jú, eg veit vel um hann. Vesalings maðurinn tekur óttalegar kvalir út og treystir sér ómögulega að láta flytja sig hingað heim.“

Kerling brosti, en svaraði engu orði.

„Hvað segir þú til þess?“ spurði Páll.

„Eg held eg hafi það eins og þú: búi mig undir komu hans til þess að gera skyldu mína. Er það ekki réttast?“

„Þú um það. Eg hef svo ekki meira við þig að tala.“

Hagar gamla fór út úr herberginu, og strax þegar Páll var viss um, að hún heyrði ekki til hans, sagði hann.

„Svo hún hefir þá séð hann.“

„Ert þú viss um það, Páll?“

„Viss?“ tók hann upp eftir henni, forviða. Hvernig gat hún vitað, að hann hefði ekki fót-



brotnað ef hún ekki hefði séð hann?“

„En veit hún, að hann fótbrotnaði ekki?“

„Ja, Marja, þú gætir aldrei orðið slunginn málafærslumaður. Setjum svo, að hún ekki hefði séð Larún heilan á hófi síðan eg kom hingað í dag, getur þú þá ekki ímyndað þér hvernig hún hefði lagt fyrir mig hverja spurninguna eftir aðra þegar eg sagði henni, að hann hefði fótbrotnað? Hún mundi blátt áfram hafa gengið fram af mér með spurningum. Eða ímyndar þú þér, að hún hefði hlegið eins og hún gerði þegar eg sagði henni um slysið ef hún ekki hefði séð kašteinninn í kveld og vitað, að eg var að fara með ósannindi?“

„Eg sé þetta alt eftir á,“ sagði Marja, og fór hrollur um hana þegar hún hugsaði til þess, að hann hefði frétt um alt samtál þeirra.

„Vert þú hvergi hrædd,“ sagði Páll þegar hann tók eftir óróleik vinkonu sinnar; „Marl Larún á ekki við lamb að leika sér ef hann leggur til stríðs á móti mér. Það vill svo vel til, að eg veit eins mikið og hann og jafnvel meira, því eg veit hvað hann veit, en hann hefir enga hugmynd um, að eg gruni hann.“

„En hvað mikið heldur þú hann viti?“ spurði Marja.

„Eg er hér um bil viss um, að hann veit alt, sem okkar fór á milli áður en þú sást hann í garðinum, því eg man það, að eg heyrði alt af einhvern

h  
eg  
ur  
H  
þá  
ve  
eg  
vil  
en

leyr

kon  
hef  
áður  
sjón  
sé þ  
augu  
eink  
gley  
hans  
rifjað  
grein

nú að

hófi ó  
er ein

hávaða við herbergisdyrnar—eitthvert máss, sem eg þó veitti enga eftirtekt fyrir en eg fór að ganga um gólf í herberginu. Eg er sannfærður um, að Hagar hefir heyrt það alt saman, og hafi svo verið, þá veit kašteinninn það. Mér þykir þetta verra vegna Burningtons heldur en vegna mín sjálfs; en eg skal aðvara hann þegar eg kem um borð. Eg vildi bara, að eg vissi dálítið meira um þann mann en eg veit.“

„Hvers vegna?“ spurði stúlkan. „Er nokkuð leyndardómsfult við hann?“

„Eg er sannfærður um, að svo er; og síðan eg kom hingað—núna á síðustu fimm mínútunum, hef eg fengið meira álit á honum en nokkuru sinni áður. Andlit hans stendur mér fyrir hugskotssjónum, og mér finst eg sjá það svo greinilega—eg sé það nú eins og nokkuð, sem mér hafi borið fyrir augu einhverntíma fyrri; og þó er andlit hans svo einkennilegt, að jafnvel ungbarn mundi aldrei gleyma því ef það sæi það einusinni. Og þá röddin hans. En eg get ómögulega munað—eg get ekki rifjað greinilega upp fyrir mér, ekki einusinni ógreinilega, neitt um hann í fortíð minni.“

„En hvað er hann, Páll?“ spurði Marja, og fór nú að verða forvitin. „Hvernig lítur hann út?“

„Við fyrstu viðkyrning er hann fram úr öllu hófi ógeðslegur, ófriður og viðbjóðslegur. Hann er eineygður og tóma augatóftin öll afskræmd.“

Andlitsliturinn er mjög dökkur, hárið rautt, stutt og úfið, augabrúnirnar miklar og niðurhangandi, andlitið afskræmt og illúðlegt; og auk alls þessa annar fóturinn styttri en hinn.“

„Það er þó sannast að segja,“ sagði Marja, „að þú hefir dregið upp alt annað en ásjálega mynd af manningum.“

„Svona kom hann mér fyrir sjónir í fyrstu; en síðan eg átti tal við hann hefir hann komið mér alt öðruvísi fyrir. Já, þegar þeir efdir menn veitust að mér, þá kom hann og yfirvann þá. Þegar enginn hinna veitti mér eftirtekt, þá leitaði hann mig uppi þegar mér lá mest á og hjálpaði mér. Hann gerði það líka karlmannlega.“

„Ó, hvað eg skal nú elska hann heitt!“ sagði Marja í hálfum hljóðum, og tárin komu fram í augu hennar. Páll vissi við hvað hún átti, og leit á hana þakklátum augum, er auðsjáanlega gladdi hana.

Það var glaða tunglsljós og fult tungl, og gengu nú elskendurnir út í garðinn. Það var talsvert náttfall, en þau gáfu því engan gaum. Þau höfðu gengið eina hringferð um garðinn og samtalið hafði ekki verið annað en blítt og innilegt ástamál, sem öllum er heimská ein nema málsþörtum sjálfum. Alt í einu tók Páll eftir fótataki skamt í burtu. Hann stanzaði og hlustaði.

„Marja,“ sagði hann, „það er sannarlega ein-

hv  
ko  
ko  
lau  
á h  
har  
ugt  
hre  
ind  
sér  
kri  
næs  
hva  
mað  
ver  
elsk  
stað.  
um  
njósi  
hann  
trjár  
einhv  
stöðu  
hver  
og sá



hver að veita okkur eftirför.“

Hann talaði í lögum, skjálfaði rómi, því hann komst strax í geðshræring mikla. Það var eins og komið væri við hjartað í honum með þessum endalausum njósnum. Fyrri tilfellið—þegar Hagar stóð á hleri í ganginum—fanst honum svo lítilsvert, að hann gat hlegið það fram af sér; en að halda stöðugum njósnum uppi um allar hans heimullegar hreyfingar, það var honum ekki einungis til leiðinda heldur reiddist hann af því, og hann ásetti sér að binda enda á það. Hann skoðaði sig, vegna kringumstæðanna, sem honum voru ósjálfráðar, næst ætsta manningum á heimilinu, að minsta kosti hvað það snerti að mega ganga um eins og frjáls maður, og þau réttindi var hann úkveðinn í að vernda.

„Við skulum ganga í kring einusinni enn þá, elska mín,“ sagði hann, og svo lögðu þau aftur á stað.

Páli hélt áfram samtalinu eins og ekkert væri um að vera, en hann hugsaði um ekkert annað en njósnumann, og gaf því nákvæmar gætur, hvort hann væri einkis var. Loks bar þau að þykkvum trjáru í einu horni garðsins, og þá fanst Páli einhverja vera í nánd. Hann gekk áfram, en leit stöðugt um öxl sér. Bráðlega heyrði hann, að einhverja á ferðinn, hann snéri sér snögglega við og sá hvað svarta skríða út úr runnanum. Hann

sá strax, að þetta var Hagar. Með annarri hendi greip hann í síðu hennar, en hinni hendinni um háls hennar og keyrði hana niður. Svo batt hann saman á henni fætuna með vasaklútnum sínum, og svo tók hann frá henni svuntuna og batt saman hendurnar og hnén með henni. Þegar hann var þannig búinn að gera henni alla eftirför ómögulega, þá sagði hann við hana í lágum hljóðum, en í þannig málróm, að hún vissi vel, að hann meinti alt, sem hann sagði:

„Ef þú opnar á þér munninn til þess að gera nokkurn minsta hávaða, þó ekki sé meira en svo, að þú vekir einn einasta smáfugl í trjánnum, eða þó hann hefði sofnað á svarta nefinu á þér, þá skal eg stinga einhverju upp í þig svo þú gerir það ekki nema í eitt skifti. Þú ættir að þekkja mig!“

Eftir það gengu þau Páll og Marja saman um garðinn, óáreitt af öllum. Og áður en þau skildu um kveldið höfðu þau margt sagt hvort við annað, sem þau ekki hefðu viljað láta neinn mann heyra.

„Við verðum að vera vör um okkur,“ sagði Páll, eftir að þau höfðu lengi rætt um ást sína og möguleikann til þess einhverntíma að fá að njóta hvort annars óáreitt, glöð og ánægð. „Við verðum að gæta þess, að aðrir geta verið aðgætnir ekki síður en við, og það geta verið menn, sem engu síður leggja kapp á að aftra okkur en við að sleppa. Minnst Marl Larún á þetta við þig, þá máttu ekki

láta hann komast á snoðir um tilgang okkar með einu einasta orði. Og um fram allt mátt þú ekki vera of fljót á þér við hann. Það er ekki ómögulegt hann biðji þig að giftast sér. Mér þykir langlíklegast, að hann geri það. Og geri hann það, þá máttu ekki vera of bráð á þér að þverneita honum. Það er hezt fyrir þig að neita honum alls ekki, heldur draga hann á svarinu og láta mig síðan vita um það.“

Marja lofaði að reyna að tapa sér ekki og halda Marl Larún í skefjum með stillingu og gætni, og að láta síðan Pál vita, hvað gengi. Undir engum kringumstæðum skyldi hún með neinu láta Larún merkja það, hvað þau hefðu komið sér saman um.

Áður en Páll fór að sofa leysti hann Hagar gömlu.

„Þú færð þetta borgað,“ sagði kerling, þegar hún var staðin á fætur og búin að hrista sig.

„Þú skalt samt fá betur að kenna á því ef þú hættir ekki að ónáða fólk. Eg hef vitað menn missa lífið við það að trana sér fram á hættulegum stöðum.“

Hefði Páll getað séð illilega og djöfullega brosið, sem lék um hið skorpna og hrukkóttu andlit kerlingar, þá hefði hann ímyndað sér, að henni stæði ekki mikill ótti af honum. Slíkt mundi að vísu lítil eða als engin áhrif hafa haft á hann.



Litlu síðar lagðist Páll til svefns, og þrátt fyrir alla æskudraumana og allar hættur og örðugleikana, sem á þessu kveldi fyltu huga hans, þá gleymdi hann ekki að bera fram bænir sínar til hans, sem einn getur hjálpað.

---

## IX. KAPITULI.

### BREFID.

Páll fór snemma á fætur næsta morgun, það tók hann ekki lengi að sjá, að Hagar gamla hafði nákvæmar gætur á öllum hreyfingum hans; en hann lét sem hann sæi það ekki, heldur sá um, að hún væri ekki of nærgöngul. Þegar hún sá, að Páll kom auga á hana, leit út fyrir að hún vildi fremur forðast hann. Páll tók eftir öllu þessu—hann sá hvað nákvæmlega hún hafði auga á honum, og hvað illa henni leið þó við það verk. Á þessu varð það honum ljóst, að ambáttin var einungis að gera það, sem eigandi hennar hafði lagt fyrir hana, og að hún þorði ekki annað en að hlýða.

Þegar búid var að borða morgunverð, gekk hann út í garðinn með Marju, og þegar hann var búinn að velja sér þar blett, sem enginn gat leynt sér svo nærri, að hann heyrði til þeirra, vörðu þau

nokkurum augnablikum til þess að ráðgera, hvernig þau ættu að haga málum sínum. Þau voru nú rólegri og hugsanir þeirra stillilegri heldur en kveldið áður. Þegar þau voru nýbúin að reka sig á alt ranglætið og mannvonzkna, sem átti að beita gagnvart þeim.

„Aldrei,“ sagði Páll einlæglega og innilega, „hef eg tekið þátt í neinu andstyggilegu ráðabruggi Marl Larúns, og eg hef aldrei lyft hendi minni á móti mönnum nema þegar svo raunalega hefir tilborið, að um líf mitt hefir verið að tefla. Ó, eg má til með að losast burtu úr ánauð þessari. Til margra ára hef eg fundið til þessa dauðlega átu-meins í sálu minni, og þó hef eg ekki getað losað mig við það. Eg get ómögulega yfirgefið Marl Larún og skilið þig eftir hjá honum. Hann veit þetta, og hann hefir þrásinnis á mælt mér fyrir það —já, á mælt mér fyrir göfugustu tilfinningar hjarta míns. Þegar eg hef hótad honum að yfirgefa hann, þá hefir hann nefnt nafn þitt með hæðnis brosi. Hann vissi, að nafn þitt var eina bandið, sem gat bundið mitt líf við líf hans. En þetta má ekki æfulega ganga þannig. Eð slít mig ekki frá illmenni þessu á meðan eg lífi, nema eg geti tekið þig með mér; en eg get ekki til lengdar lifað þessu lífi. Það getur ekki orðið langt þess að bíða, að eg hnigi niður undir því, sem eg hef að bera, ef eg ekki get varpað af mér byrðinni. Meðan eg, var

unglingur hugsaði eg minna um þetta, en nú þegar eg er orðinn full orðinn maður—ef ekki að árum, þá samt að reynslu—þá er ógæfan og skömmin mér tilfinnanlegri. Marja, við verðum að hafa okkur í burtu hédan, annars hlýt ekki einasta eg að falla, heldur þú einnig. Þú veizt við hvað eg á. Þú veizt hvaða hættu vofir yfir þér hér. En þú skalt ekki gráta—láttu ekki hugfallast—því oklour tekst enn þá að forða okkur. Eg get ekki trúað því, að guð láti þrælmennið koma ásetning sínum fram.“

Þegar Páll hafði lokið máli sínu vafði Marja handleggjunum um háls honum og hallaði höfðinu upp að brjósti hans.

„Eg held guð hjálpi okkur,“ sagði Marja í hálfum hljóðum, „því hann veit, að eg hef reynt að hlýða honum í öllu, eftir því, sem eg hef haft vit á. Æ! hvað sæl við verðum þegar við eigum sjálf heimili, þar sem illir menn ekki geta grandað okkur. Þú segist nýlega vera orðinn fullorðinn maður. Eg er líka nýlega orðin fullorðin kona. Síðast þegar við vorum saman hér, þá fanst mér eg vera barn, en nú finst mér það ekki. Nú finst mér þrældóms stand mitt liggja eins og martröð á brjósti mínu, og geri illmennið það, sem hann hefir í hyggju, þá verður það minn bani.“

„Óttast þú ekki,“ sagði ungi maðurinn, „því eg skal frelsa þig. Einhvern tíma þegar eg kem skal eg færa þér mátulegan sjómannsfatnað, og svo



skal eg hafa þig í burtu með mér eins og einn af hásetum mínum. Eitthvað þess háttar ætti að verða unt að gera; og eftir að við erum sloppin héðan, þá getum við farið til einhverrar hafnar meðfram ströndinni, og þaðan er aftur auðvelt að komast af landi burt. Örvæntu ekki, elskan mín.“

Nei, eg skal ekki örvænta, Páll,“ svaraði hún — „eg skal ekki gera það.“

Og svo talaði hann mörg huggunar- og hughreystingar-orð við unnustu sína. Margt af því voru raunar orð, sem lítið var á að byggja, en þau höfðu góð áhrif og voru betri en umhugsanir um mótlæti og hættu. Það var nú að lúða nær því, að Páll yrði að fara, því hann hafði lofað að vera kominn um borð klukkan tíu að morgni. Hann gerði því Marju eins vongóða og hann frekast gat, lofaði henni að koma bráðlega aftur, kysti hana að skilnaði og skundaði niður til báts síns.

Ferðin niður eftir ánni gekk greitt, og þegar Páll steig upp á þilfar briggskipsins, var kaffeinninn þar við hendina til þess að taka á móti honum.

„Þú ert stundvís,“ sagði Marl með hæðnisglotti á andlitinu, sem ungi maðurinn tók vel eftir.

„Það er vanalega tilgangur minn að vera það,“ svaraði Páll. „Þegar eg lofa einhverju, þá stand eg við orð mín.“

„Ef þú getur það,“ bætti Larún við, og brosti skuggalega.

„Auðvitað kannast eg við afl vissra hluta til að ónýta áform mín og jafnvel eyðileggja minn innra mann; en eg kannast ekki við rétt þeirra, og vei þeim, er slíkt reynir!“

„Þakka þér fyrir lexíuna,“ sagði Larún, og glotti aftur hæðnislega. „Eg skal reyna að muna hana.“

Páll gekk aftur á og inn í káetuna. og fyrsta verkið hans var að vitja um gamla Ben, sem hann kom að í aumu ástandi. Gamli maðurinn gladdist þegar hann sá unga læknirinn, og hann vonaði, að það þyrfti aldrei framur að skilja sig eftir undir umsjón kašteinsins.

„Fari eg aftur,“ sagði Páll, „þá skal eg skilja eftir hjá þér viðeigandi meðöl og einhvern mann, sem óhætt er að treysta. En hvernig líður þér nú annars?“

„Eg er mjög máttvana og get ekki sofð.“

„Hefir þú sofnað síðan eg fór?“

„Já, og af því drekk eg nú. Eitthvert meðal, sem þú skildir eftir hjá mér, harðlokaði svo á mér augunum, að eg svaf í einum dúr frá því litlu eftir að þú fórst í gær og þangað til í morgun.“

„Það getur ekki hafa verið neitt, sem eg skildi eftir hjá þér, Ben,“ sagði Páll í því hann tók um úlnið hans og athugaði lífæðina. „Þér hefir verið gefið eitthvað, sem eg fyrirskipaði ekki, en vertu óhræddur. Það gerir þér engan skaða, þér líður

einungis illa af því um tíma.

Páll sá strax á ástandi sjúklingsins, að honum hafði verið gefið mjög sterkt svefnlyf, og hann vissi einnig hvers vegna það hafði verið gert; en hann ásetti sér að koma í veg fyrir, að slíkt yrði gert oftar. Hann gaf sjúklingnum tafarlaust inn meðal, sem hann áleit við eiga, og fór síðan úr sjúkraklefanum upp á þilfarið, þar sem mennirnir sváfu. Hann hafði tekið eftir Buffó Burnington á efra þilfarinu og þar var hann nú eins og Páll bjóst við. Þessi einkennilegi maður hraðaði sér strax á móti Páli þegar hann sá hann koma, tók vinalega í hönd hans, leit snöggvast framan í hann, litaðist um eins og hann óttaðist, að einhver kynni að heyra til sín, og sagði svo fljótt, en í lágum rómi:

„Hvað hefir kaftinninn heyrt um mig?“

„Því spurðu að því?“ spurði Páll, því hann langaði til að vita strax hvað hefði komið fyrir.

„Það skal eg segja þér. Í gærkveldi fór kaftinninn og lézt ætla að ganga um skóginn sér til skemtunar. Það var orðið mjög framorðið þegar hann kom til baka. Það fyrsta, sem hann sagði þegar hann kom, var: ‚Er Burnington um borð?‘ Formaðurinn sagði svo vera. ‚Haltu honum þá um borð,‘ sagði kaftinninn. Þetta heyrði eg með mínum eigin eyrum. Þegar eg kom upp á þilfar í morgun, þá var Larún þar fyrir, og síðan hæfir hann vaktað mig eins og köttur mús. Hann hlýt-



ur eitthvað að hafa heyrt.“

„Það hefir hann líka,“ svaraði Páll. „Hann hefir heyrt alt, sem þú sagðir við mig kveldið, sem við töluðum saman hér á þilfarinu.“

Og svo sagði Páll honum frá öllu, sem gerst hafði, sagði honum nákvæmlega, hvað Hagar gamla hefði heyrt, og að Marja hefði séð kaffeininn.

„Svo þú ert þá viss um, að hann veit þetta alt?“ sagði Burnington, og bar málrómurinn vott um sorg.

„Já, eg er viss um það,“ svaraði Páll.

„Nú jæja, hann græðir ekki sérlega mikið á því, einkanlega þegar eg veit nú um þetta og verð ekki óviðbúinn gagnvart honum.“

„En farðu gætilega,“ sagði Páll, „því hann grunar alls ekki, að eg tortryggi hann. Hann heldur, að eg viti ekkert um ferð hans til kastalans í gærkveld; og hefði hann ekki látið sér jafn ant um að gægjast inn um gluggann, þar sem ungfrúin var inni fyrir, þá hefði eg ekkert um ferð hans vitað. Nú stöndum við þó betur að vígi en hann að einu leyti að minsta kosti. Hann veit einungis um það, sem við sögðum og gerðum, en við vitum það, sem hann heldur enginn viti nema hann einn. En hvað er alt þetta, sem hér er um að vera?“ sagði Páll með alvörugefni. „Hvað hefir kaffeinninn að óttast frá þinni hendi? Hvaða

samband getur hér verið um að tala á milli mín og þín? Það hlýtur eitthvað að vera. Það verður að vera eitthvað meira en lítið, sem kveikir slíkan ótta hjá manni eins og Marl Larún.“

„Þei-þei!“ sagði Burnington. „Þarna kemur hann nú, er rétt að koma niður í káetuna, eg heyri málróminn hans. Getur þú komið fyrir mig bréfi til Caraccas?“

„Já, það get eg hæglega. En—“

„Tölum ekki meira um það, nú. Þegar eg fæ þér bréf, þá sjáðu um, að það komist til Caraccas án þess það komist í neinna hendur hér nema mínar og þínar. Treystu mér enn þá tímakorn, og þá getur skeð, að eg geti hjálpað þér. Eg veit hvers þú þarfnast, og skal ekki bregðast þér. Farðu nú að líta eftir sjúklingum þínum.“

Burnington snéri sér snögglega frá Páli í því hann slepti orðinu, og samkvæmt bendingunni fór Páll tafarlaust inn í sjúkraklefan, þar sem þrír særðir skipverjar lágu. Hann var að þreifa á lífæð eins þeirra þegar kaffeinninn kom inn.

„Ó, þú ert þá hérna,“ sagði kaffeinninn.

„Já, eg er hér. Vildir þú finna mig?“

„Eg vildi einungis vita, hvar þú værir. Það var alt og sumt.“

Síðan snéri Larún við aftur og gekk inn í káetuna og beið þar þangað til Páll var búinn að vitja allra sjúklinganna. Páll sá, að þeir þörfuðust

einkis fram yfir það, sem hann hafði fyrirskipað. Hann hughreysti þá með því, að þeir væru á góðum batavegi, og gekk síðan inn í káetuna til kaft-einsins.

„Jæja, sonur minn góður,“ voru fyrstu kveðju-orð kaft-einsins, „hvernig hefir þú skemt þér?“

„Ágætlega, og meira en það,“ svaraði Páll og lézt ekki taka eftir í hvað sərandi anda kaft-einninn sagði þetta.

„Fanst þér Marja l'ta eins vel út og þú áttir von á?“

„Já, það fanst mér.“

„Eg býst við þú elskir hana engu minna nú en þú gerðir þegar þú varst lítill drengur?“

„Auðvitað ekki.“

„Kannske meira?“

„Ja, eg get naumast um það sagt. Það getur verið, að ást mín sé nokkuð á annan veg nú.“

„Því gæti eg trúað,“ sagði Marl Larún, og var ekki laust við hann kəmist í bobba af því, hvað hreinskilnislega Páll svaraði. „Sagðir þú henni frá því, hvernig ást þín hefði breyzt?“

„Eg sagði henni frá því, hvernig þú hefðir sagt henni ósatt viðvíkjandi mér,“ svaraði ungi maðurinn, og horfði rólegur framan í spyrjandann.

„Og hvað var það?“

„Þú sagðir henni, þegar þú heimsóttir hana fyrir ári síðan, að eg hefði ekkert kært mig um að



koma heim til hennar.“

„Gerði eg það?“

„Já, það gerðir þú.“

„Kannske það hafi staðið svoleiðis í höfðinu á mér þá í svipinn.“

„Hafi svo verið, þá hefir þú hlotið að vera býsna-gleyminn, það er alt og sumt. En tölum ekki frekar um það. Eg skemti mér ágætlega. Marja er við beztu heilsu og glöð í anda; eg talaði lengi við hana mér til mestu ánægju; sagði henni, hvað vænt mér þætti um hana; gekk með henni út í garðinum hennar; rakst þar á eina af kerlingum þíuum, losaði okkur við hana og gerði mig yfir höfuð heimakominn og gerði þennan tíma mér sem allra skemtilegastan.“

„Losaðir ykkur við eina af kerlingum mínum?“

„Já. Það var Hagar gamla. Þú kannast við hana, kerlinguna. Hún laumaðist í hámtót á eftir mér um garðinn, svo eg tók hana blátt áfram og batt hana. En eg skaðaði hana ekkert. Eg leysti kerlu rétt áður en við fórum inn úr garðinum.“

„Hvernig vogar þú að gera slíkt?“ hrópaði Larún í mikilli geðæsing.

„Hvernig vogaði eg?“ át Páll eftir. „Eg hélt þú þektir mig að því, að eg þori að gera hvað sem er.“

„Þú getur orðið of þorinn einhverntíma, hugsaðu til þess.“

„Kannske eg hafi verið það nú þegar. En svo gerir það þá hvorki til né frá. Eg býst við, að gömlu konuna hafi langað til að vita hvernig elskendur tala saman, og hafi verið að reyna að láta okkur kenna sér það. Og eg gaf henni bráðabirgða lexíu, en eg býst við að hún verði gleymd næst þegar eg kem.“

„Svo þú varst þá að tala um ástir við Marju?“ stamaði Larún fram úr sér í hásum rómi eins og hann ætti stríð með að halda hinum æstu tilfinningum sínum í skefjum.

„Og um hvað svo sem annað hefðum við átt að tala, maður?—bróðir og systir, sem ekki höfðum sézt í hálf tann ári. Hefir þú nokkurn tíma átt systur?“

Þessi síðasta spurning var borin fram í lögum og viðkvæmum rómi, og ræningjaforinginn hneigði höfuðið fyrir henni. Það varð dálítill þögn, og notaði Ben gamli hana til þess að kalla Pál til sín. Ungi maðurinn brá strax við, og kaffeinninn fór upp á þilfar og gekk þar um gólf í meira en hálf tíma án þess að tala orð við nokkurn mann. Hann var auðsjáanlega í þungum hugsunum. Hann var í vafa um hverju hann ætti að trúá eða hvað hann ætti að ímynda sér. Hann kannaðist við það, að Hagar gamla var ekki sem líklegust að treysta til þess að fara rétt með það, sem hún heyrði, og hann velti því fyrir sér, hvort ekki gæti hugsast, að hér

væri einhver misskilningur. En þegar hann hugsaði betur um það, sá hann, að gamla konan hlaut að hafa byggt sögu sína á einhverju, sem hún heyrði; hið eina í sögunni, sem gat verið vafasamt, var um ást þeirra Páls og Marju hvors til annars. Afbrýði hans—því að hann var nú orðinn hræddur um Marju fyrir Páli—hafði í fyrstu dregið athygli hans frá hinum öðrum uppgötvunum kerlingarinnar, og honum fanst alt annað gott ef Páll elskaði Marju einungis eins og systur sína; en svo, þegar hann yfirvegaði alt þetta betur—áformið að strjúka og alt samtalið—þá heitstrengdi hann að ónýta það áform og hefna sín. En í bráðina ónáðaði hann ekki Pál frekar en frá hefir verið sagt.

Næsta dag laumaði Burnington bréfi í hendina á Páli og hvíslaði því að honum að halda því leyndu og koma því áleiðis eins fljótt og hann gæti. Þegar Páll fékk tóm til, skoðaði hann bréfið. Það var eins og hvert annað sendibréf, vandlega lokað og skrifað utan á það til „*Don Pedro Manriuez Caraccas.*“ Sá, sem skrifað hafði utan á bréfið, var auðsjáanlega nokkuð skjálfhentur, en skrifaði góða og greinilega rithönd, sem bar vott um styrkan karakter og mann sem hafði einhverntíma haft talsverða æfing með pennanum.

Næsta dag var Páll í landi með flokk manna, sem sendir höfðu verið til þess að leita að hestum, er sloppið höfðu frá kastalanum. Þrír hestar



höfðu fundist. Páll fór á bak einum þeirra og sagðist ætla að reyna hvað góður hann væri. Mönnunum var sama hvað Páll gerði bara hann ekki færi sér að voða, og mundu þeir allir hafa lagt allmikið í sölurnar til að afstýra slíku; þeir báðu hann því að fara gætilega, og hann hló að þeim fyrir hræðsluna og sló upp á, og þeir horfðu hlæjandi á eftir honum. Hann reið eftir götu, sem honum var kunnugt um frá fyrri tímum, og þegar hann hafði riðið um sjö mílur, kom hann að vog, þar sem nokkurir fátækir, spánskir fiskimenn bjuggu í kofum sínum. Hann fann nokkura þeirra að máli og fékk fljótt upplýsingar um það, að loggorta ætti að sigla til Carreacas næsta morgun með farm af þurkuðum fiski, og að önnur ætti að sigla þangað viku síðar. Páll fann formann loggortunnar og bað hann fyrir bréfið. Maðurinn lofaði að sjá um bréfið og koma því áreiðanlega til skila, og bauð Páll honum dollar í þóknunarskyni fyrir fyrirhöfnina. Fiskimaðurinn neitaði í fyrstu að taka peninginn, en gerði það þó að lokum og var Páli þakklátur.

Páll komst til manna sinna þegar þeir voru að enda við hestaleitina, og þegar hann kom um borð sagði hann Burnington við fyrsta tækifæri frá því, að bréfið væri komið áleiðis.

Litla hugmynd hafði Páll um það, hvað mikla þýðing bréf þetta mundi hafa.

átti  
kon  
gan  
eint  
grei  
fyri

fyrir  
inni  
veðu  
nm g  
var a  
vegna  
burtu  
sinni?  
hann

N  
hann  
um da  
kærara  
sú regl  
ekki u

## X. KAPITULI.

## GLÆSILEGAR VONIR.

Páll hafði ekkert hugsað um loggortuna, sem átti að sigla til Caraccas að viku liðinni, fyr en komið var langt fram á kveld. Hann var að ganga um gólf á þilfarinu þegar þetta kom alt í einu upp í huga hans, og hann stanzaði og spenti greipar, og það var eins og nýtt ljós rynni upp fyrir honum.

„Það er enginn minsti vafi á því,“ tautaði hann fyrir munn sinn, „að maðurinn sagði að viku liðinni — að einni viku liðinni frá því á morgun, ef veður leyfir.“ Og svo fór hann aftur að ganga um gólf, og var að smá tala við sjálfan sig. Hann var að velta fyrir sér þýðingarmiklu atriði. „Hversvegna get eg ekki eins vel komist með Marju burtu úr kastalanum þá eins og nokkuru öðru sinni?“ Um þetta var hann að hugsa þangað til hann afréð að koma því til leiðar.

Næsta morgun sagði hann kaffeininum, að hann byggist við að skreppa heim til kastalans um daginn. Þótt Larún hefði eflaust verið það kærara, að Páll hefði setið kyrr um borð, þá hafði sú regla viðgengist frá því fyrsta, að neita honum ekki um að sitja og standa eins og honum gott

þótti, og það var um seinan nú að fara að taka fram fyrir hendurnar á honum. Og svo gat verið önnur orsök til þess, að kaffeinninn ekki beitti valdi til þess að koma fram ósk sinni í þetta skifti. Hann vissi, að allir skipverjar myndu taka Páls taum; og jafnvel þó kaffeinninn væri einráður á skipinu, þá var honum það full-ljóst, að ef í ilt færi á milli hans og Páls, þá hefði Páll það við sig, að vald sitt framvegis gæti staðið á völtum fæti. En svo hnggaði hann sig við það, að til þess að geta kemist í burtu með Marju, yrði Páll að yfirstíga alt lið kástalans, og það vissi hann, að Páli var ofvaxið þó hann hefði með sér tuttugu menn jafn snjalla sér, hvað þá heldur einn.

Eftir miðdagsverð valdi Páll sér menn og lét þá róa með sig upp eftir ánni. Marju leið vel og þótti vænt um, að hann kom. Í þetta skifti gætti hann þess vandlega að haga þannig samtali þeirra, að það ekki heyrðist þó einhver staði á hleri.

Þau sátu í sama herberginu, sem Hagar gamla hafði heyrt til þeirra í fyrra skiftið; en þau höfðu dyrnar opnar til þess að geta séð til ferða allra þeirra, sem upp stigann gengu. Eftir litla stund sáu þau eitthvað svart líða upp stigann og kom fjótt í ljós, að það var Hagar; en þegar hún sá í augu Páls varð henni svo hverft við, að hún skreiddist ofan aftur. Páll brosti að kerlingunni og hóf síðan máls á því, sem honum lá á hjarta.



„Marja,“ sagði hann, „þú mátt ekki reiðast mér af spurning þeirri, sem eg ætla að leggja fyrir þig. Mig langar til að vita, hvað mikla peninga þú gætir haft ef til þyrfti að taka.“

„Hvers vegna spyrðu mig að þessu?“ spurði ungfrúin brosandí.

„Vegna þess mig langar til að vita, hvort við sameiginlega getum skrapað saman nógum peningum til þess að komast til Englands fyrir.“

„Hvað gott skini okkur af því?“ spurði hún með áfergi. „Getum við sloppið?“

„Eg sá ráð, þó ekki sé álitlegt. Eg held okkur takist þab.“

„Guð gæfi, að svo yrði.“

„En til þess þurfum við peninga, Marja. Eg hef ögn—kannske svo sem eitt þúsund dollara—sem eg hef fengið frá greiðviknum mönnum, sem eg hef hjálpað.“

„Eg hélt þú ættir margar þúsundir.“

„Það ætti eg líka ef eg fengi minn skerf. En heyrðu mig—eg tek það, sem mér ber af herfanginu á franska skipinu, það var óvinur brezku þjóðarinnar og herskip. Eg tek minn hlut af því og þar fæ eg um tvö þúsund dollara í við bót; en ef til vill get eg ekki fengið þetta án þess að vekja grun kašteinsins, því þeim peningum hefir enn þá ekki verið skift.“

„Láttu það eiga sig, Páll—láttu það eiga sig,“

sagði Marja brosandí. „Eg hef nóg handa okkur, og meira en nóg, þó það sé reyndar ekki í peningum. Eg á einlæga vinstúlku, sem hefir fært mér glingur mér til gamans.“

Páll horfði framan í Marju forviða og forvitinn, og hann varð meira og meira forviða eftir því, sem brosið á andliti hennar fór vaxandi. Marja tók eftir þessu og hélt því áfram:

„Þig langar til að vita við hvað eg á; taktu þá eftir. Á meðal ambáttanna hér er ung stúlka — Indíanastúlka, sem þykir sérlega vænt um mig, og sem strýkur til fólks síns þegar eg er farin héðan. Fyrir eitthvað þremur árum færði hún mér ofurlítinn mola af kristalli, eða sem leit eins út, og spurði mig, hvort það væri ekki deman. Eg skoðaði þetta, og sagði henni, að svo væri. Hún hafði fægt steininn með vikurkoli, og þegar eg bar hann saman við gimsteina mína, þá sá eg óðara, að hann mundi vera mikils virði, og sagði eg henni, að hann væri margsinnis meira virði en nægði henni til þess að kaupa frelsi sitt með. Hún sagðist ekki vilja frelsi á meðan eg væri húsmóðir sín, og svo spurði hún eftir nokkura umhugsun, hvort eg gerði mér ekki von um að sleppa héðan einhvern tíma. Eg sagði svo vera, og svo sagði hún mér, að það væri miklu meira til af steinum þessum þar, sem þessi hefði fundist. Það var spölkorn í burtu héðan, þar sem lækurinn, sem rennur hérna undir

ka  
up  
í h  
sko  
hún  
hun  
hefi  
tölu  
ið m  
næri  
  
eru e  
svo a  
  
bergi  
Páli o  
kom d  
hvern  
mörg  
  
„l  
half hi  
„f  
þetta, l  
„F  
„F  
við mig  
Ha  
sá, hver

kastalavegginn, kemur upp í djúpum helli hérna uppi í klettunum. Af hending fann hún ganginn í hellinn og þar fann hún steinana í sandinum, sem skoðast hafði upp úr læknum. Það var eins og hún sagði, og síðan hefir hún fært mér því nær tvö hundruð steina á ýmsri stærð. Handa sjálfri sér hefir hún geymt á að gizka þriðjung steinanna að tölu, en alla þá stærstu og fallegustu hefir hún gefið mér, hvað sem eg hef sagt á móti því. Þú getur nærri, hvað við munum fá fyrir alla steina þessa.“

„Hvað þú munir fá fyrir þá,“ sagði Páll. „þeir eru ekki mín eign. Eg vissi ekki, að þú værir svo auðug. Ertu viss um, að þetta s u demantar?“

Marja svaraði engu, en hún gekk burt úr herberginu, og þegar hún kom inn aftur, rétti hún Páli ofurlóttinn kassa. Hann opnaði kassann, og kom óstyrkur á hann þegar hann tók úr honum hvern demantinn eftir annan, sem hann sá, að voru mörg þúsand dollara virði hver um sig.“

„Þú ert auðug eins og prinsessa,“ sagði hann hálf hnugginn.

„Þú ættir skilið, að eg yrði vond við þig fyrir þetta, Páll.“

„Fyrir hvað þá?“

„Fyrir það, að halda, að eg skoði þig í skuld við mig ef eg giftist þér.“

Hann hrökk saman og roðnaði við þegar hann sá, hvernig hún hafði lesið hugsanir hans. En



Marja bætti úr öllu.

„En eg hef enn þá ekki sagt þér alla söguna,“ sagði hún brosandí. „Henni vinkonu minni hefir lengi verið vel til þín fyrir það, hvað góður þú varst við hana þegar þú og hún og—þegar við öll vorum yngri en við erum nú.“

„Það er þá Otehewa, sem þú átt við?“

„Já.“

„Hvernig hefði eg átt að vera öðruvísi en góður við jafn trúverðuga og góða stúlku?“

„Og hún hefir reynst þér trygg af því þú varst henni góður. Eg skal segja þér það, Páll, að það er ekki lyndiseinkunn Muyscasanna að reynast þeim trúir, sem vondir eru við þá; og þess vegna er það, að Otehewa dræpi herra okkar fyrir mig, hvenær sem væri. Hún er slungin stúlka, og eg ber mikið traust til hennar ef mér lægi á hjálp. En nú ætla eg að halda áfram sögunni: Helming demantanna bað hún mig fyrir handa þér, og þannig hefir þessi góða stúlka skift demöntum sínum jafnt á milli okkar allra, því að, eins og eg sagði, hefir hún sjálf á að gizka þriðjunginn. Hvað segir þú nú um allt þetta?“

„Fyrirgefðu mér, Marja. Ó, hvað gæfusöm við verðum!“

Þau sátu þarna þegjandi stundarkorn yfir auðæfunum; svo fór Marja með kassann, og þegar hún kom aftur létu þau herbergið standa opið og Páll

byrjaði að tala um hugmynd sína um hvernig þau ættu að komast í burtu.

„Þá er nú útrætt um peningamálin,“ sagði hann „og næst liggur fyrir að tala um, hvernig við eigum að losna hédan. Verði gott veður þá fer loggorta að viku liðinni til Caraccas frá fiskimanna vognum hérna fyrir suðaustan okkur. Ef okkur gæti hepnast að vera þar þá til staðar, er líklegt, að okkur tækist að sleypa — Ó, þar sér á ullina á hausnum á henni Hagar gömlu í stiganum.“

Páll hljóp eins og örskot fram að uppgöngunni, og vesalings Hagar varð svo bilt við, að henni varð fótaskortur og hún valt eins og kefli niður allan stigan og rak upp ógurlegt öskur þegar hún kom niður á steingólfid.

„Eg vona, að hún hafi ekki meitt sig,“ sagði Páll þegar hann kom inn aftur, sem hann gerði strax þegar hann sá, að eitthvað af vinnufólkinu kom og fór að styrma yfir kerlingu. „Eg ætlaði einungis að hræða hana. En það, sem eg ætlaði að segja, var, að eg ætla að koma hingað kveldinu áður, og svona hef eg hugsað mér að ná þér með mér: Minsti hásetinn minn er lítið stærri en þú og hreint ekki hærri. Eg ætla að lata hann koma með auka fatnað af sér og þú hann skalt þú fara. Svo læt eg Villa—hann heitir Vilbjalmur Maso.—laumast niður í bann og fela sig þar undir þóftu. Þegar eg svo kalla menn mína til skips, þá kemur

þú óhikuð með þeim, sem einn af hásetum mínum. Eftir þessu mun enginn taka, því að myrkur verður komið eins og þú veizt og engan grunar neitt. Hvernig geðjast þér að hugmyndinni?“

„Þú ætlar þá að yfirgefa bátinn strax eftir að við erum komin út fyrir kastalann?“

„Já.“

„Eg vona það takist,“ sagði Marja þhyggjufull. „En hvað verður um mennina og bátinn?“

„Þeir fara auðvitað um borð án mín.“

„Og hvert eiga þeir að segja kafteininum, að þú hafir farið?“

„Bíddu við. Þar kemur eitt, sem eg hafði ekki hugsað fyrir. Ef þeir fara strax, þá auðvitað —eg sé ráð. Þeir skulu segja kafteininum, að eg hafi skipað þeim að bíða mín alla nóttina ef til kæmi, og svo hafi þeir farið um n. Svoleiðis skal eg hafa það. Þegar við yfirgefum bátinn, þá segi eg þeim að bíða mín þangað til eg komi aftur, og verði eg ekki kominn þegar fer að birta af degi, þá skuli þeir ekki bíða lengur heldur fara án mín. Um það leyti þeir verða komnir til skips verðum við komin til hafs, því það er hægt að koma ýmsu til leidar með peningum, og fyrir nokkura dollara get eg fengið fiskimennina til þess að sigla fyrir dag. Á þennan hátt verða hásetarnir í engri sök, því Larún veit, að það er skylda þeirra að hlýða öllu, sem eg segi þeim.“



„En þegar hann kemst að því, að eg er farin, mun hann þá ekki skella skuldinni á hætana?“

„Enganveginn, því þeir geta svarið, að þeir hafi ekkert um þig vitað, og að, hafir þú farið með mér, þá hljótir þú að hafa farið án mín úr kastalanum og við svo fundist í skóginum. Skilur þú ekki þetta?“

„Jú, eg skil það, og eg vona, að okkur takist þetta. En—“

„Hamingjan góða komi til!“ hvíslaði Páll. „Er þá ekki kerlingin búin að skriða upp stigann aftur.“ Hann sá hana laumast upp úr stiganum og komast í hvarf rétt við herbergisdyrnar. „þei-þei! Hún er að skriða að dyrunum. Þarna stanzar hún Farðu nú gætilega, því eg ætla mér að reyna að villa fyrir henni.“

Páll vissi, að Hagar gat heyrt hvert orð, sem þau sögðu í fullum rómi. Hann sagði því, mjög greinilega og heldur berra en hann talaði vanalega:

„Við verðum að fara mjög gætilega að öllu, Marja. Eg er nú búinn að lappa svo upp á Hagar gömlu, að engin hætta er á, að hún heyri til okkar.“

Þau heyrðu bæði hlakka í kerlingu úti fyrir dyrunum og brostu því hvort framan í annað.

„Að einum mánuði liðnum get eg komist í burtu héðan,“ sagði Páll hátt og skýrt. „þá verð eg búinn að fá mitt af herfanginu, og þá skulum

við fara að búa okkur undir að sleppa. Eg hef átt meira tal við Buffó Burnington og hann heldur nú eftir alt saman, að Marl Larún sé faðir minn; og hann ráðleggur mér að sitja kyr, þar sem eg er og verða sjóræningi. Hann segir, að það sé háleitasta staða undir sólinni, og að hann vilji heldur vera skipverji hjá Larún kasteini en hertogi á Englandi. En mér stendur á sama hvað hann segir. Þegar hann sagðist hafa séð mig heima hjá Humphrey, þá bjóst eg við, að hann mundi segja mér fleira, en hann vill ekki gera það. Hann er ekki eins góður maður og eg hélt hann væri—þegar alt kemur til alls þá er hann ekkert annað en sjóræningi.“

„Það tekur á mig að heyra það,“ svaraði Marja hátt og snjalt. En við verðum ekkert upp á hjálp hans komin. Er ekki hægt að komast héðan fyr en eftir heilan mánuð?“

„Nei, því eg fæ ekki peningana fyrri; og um það leyti fer Larún að búa sig undir að sigla, og þá fáum við meira svigrúm. En nú skulum við ekki tala frekar um þetta. Að viku liðinni finn eg þig aftur og þá tölum við nákvæmar um áform okkar. Þá ætla eg að reyna að geta sagt þér, hvernig eg hugsa mér að haga öllu.“

Eftir að þau höfðu talað þannig saman nokkura stund bað Páll hana að ganga ögn um garðinn með sér. Marja var fús til þess, og þegar þau

komu út í ganginn, sáu þau hvar Hagar gamla skauzt fyrir horn í hinum enda gangsins. Páll brosti að kerlingu, því hann vissi, að hún mundi hafa bitið á agnið.

Þegar þau komu út í garðinn, vissu þau, að enginn mundi heyra hvað þau töluðust við, og gekk Páll þar úr skugga um, að Marja skildi hvernig öllu ætti að haga. Hún lofaði að vera tilbúin að flýja þegar hann kæmi að viku liðinni; og þegar úttalað var um það, fóru þau að tala um ýmislegt annað.

Þegar Páll fór til skips, var hann viss um það með sjálfum sér, að ófrelsi sitt tæki bráðum enda. Hann var ánægður og glaður í huga og vonir hans bjartar og unaðsfullar. Hann hugsaði ekkert til þess þá, hvað fljótt og óvænt stundum dregur fyrir sól, og að það er ekki æfinlega sopið kálið þó í ausuna sé komið. En honum fanst hann hafa ástæðu til að vera glaður, og þó efasemdir gerðu öðru hvoru vart við sig, þá hratt hann þeim frá sér og lét þær ekki draga nema sem allra minst úr gleði sinni.

*Arnþjotur B. Olson*

---



## XI. KAPITULI.

## MÁLFUNDIR.

Innan tveggja daga var Páll búinn að komast eftir því, að agnið, sem hann lagði fyrir Hagar gömlu, hafði komið að tilætluðum notum. Næsta dag eftir samfundi Páls og Marju fór kasteinninn heim til kastalans, og þegar hann kom til baka skein ánægja út úr svip hans, sem Páll vissi vel af hverju stafaði. Það var ískyggilegt og djöfullegt brot, sem lýsti því, að hann hafði fengið vitneskju um eitthvað, sem honum var meira en lítið að skapi.

Á meðan Larún var í landi átti Páll langt samtál við Burnington, og þá sagði hann honum frá því, hvernig hann hefði vilt fyrir kasteininum með því, sem hann lét Hagar heyra.

„Það liggur því í augum uppi,“ sagði Páll, „að takist mér þetta, þá hættir kasteinninn að tor tryggja þig.“

„En forvitni hans um mig heldur þó áfram,“ svaraði eineygði maðurinn.

„Hvað gerir það. Þó hann haldi, að þú hafir af tilviljun séð mig þegar eg var barn, þá er honum það sama ef hann heldur, að þú ímyndir þér, að eg sé sonur hans. En nú fer hann bráðum að

koma úr landi og þá getum við séð á honum, hvað mikið honum hefir verið sagt, því hann mun ekki leyna því.“

Páll var að hugsa um, að segja Burnington frá áformi sínu og Marju, en hann hætti við það, hann áleit, að það leyndarmál væri hvergi betur geymt en hjá sjálfum sér. Ef til vildi segði hann honum frá því síðar—rétt áður en hann færi. Hann varð að velta því betur fyrir sér áður en hann réði annaðhvort af. Það var nógur tími.

Eins og áður er ávíkið leið ekki á löngu, að Páll og Burnington vissu, að agnið hafði hrifið, því þegar kaffeinninn kom úr landi var hann svo ánægður með sjálfan sig og svo kurteis við Pál, þó hnífilyrði hryti með við tækifæri; og Burnington langaði hann auðsjáanlega til að sýna velvildarmerki. Einusinni þegar Burnington var við vinnu sína kom kaffeinninn til hans og bað hann að koma með sér niður í káetu. Páll var þá í landi með mönnum, sem fóru að sækja vatn, og sagðist hann ætla að tína rætur til meðala; en aðalerindið var að finna fiskimennina, sem hann hafði hugsað sér að fá far með.

„Er það víst, að þú heitir Buffó Burnington?“ spurði kaffeinninn þegar þeir voru seztir í káetunni.

„Auðvitað er það víst,“ svaraði hinn og lézt verða öldungis forviða á svona lagaðri spurning.

„Manstu hvað þú sagðir um hann Pál fyrst þegar þú komst um borð?“

„Eg sagði, að honum svipaði til þín.“

„Einmitt það. Nú langar mig til að spyrja þig, hvort þú hafir séð hann nokkur tíma áður?“

„Hvers vegna spyr þú að því?“

„Vegna þess eg hef hvað eftir annað séð þig veita honum svo grandgæfilega eftirtekt. Spurning mín er sanngjörn.“

„Já, víst er hún það, og eg skal líka svara henni í einlægni. Mér finst eg muni hafa séð hann áður. Eg sá hann fyrir eitthvað seytján árum síðan í Northamptonshire. Hann var þá hjá *sir* Stefáni Humphrey.“

Marl Larún skifti litum við svar þetta, en náði sér þó fljótt.

„Hvað varst þú að gera þar?“ spurði hann.

„Það gæti orðið nokkuð óþægilegt fyrir mig að segja frá því öllu; en eg get sagt þér, hvað eg veit um Pál. Eg veit, að hann var þar undir umsjón aðalsmannsins. Faðir Páls hafði beðið fyrir hann þar, og eg hef ímyndað mér, að *sir* Stefán hefði aldrei slept honum við þig ef þú ekki hefðir átt til kall til hans.“

„Auðvitað — auðvitað. Náttúrulega ekki,“ hreytti Larún úr sér með miklum áherzlum. „Þar hefir þú sannarlega rétt fyrir þér. En segðu mér nú hver þú ert,—hvað þú varst að gera í Northamptonshire?“



„Ja, svo eg segi þér rétt og satt frá öllu,“ svar-  
Burnington með gletnisfullu augnaráði, „þá hefir  
mér komið það vel stundum að vera á ólíklegum  
stöðum.“

„Eg skil ekki við hvað þú getur átt,“ svaraði  
Larún og horfði forvitnislega í auga hans.

„Eg hélt þú, kannaðist kannske við nafnið  
Buffó Burnington.“

„Það er nú eins og mér finnist eg kannast við  
nafnið og andlit þitt líka; en mér er ómögulegt að  
átta mig á því.“

„Svo þú manst þá ekkert eftir manningum, sem  
verst lék tollþjónana við Severn-mynnið og með-  
fram strönd brezka sundsins?“

„Ja, hérna! Jú, víst man eg eftir honum.“  
hrópaði Larún, og létti samstundis yfir svip hans.  
„Jú, eftir honum man eg. Nú rennur alt upp fyr-  
ir mér. Svo þú ert þá gamli tollsmygillinn?“

„Eg er hræddur um, að eg sé svo náskyldur  
honum, að jafnvel nú mundi tollmáladeild Eng-  
lands hafa ánægju af að ná í mig ef hún ætti kost  
á því.“

„Það veit skapari minn, Burnington, að þetta  
er mér þúsund dollara virði; og hefði eg vitað um  
það fyrri, þá skyldi eg hafa verið þér betri og ör-  
látari við þig. Þú hefir sýnt það, að þú lætur ekki  
alt fyrir brjósti brenna og eg skal sýna þér, að eg  
kann að meta slíkan mann.“

Burnington lét sjá það á sér, að honum þætti vænt um, hvað vel rættist fram úr samtalinu, og hann gerði þá játning frammi fyrir herra sínum, að hann hefði hingað til verið hræddur um, að hann (kaftinninn) hefði einhvern heimullegan óbeit á sér.

Þeir héldu samtalinu áfram góðan tíma, og Burnington gerði sitt ítrasta til þess að ná liltrú kaftinsins; og honum tókst það líka—það er að segja, ef nokkuru orði kaftinsins var að trúa,

Meðan á þessu stóð hafði Páll fengið sér hest og ríðið austur í voginn til fiskimannanna, og hann gerði við þá samninga um að hafa loggortuna ferðbúna kveldið áður en hún átti að sigla. Hann sagði þeim það gæti hent sig hann tæki sér far með henni til Caraccas, og ef svo færi, þá yrði hún að leggja út strax eftir að hann kæmi um borð, þó það yrði um miðja nótt. Hann lofaði þeim góðri borgun, og virtist þeim því vera mjög um það hugað að að geðjast honum í öllu, jafnvel þó þeir léti það á engu sjást, að peningavonin ætti neinn þátt í því. Eftir að Páll hafði undirbúið alt þetta við fiskimennina, sneri hann aftur og fór til skips.

Og það var önnur manneskja, sem ekki var aðgerðalaus þessa dagana. Mārja, sem fangin sat í kastalanum, var önnum kafin að búa sig undir ferðina. Eftir fjóra daga frá því unnusti hennar hafði fundið hana síðast var hún búin að ráðstafa.

öllu svo vel, að hún gat verið ferðbúin fyrirvara-  
laust á hverri stundu. Hún sat inni í nerbergi  
sínu—í sama herberginu, sem Páll hafði setið hjá  
henni í og hún hafði fyrir gestastofu—og henni  
varð hverft við að sjá Marl Larún alt í einu snar-  
ast inn í herbergið til sín. Ræningjaforinginn  
brosti mjög mjúklega þegar hann kom inn, lagði  
hattinn sinn borðið og settist niður á sófann við  
hliðina á Marju. Hún ætlaði að standa á fætur,  
en hann aftraði því.

„Sittu kyr, elskuleg,“ sagði hann, og lagði  
hendina á handlegg hennar.

Með svona orði hafði hann aldrei ávarpað  
hana áður, og það fór hrollur um hana af því að  
sitja þarna við hlið hans.

„Eg ætla að tala um nokkuð við þig, sem er  
talsvert þýðingarmikið,“ hélt hann áfram, „og eg  
ætla að biðja þig að taka vel eftir því. Til hvers  
heldur þú, að eg hafi fengið kastala þennan og  
haldið svona stórt og umfangsmikið heimili?“

Marja leit upp, en svaraði engu. En hún vissi  
það vel, að „heimilið“ var honum ekki peningaleg-  
ur byrðarauki, heldur miklu fremur tekjuauki,  
því að ekki einasta hafði hann fjölda gripa og ann-  
an arð af eigninni, sem hann seldi í Porto Cabello,  
Caraccas og Valencia, heldur höfðu silturnámurnar  
á landi hans gefið meira af sér en hann borgaði  
fyrir eignina og viðhald hennar til þess dags hafði



kostað hann.

„Auðvitað,“ hélt Larún áfram, „keypti eg ekki eign þessa tilgangslaust. Eg hugsaði mér strax í upphafi að eignast hér heimili, og það hugsa eg mér ennþá. En til þess eg geti átt heimili, verð eg að eiga konu. Þú skilur?“

„Vesalings stólkan varð náföl, en kom engu orði upp. Hefði hún ekki verið búin að komast að áformi hans, þá hefði hún að líkindum tekið þessu djarfmannlegar, því þá hefði henni ekki til hugar komið, að honum hugsaðist önnur eins fjarstæða og það að taka sig fyrir konu.“

„Skilurðu mig?“ spurði hann aftur, og var fremur hastur.

„Eg skil það, sem þú sagðir,“ svaraði mærin í skjálfandi rómi.

„Og þú skalt skilja, hvað eg meina.“

Hefði Marl Larún ekkert vitað um ráðabugg þeirra Pals og Marju, þá hefði hann verið þýðari í orði; en allar sögurnar um ást hennar á Páli og tilgang hennar að strjúka með honum, sem Hagar gamla hafði fært kasteininum, höfðu gert honum gramt í geði, og þess vegna varð bónorð hans nú mjög stuttaralegt.

„Eg hefi sagt þér það, að eg verð að fá mér konu,“ sagði hann. Og hvar ætti eg að fá hana, ef eg giftist þér ekki?“

„Mér?“ stundi Marja upp yfirkomin og gleymd

öllu nema manningum við hlið sína og síðustu orðum hans. Hún horfði á þennan þrekvaxna og luralega mann, og ruddalega dýrseðlið, sem skein út úr svip hans og ísbyggilega augnaráði, fylti sál hennar megnasta viðbjóð og ótta.

„Já, þér. Eg álit, að eg geti ekki fengið betri konu. Þú ert frið, og það á vel við mig. Þú ert ung, og einnig það á vel við mig, því að eg get þá skemt mér við það að kenna þér að sitja og standa eins og eg vil. Þú veizt hvað á við mig og þekkir alla keipana í mér og getur verið mér eins og við á. Eg get víst ekki fengið hentugri konu.“

Marja varð svo óttaslegin og ráðalaus, að það var eins og hún hefði ekkert hugboð haft um þetta óeðlilega og einkennilega bónorð.

„Lofaðu mér að vera í friði!“ sagði hún loksins.

„Hvað lengi?“ spurði hann glottandi.

„Æfinlega! Alla mína daga!“

„Eg vildi þú fengir að vera í friði hjá mér, elskuleg, alla mína daga; en þú verður að verða konan mín. Til hvers heldur þú eg hafi haft þig hjá mér í öll þessi ár, og ætíð farið með þig eins og prinsessu?“

„Eg bjóst ekki við,“ svaraði Marja rólegri en fútur, „að ógæfa sú biði mín, sem þú nú boðar mér.“

„Hvaða heimiska. Eg veit vel við hvað þú átt. Þú hefir barnslega velvild til Pils; en eg get

sagt þér það nú, og þú mátt trúá mér til þess, að aldrei á æfi þinni skalt þú verða eiginkona Páls að mér heilum og lifandi.“

Marja var nú búin að ná sér aftur. Óttinn, sem fylti hjarta hennar við byrjun samtalsins, var nú að mestu horfinn og hún var farin að hugga sig við vonina að sleppa með Páli. Hún hugsaði um það, að Páll hafði gefið Hagar gömlu ranga hugmynd um áform þeirra, og nú hugsaði hún sér að halda áfram því, sem unnnsti hennar hafði byrjað á.

„Hvað er langt þangað til þú hugsar þér að framkvæma þetta?“

Það er undir atvikum komið.“

„Þú gefur mér þó mánaðar umhugsunartíma— einn einasta mánuð?“

Eldur brann úr augum kaffeinsins við orð þessi. Hann þóttist vita hvað beiðni þessi þýddi. Nú var hann viss um, að Hagar hafði farið rétt með. „*Einn mánuð!*“ Einmitt tíminn, sem ambáttin hafði sagt honum, að þau ætluðu að hafa til undirbúnings til að strjúka.

„Hvers vegna biður þú um *einn mánuð?*“ spurði hann, og lagði sérlega mikla áherzlu á síðustu tvö orðin.

„Vegna þess, að á þeim tíma get eg hugsað mig um. Auðvitað vildi eg gjarnan, að þú gæfir mér lengri umhugsunartíma.“

„En hvers vegna nægja ekki tvær vikur? Það



ætti að vera þér nægilegur umhugsunartími.“

Við athugasemd þessa lézt Marja verða mjög óttaslegin, en áður en [hún gæti komið fyrir sig orði tók kaffeinninn aftur til máls:

„Við skulum sjá hvað setur. En um eitt get eg fullvissað þig: þú verður að giftast mér, því eg er að hugsa um að hætta siglingum áður en langt um líður, og þá ætla eg að fara að eiga rólega daga með þér. Eg skal hugsa um það, hvenær við eigum að giftast, og svo læt eg þig vita á sínum tíma að hvaða niðurstöðu eg kemst. Eg áleit réttast að minnast á þetta við þig nú til þess þú gætir búið þig nndir. Eg finn þig aftur áður en eg fer.“

Strax og Marl Larún hafði slept orðinu stóð hann á fætur og gekk út úr herberginu, og eftir skóhljóðinu að dæma vissi Marja, að hann fór inn til Hagar gömlu.

Náttúrlega hafði samtali þetta og tilhugsunin um eynd þá og ógæfu, sem Larún ætlaði að steypa Marju í, fengið mikið á hana; en hún hafði góða ástæðu til að vona eftir lausn, og hún bað guð af hjarta, að frelsa sig frá niðurlægning þeirri, sem illmenni þetta ógnaði henni með.

## XII. KAPITULI.

## FLÓTTINN.

Tíminn leið og vikan var á enda. Að morgni síðasta dagsins, sem þau Páll og Marja höfðu ætlað sér að eyða á eign og undir stjórn ræningjaforingjans, vaknaði Páll með höfuðverk, því hann hafði verið órólegur og áhyggjufullur alla nóttina; og sé nokkuð takandi mark á fyrirburðum, þá leit ekki út fyrir, að dagurinn ætlaði að gefast vel. Páll gekk upp á þilfar til þess að fá frískt loft og hressa sig, en honum lá við að guggna þegar hann sá, að himininn var skýjaður og þungbúinn. Kaffeinninn tók eftir því, hvað illa lá á Páli og spurði hvað að honum gengi. Ungi maðurinn sagðist ekki vera vel frískur, en það væri líklega ekki annað en kvef, sem að sér gengi.

Ben Marton var nú orðinn svo frískur, að hann þurfti einungis að fara vel með sig, og þeir sem í sárum líu, voru úr allri hættu; Páll yfirgaf því engan, sem npp á hjálp hans var kominn. Einn hafði hann ekki ráðið neitt við sig viðvíkjandi Burnington—hvort hann ætti að lata hann vita um áform sitt eða ekki. Hann bar óbifanlegt traust til gamla mannsins; jafnvel þó ýmislegt væri

leyndardómsfult við hann. Loksins réð hann það af að segja honum frá ferð sinni bréfléga, en þegja yfir því hvert eða hvernig hann ætlaði. Hann fór því niður í káetu, og þegar hann var búinn að ganga úr skugga um, að enginn væri nærstaddur, tók hann pappírslað og blýant og skrifaði Burnington svolátandi bréf:

„Burnington—þegar þú opnar bréf þetta, þá verð eg lagður á stað í burtu frá þeim, sem eg hef ekki haft nema ilt af. Færi svo, að þig langaði til að sjá mig aftur, þá verður mig að finna hjá vinum mínum á Englandi, eigi eg nokkura vini þar. Eg fer auðvitað beina leið til Northampton. Þú veizt betur en eg, hvar mig verður að finna, því þú ert vinum mínum miklu kunnugri en eg. Viðvíkjandi ferð minni hef eg, sannast að segja, ekki sagt þér frá öllu, en eg er líka sannfærður um, að þú hefir ekki trúað mér fyrir helmingnum af öllu því, sem þú veizt um mig og mína. En eg vona, að við eigum eftir að finnast síðar. Guð launi þér fyrir það, hvað þú hefir verið mér góður.“

Páll.“

Páll lokaði bréfinu og strax þegar hann gat komið því við laumaði hann því í hendina á Burnington, og sagði:

„Þú opnar ekki bréf þetta fyr en dimt er orðið í kveld—um miðnætti. Viltu losa mér því?“

„Auðvitað,“ svaraði Burnington undrandi.



„Taktu þá við því, og vertu viss um, að enginn sjái það hjá þér. Mundu það nú, að þú átt ekki að opna það fyr en komið er fram á nótt, nema eg verði alfarinn áður.“

Burnington hefði spurt Pál að mörgum spurningum ef hann hefði komið því við, en til þess var ekkert tækifæri, svo hann stakk bréfinu í vasa sinn og gekk í burtu, en hann efndi ekki loforð sitt, því innan hálf tíma var hann búinn að lesa bréfið, og það var auðséð á andliti hans, að eitt hvert mótlæti hafði komið fyrir hann.

Undir miðjan daginn fór að liggja betur á Páli. Það var að greiða til í loftinu og leit út fyrir hjart og gott veður. Þegar búíð var að borða miðdagsverð sagði hann kašteininum, að hann ætlaði að skreppa heim til kastalans. Marún glotti harðneskjulega þegar Páll sagði honum þetta, en mælti ekkert á móti því, að hann færi. Páll hafði með sér böggul, sem hann sagði, að væri óhreinn þvottur, en innan í böglinum var heill alfatnaður af Vilhjálni Mason; þannig útbúinn kallaði hann menn sína og fór í land. Hann tók með sér alla þá peninga, sem hann gat náð í og honum tilheyrðu, og var það alls þrettán hundruð dollars—því enn hafði ekki herfanginu af franska herskipinu verið skift, og um sinn skerf af því þorði hann ekki að biðja, til þess að vekja ekki grun. En hvað kærði hann sig um slíkt; og á þennan hátt

hafði hann það ekki á samvirkunni, að hafa með sér eitt einasta cent af illa fengnu herfangi.

Allir á bátnum lofuðu Páli því hátíðlega að hlýða honum í öllu og reynast honum góðir drengir. Hann vissi, að óhætt var að treysta þeim, og að í því efni var ekkert að óttast. Villa Mason hafði verið sagt, hvað hann átti að gera, og var hann við því búinn. Þegar þeir komu heim að kastalanum var vígishurðin dregin upp og báturinn fór inn og lenti við landingartröppurnar rétt við bygginguna.

Marja beið Páls óþreyjufull, en það létti yfir henni þegar hún sá hann, því hún sá það strax á honum, að það sem af var, hafði alt gengið að óskum.

„Ert þú ferðbúin?“ sagði hann strax þegar þau voru komin afsíðis.

„Alt er undirbúið, að því leyti, sem hægt er,“ svaraði hún.

„Þú held eg við séum sloppin. Enginn grunnar okkur—engan dreymir um áform okkar—engan, nema Buffó Burnington.“

„Veit hann um þetta?“

„Já, eða réttara sagt, hann veit um það bráðum, því eg skrifaði honum línu og sagði honum að við færum. En hvers vegna verður þú svona alvarleg alt í einu?“

Er eg svo alvarleg?“

„Já, það ertu sannarlega.“

„Eg var að hugsa um það, að eg hefði ekki treyst manni þessum.“

„Vertu öldungis óhrædd við hann.“

„En það getur þó ekki gert neitt gott að hafa hann í vitorðinu. Alt hefði komist af jafn vel þó hann hefði ekkert um áform okkar vitað. En nú er komið sem komið er og því ekki vert um það að tala frekar.“

Orð Marju vöktu nýja hugsun hjá Páli, nokkuð, sem honum hafði aldrei hugkvæmst áður; og hann óskaði nú, að hann hefði aldrei skrifað bréfið. Hann óskaði með sjálfum sér, að bréfið, sem hann fékk Burnington, væri komið í sínar hendur aftur. Útlit Burningtons í öllum þess ljótleik stóð nú uppmálað í huga hans. Páll fór að tortryggja hann. Í stuttu máli, hann fór að verða hræddur um, að hann mundi reynast sér ótrúr. En nú var það um seinan; Burnington hafði nú bréfið og vissi hvað til stóð, það varð ekki afturtekið, hvernig sem alt kynni að fara.

„Hugsum ekki um það,“ sagði hann, eftir að hann hafði velt þessu fyrir sér nokkura stund, „við verðum að halda áfram okkar stryk eins og engin hætta væri á ferðum, og fela guði árangurinn af tilraun okkar. Eg vona að Burnington bregðist mér ekki.“

„Ef til vill gerir hann það ekki; það er mjög



líklegt hann geri það ekki," svaraði Marja; „við skulum ekki láta það draga úr okkur kjarkinn.“

„Nei, við skulum ekki gera það. Nei, sko! þarna kemur kerlingin okkar enn þá. Ha, ha, ha! hún fylgir mér hér eins og skugginn minn.“

Hann átti við Hagar gömlu, sem rétt í þessu gekk fram hjá herbergisdyrunum, líklega af því hún hefir ekki tekið eftir því, að hurðin var í hálfá gátt.

Upp frá þessu mintust þau ekki á flóttann fyr en eftir kveldmat, og þá ekki fyr en þau voru komin út í garðinn, þar sem þau voru viss um, að enginn heyrði til þeirra. Þá fóru þau í síðasta skifti nákvæmlega yfir ferðaaætlan sína.

Þegar kvelda tók fóru þau að verða kvíðafull og óróleg, og Marja var sannfærð um, að hún heyrði hjartað í brjósti Páls síð þegar hann stóð við hlið hennar, Villi Mason beið þangað til dimt var orðið, þá sætti hann lagi, laumaðist niður í bátinn og faldi sig undir þóftunum. Litlu síðar fór Páll niður til bátsins, og þegar hann sá, að Mason var kominn á sinn stað hraðaði hann sér til herbergja Marju, og sá þá, að stúlkan hans yndislega var orðin að ljómandi fallegum sjómanni. Þá leit Páll eftir því, að enginn væri í ganginum; síðan gengu þau bæði inn í svefnherbergi Marju, sem var í fram-enda hússins, Páll opnaði gluggann með hægð, og sá hann þá þrjá manna sinna standa

þar niðri fyrir. Hann blístraði ofur-lágt, og þá sögðu þeir í hálfum hljóðum: „Engin hættu.“

Það tók ekki nema fá augnablik að tengsla saman þrjú línlök, og í þeim lét Páll stúlkuna síga niður. Í því hún kom niður laumaðist einhver til hennar úr skugga hússins, og Marja var rétt að því komin að reka upp hljóð þegar hún sá, að þetta var Otehewa vinkona hennar.

„Guð blessi þig og varðveiti!“ sagði hún og fleygði sér í fangið á Marju. En hún var of skynsöm til þess að tefja ferðina. Marja kvaddi hana með kossi og óskaði henni allra heilla; og svo sagði Otehewa um leið og hún fór:

„Eg fer ekki héðan fyr en eg er viss um, að þú hefir komist undan. Vertu ekki hrædd um, að þín verði saknað í kveld, því eg læt engan koma inn í herbergi þín.“

„Eru menn mínir allir hér?“ kallaði Páll.

„Já, já,“ svöruðu mennirnir.

„Komið þá, og flýtið ykkur. Við verðum að hraða okkur alt sem unt er, því eg lofaði að koma snemma um borð. Undir árar fljótt!“

Fjórar mannlegar verur í sjómannaftötum lögðu tafarlaust á stað niður að bátnum, og Páll gekk á eftir. Rétt við landinguna stóðu margir vinnumenn, sem allir voru verkfæri í hendi ræn-ingjaforingjans og fúsir að gera alt, sem hann lagði fyrir þá; en þeir þektu ekki Marju í dulargerfi

hennar, og skjálfandi af ótta steig hún niður í bátinn. En hún var ekki nógu hraust til þess að ráða við árina. Hún hneig niður á þóftuna, þar sem Mason átti að sitja, og var því nær yfirkominn á sál og líkama. Páll hraðaði sér að taka sæti sitt og sá, hvernig Marja leið; en það var engin hætta á, að eftir henni yrði tekið úr landi, því að of dimt var orðið til þess neitt sæist, sem á bátunum gerðist. Og að fáum mínútum liðnum féll vígishurðin niður með vanalegum hávaða.

Páli og Marju létti nú báðum. Þau voru nú sloppin út fyrir kastalahliðin og enginn farartálmi í vegi fyrir þeim. Enginn talaði orð fyr en báturinn var kominn út á ána. Þá kallaði Páll Marju til sín og lét Mason setjast undir árina.

„Nú, nú, vinur minn, hvernig liður þér nú?“ spurði Páll, og lagði hendina á öxl hennar.

„Eg held við séum nú því nær sloppin,“ svaraði hún, og horfði framan í hann.

„En hvers vegna ekki algerlega sloppin?“

„Við erum enn þá ekki algerlega sloppin undan valdi harðstjórans,“ sagði hún.

„En verðum það bráðum,“ svaraði Páll.

Rétt í þessu komu þau þangað, sem Otehewa hafði lofað að fela fataböggul fyrir Marju. Bátunum var hleypt að landi, og undir háum kletti fanst stóreflis fataböggull. Böggullinn var tekinn í snatri og svo haldið áfram niður eftir ánni.



Þegar þangað kom, sem Páll hafði ákveðið að lenda, hjálpaði hann Marju á land og steig sjálfur upp úr bátnum. Gullið bar hann á sér í leðurbeltum, og gimsteinana bar Marja í ofurlitlum poka. Hann snéri sér til manna sinna og ávarpaði þá á þessa leið:

„Vinir mínir og félagar, þið bíðið mín hér þangað til með morgni, og verði eg ekki kominn aftur þegar orðið er svo hjart, að þið getið séð til fjallanna þarna, þá megið þið fara til skips án mín og segja kašteininum hvað sem ykkur sýnist. Eg er nú að yfirgefa ykkur. Flestir skipverjar hafa verið mér mjög góðir, og mér er mjög hlýtt til þeirra. Eg þakka ykkur af einlægu hjarta fyrir allt, sem þið hafið gert fyrir mig. Verið þið sælir! Guð veri með ykkur öllum!“

Strax eftir að Páll slepti orðinu ætlaði hann að leggja á stað, en Villi Mason hljóp til hans og rétti honum hendina, og hið sama gerðu allir hinir. Páll heyrði, að þeir voru allir grátandi. Hann faðmaði þá að sér í snatri og lagði síðan á stað.

---

## XIII. KAPITULI.

## SVIKIN.

Það var dimt um nóttina og eftir að þau Páll og Marja voru komin á stíginn, sem lá í gegn um skóginn, þá sáu þau ekki handa sinna skil. Þegar Páll var kominn fáa faðma frá mönnum sínum stanzaði hann og heyrði hvað aumlega þeir báru sig yfir skilnaðinum. Hann gekk þá úr skugga um það, hvað mikið menn þessir mundu hafa viljleggja í sölurnar hans vegna; en hann vissi, að óhugsandi var að taka þá með sér nú og fór hann því leiðar sinnar. Til allrar hamingju var götustígurinn skýr, því eftir honum var æfinlega farið þegar hrossin voru sótt eða flutt. Eftir hálf tíma göngu komu þau út í hagann og þar náði Páll hesti. Hann hafði áður skilið þar eftir beizli á afviknum stað. Hann setti Marju á bak á hestinn og fór sjálfur á bak fyrir aftan hana. Þannig hélu þau áfram ferðinni.

Páll varð að láta hestinn fara fót fyrir fót, því þó lítil eða engin hættu væri á, að hesturinn ekki héldi við brautina, þá varð að fara sérlega gætilega til þess að meiða sig ekki á trjágreinunum, sem hér og þar héngu inn yfir stíginn.

„Við erum að færast lengra og lengra í burtu undan yfirráðum hans“, sagði Páll.

„Já“, svaraði Marja. En það skein engin hughreysti út úr þessu eina orði hennar. Páll tók eftir því, og þó það drægi all-míkið úr von hans, þá sagði hann glaðlega:

„Við *hljótum* að sleppa. Það getur ekkert hamlað því. Það er frægasta sjóveður; og við ættum innan skamms að verða komin hálf leið til Caraccas, og náum við þangað, þá erum við sloppin, því þangað þorir Larún ekki að koma í opinberum erindagjörðum. Við erum sloppin, Marja. Það er engin ástæða til að vera óttasleginn.“

Mærin svaraði engu orði, en á þögn hennar og andardrættinum sá Páll og heyrði, hvernig henni var innanbrjósts.

„Segðu mér, elskan mín, hvað þú óttast“, sagði Páll.

„Páll“, sagði hún, og var eins og hún ætti örðugt með að koma upp orði fyrir ekka, „eg skal segja þér eins og er. Eg vildi, að þú hefðir ekki trúað manni þessum fyrir leyndarmáli okkar.“

„Hvaða manni?“

„Buffó Burnington.“

„En því óttast þú hann?“

„Eg veit það ekki, en eg get ekki að því gert. Eftir því, sem eg hef heyrt um mann þennan talað, og eftir útliti hans að dæma, eins og því hefir ver-



ið lýst fyrir mér, þá get eg ekki borið traust til hans. En sleppum því. Lát þú ekki tilfinningar mínar hafa nein áhrif á þig. Kannske við sleppum—eg get ímyndað mér, að það verði, og þá reynist hugboð mitt ástæðulaust. Hugsa þú ekkert um þetta, Páll. Kannske þetta sé alt barnaskapur úr mér“.

Páll þagði nokkura stund, því þessar athugasemdir Marju vöktu hjá honum ógeðfeldar hugsanir, og á ný óskaði hann, að Burnington hefði aldrei fengið bréfið. Það eina, sem hann huggaði sig með, var það, að nú væri of seint um slikt að hugsa. Og það var of seint.

Um miðnætti komu þau í fiskimanna voginn; þá var að greiða til í lofti svo dálítið birti af stjörnuljósi, en tunglið var enn ekki komið upp. Páll reið rakleiðis að bryggjunni, þar sem loggortan lá, en hann hittir þar engan mann. Honum fanst það illur fyrirboði og beit það illa á hann. Næst fór hann heim að kofanum, þar sem maðurinn bjó, sem átti að vera fyrir loggortunni. Þar barði Páll að dyrum og kom sá bráðlega til dyra, sem Páll vildi helst finna.

„Hvernig stendur á þessu?“ spurði Páll á spönsku. „Þú áttir að vera ferðbúinn einum klukkutíma fyrir miðnætti“.

„Á morgun er ákveðni dagurinn,“ svaraði fiskimaðurinn vandræðalega og klóraði sér í höfðinu.

„Á morgun!“ hrópaði Páll og fölnaði upp.  
„Hvað á þetta annars að þýða?“

„Við áttum að sigla á morgun, og þú sagðir það gæti skeð þú kæmir að kveldinu; undir öllum kringumstæðum einum klukkutíma fyrir miðnætti. Var það meiningin, að þú ætlaðir að koma í kveld en ekki annaðkveld?“

Páll sá, að maðurinn talaði í einlægni, og hann skildi strax í hverju misskilningurinn lá. Fiskimaðurinn hafði ætlað að sigla að morgni og svo hafði hann blandað saman kveldunum og búist við að verða að bíða Pals til kvelds í stað þess að fara kveldinu fyrir. Það var óneitanlega ófyrirgefanlegur klaufaskapur frá fiskimannsins hálfu. Til þess fann Páll. En nú var ekki hægt úr misskilning þessum að bæta með öðru en því að komast á stað sem fyrst, og áleit Páll réttast að snúast ekki illa við þó svo að ólánlega færi.

„Hvað er langt þangað til þið getið farið?“ spurði hann.

„Ekki nema fáir klukkutímar. Eg get kallað mennina og verið til laust eftir afturbirting.“

„Það er úti um okkur!“ hrópaði Marja og lá við að hníga niður.

„En það nægir mér ekki“, sagði Páll, sem var í of mikilli geðsbræring til þess að veita orðum unnustu sinnar eftirtekt. „Við verðum að komast héðan innan klukkutíma—strax—eins fljótt og

unt er. Bíddu ekki eftir neinu.“

„En það er ekki búið að skipa út helmingnum af fiskinum“, svaraði maðurinn.

„Láttu hann þá verða eftir. Seldu mér hann. Eg skal borga þér fult verð fyrir hann og gefa þér hann svo allan í kaupbætur. Hvers virði er fiskurinn?“

„Fimmtíu dollara virði.“

„Þá fer þú staax og skilur hann eftir, og eg skal gefa þér tvenna fimmtíu dollara fyrir hann. Flyttu þér nú, kallaðu mennina og komstu á stað eins fljótt og þú getur!“

„Svo það var í nótt, sem þú ætlaðir að fara, þykist eg skilja,“ sagði maðurinn og leit út fyrir að vera í þungum hugsunum.

„Auðvitað; og hefðir þú ekki verið jafn ósegjanlega—En stattu ekki lengur hér til að tala um þetta. Komdu okkur á stað héðan innan klukkutíma, og til Caraccas eins fljótt og þú getur, og þá skal eg leggja níttíu dollara í skíru gulli í lófann á þér. Flyttu þér nú!“

Pill var æstur í geði og talaði ofsalega, en vonin um gullið hafði sín áhrif. Fiskimaðurinn lofaði að fara strax eða eins fljótt og hann gæti. Hann þurfti sjálfur engan annan viðbúnað en að fara í stígvélin sín og láta upp húfuna, því hann hafði auðsjáanlega lagst til svefns í öllum fótunum; og þegar því var lokið fór hann út. Að fimtán



mínútum liðnum var hann búinn að vekja fjóra menn, sem með honum áttu að fara; og þegar hann sagði þeim, hvað ungi maðurinn hefði boðið, þá gengu þeir strax inn á að skilja eftir það, sem óskipað var fram af fiskinum. Þeir bjuggu sig því til ferðar í snatri og fóru niður á bryggjuna, þar sem loggortan lá. Páll rak á eftir þeim, alt sem hann gat, og ásetti sér að hafa formenskuna sjálfur á hendi þangað til komið væti út úr firðinum að minsta kosti, því fiskimennirnir sýndust ekki vera sem fljótastir í snúningum né mjög líklegir til úræða ef einhverja örðugleika þyrfti að yfirstíga.

En það reyndist örðugra en Páll bjóst við að koma loggortunni á stað, af þeirri einföldu ástæðu að hún stóð botn! það var fjara og það vantaði að minsta kosti þrjú fet af vatni á, að hún flyti. Þarna var hann í vandræðum. Hann gat nú ekki lengur stílt sig um að úthúða fiskimönnunum. En þeir gátu ekki að þessu gert; og þegar þeir komu til hans og sögðu honum auðmjúkir, að illyrði hans flýttu ekkert fyrir því að koma loggortunni á flot, þá stíltist hann og fyrirvarð sig fyrir ónota orðin sem hann hafði talað. Það kom fljótt í ljós, að eina úrlausnin var sú að bíða þangað til að flæddi, því það voru ekki nógu margir menn við hendina til þess að setja hana á flot.

Þetta var átakanlegur tími fyrir Pál. Þarna stóð hann eða réttara sagt gekk um gólf á bryggj-

unni og braut heilann yfir því, hvernig fram úr þessu yrði greitt.

„Æ!“ sagði hann yfirkominn og sneri sér til Marju. „Ef heimskingjar þessir hefðu haft sauðarvit, þá hefði þetta aldrei þurft að koma fyrir, og við hefðum getað verið komin á stað. Við hefðum þá verið sloppin! Æ! slík ógæfa! slík ógæfa! Sjáðu hvað letilega sjórinn flæðir að.“

„Vatnið er að hækka, Páll,“ sagði Marja, og sýndi meiri þolinmæði en hann. „Sjáðu! það hefir hækkað um meira en eitt fet.“

„Og það er ekki þriðjungurinn af því, sem við þörfnumst. Hér megum við sitja nærri tvo klukkutíma enn þá. Ó, því var ekki aulum þessum gefið dólftið meira vit!“

Páll gekk yfir á hinn enda bryggjunnar og svo aftur og fram eftir henni, hvað eftir annað. Hann var smámsaman að líta eftir, hvað mikið sjórinn færðist upp eftir stýrinu á loggortunni og skildi ekkert í því, hvað hægt hann hækkaði. Honum fanst hver mínúta eins og klukkutími og sjórinn aldrei akast áfram.

En loksins flæddi að og stýrið hvarf niður í vatnið, og svo fór loggortan að rétta sig við. Nú var tunglið komið upp og farið að heiða svo bjart varð. Páll fór með Marju um borð og fylgdi henni undir þiljur, þar sem ofurlítil afþiljuð káetumynd var handa skipverjum að sofa í. Þetta hafði hann

fengið handa Marju. Sjálfur hafði hann ætlað að sofa á þiljum uppi, þar sem skipverjar höfðu lofað að láta hann fá dýnu til að breiða ofan á sig. Káetan var ekki sem álitlegust fyrir mjög hreinlata manneskju, en nú gerði maður sér alt að góðu. Hann valdi þolanlegasta fletið handa Marju og bjó sem bezt um hana með þeim litlu rúmfötum, sem fyrir hendi voru, til þess hún gæti hvílst sem allra bezt. Að þessu var hann þegar mennirnir fóru að losa um festarnar. Hann heyrði, að kjölur skipsins ókst eftir sandinum og að það var að fara á flot.

„Nú verður ekki langt þangað til við losnum,“ sagði hann við unnustu sína. „Legst þú nú fyrir og reyndu að sofna. Eg ætla að fara og hjálpa þeim til að koma dallinum á stað. Þú verður—“

„Hvað var þetta? hrópaði Marja, og tók fram í fyrir Páli.

„Hvað heyrðir þú?“ spurði Páll, sem var önnur kafinn að hagræða í káetunni og hafði því ekkert heyrt.

„Eg heyrði mannsrödd — einhvern kalla til skipverja, að eg held,“ svaraði Marja og var náföl.

Páll hljóp upp á þiljur, og það stanzaði í honum hjartað við sjón þá, sem honum mætti. Tólfmenn stóðu á bryggjunni rétt við hlið loggortunnar, og fremstan í flokki þeirra sá hann hinn lögvaðna, þýstna og karlmannlega ræningjaforingja — Marl Larún!



„Það er ánægjulegt, drengur minn,“ kallaði ræningjaforinginn, og hljóp um borð í því hann talaði og benti mönnum sínum að fylgja sér eftir, „að við höfum fundist aftur. Þú getur ekki ímyndað þér, hvað áhyggjufullur eg hef verið þín vegna.“

„Burt! burt með þig!“ hrópaði Páll og tók marghleypu fram úr barmi sínum. „Ef þú snertir mig, þú skalt þú falla dauður niður!“

„Hvað ertu að segja—ætlaðu að skjóta hann föður þinn?“ spurði Larún.

„Jafnvel það—ef þú værir faðir minn. En nú er engin þörf að halda slíkum ósannindum lengur fram. Láttu mig fara minna ferða.“

„Það þori eg ómögulega, drengur minn,“ svaraði Larún hæðnislega. „Það væri ekki vogandi að sleppa hendi af öðrum eins gjálífissegg og þér, enn sem komið er. Og auk þess þarf þín með & briggskipinu.“

„Burt með þig! Ef þú snertir mig með þínum minsta fingri—“

Áður en Páll gat lokið við setninguna var ráðist aftan að honum, marghleypan tekin af honum og hendur hans bundnar. Sumir mennirnir höfðu komist aftan að bonum án hans vitundar. Strax og þessu var lokið fór Larún niður í káetuna og litlu síðar heyrðist sárt og skerandi vein undir dyljum niðri. Páll kiptist við og sló tvo menn um

með fótunum, en meira gat hann ekki að gert; og rétt í því kom kaffeinninn upp á þiljur og leiddi Marju við hlið sér.

„Nú, nú, sonur minn,“ sagði hann þegar hann kom til Páls, „þá snúum við nú heim á leið aftur, því við erum búnir að vera nógu lengi í burtu. Er þig ekki farið að langa heim?“

Ungi maðurinn fékk svo mikinn viðbjóð á ræningjaforingjanum, að hann gat engu orði upp komið. Hann sá strax hvers vegna Larún var svona glaður í anda. Larún hafði auðsjáanlega óttast, að Páll og Marja yrði sloppin og það var honum því óvænt gleði að ná þeim með svona hægu móti.

„Páll,“ sagði mærin með næstum því hræðilegri ró, „guð er til! Gleymdu honum ekki!“

Það var eitthvað rétt komið fram á varir ræningjaforingjans, en hann hætti við að segja það. Hann leiddi Marju í land af þilfari loggortunnar, og menn hans fóru á eftir með Pál. Larún talaði eitthvað við fiskimennina og snéri síðan að litlum kókorunna, þar sem hestarnir voru bundnir. Hann talaði ekki orð frá munni fyr en þangað kom, þá sagði hann eitthvað við menn sína um það, hvað við P. l skyldi gera. Meðan á þessu stóð var Páll að brjóta heilann um það, hvernig flóttinn mundi hafa komist upp. Annaðhvort hlaut bátur hans og þeir, sem á honum voru, að hafa fundist—eða

Larún hlaut að hafa farið heim til kastalans—eða þá, að Burnington hlaut að hafa reynst ótrúr. Hann hugsaði sér þetta síðasta nauðugur, og þó var einmitt það efst í huga hans.

„Heyrðu, Páll,“ sagði Larún þegar hann var búinn að láta Marju á bak á hest sinn, „hvar er báturinn þinn og mennirnir, sem þú hafðir með þér?“

Ungi maðurinn svaraði ekki spurningu þessari strax; en hann áttaði sig bráðlega á því, að ef hann ekki gæfi skýrt svar, þá mundu mennirnir verða að líða fyrir það.

„Eg býst við þeim biði, þar sem eg skildi við þá,“ svaraði hann því.

„Svo þeir áttu þá að biða þín?“

„Eg skipaði þeim að biða mín þangað til dögum, og fara án mín til skips ef eg yrði þá ekki kominn aftur.“

„En hvað þú hefir verið umhugsunarsamur,“ svaraði kasteinninn og brosti kuldalega. Hann spurði ekki að fleiru, og hefði ríðið strax á stað ef Páll ekki hefði talað til hans.

„Láttu leysa mig,“ sagði hann. „Eg skal ekki reyna að flýja einsamall.“

Kasteinninn hugsaði sig um fáein augnablik og skipaði síðan að leysa hendur „drengrsins.“ Það var gert, og svo lagði ræningaforinginn á stað og menn hans skömmu á eftir. Páll reið samahest



inum, sem hann hafði komið á, og sem hafði hlaupið til hinna hestanna hjá kókórunnanum. Fyrst framan af talaði enginn orð. Páll reið við hliðina á Filippus Storms, öðrum undirforingjanum, sem hann vissi að var sér vinveittur.

„Storms,“ sagði Páll, þegar hann vissi að enginn heyrði til þeirra, um hvert leyti lagði kaffeinninn á stað frá briggskipinu?“

Undirforinginn hikaði.

„Vert þú ekki hræddur að trúa mér,“ sagði Páll, því eg legg drengskap minn við að láta þig ekki hafa ilt af neinu, sem þú segir mér. Segðu mér þetta ef þú veizt það.“

„Þú segir þá aldrei frá því, að eg hafi neitt sagt þér?“

„Aldrei.“

„Nú jæja þá. Klukkan var eitthvað nálægt níu þegar hann fór.“

„Og hvenær kom hann aftur, eftir ykkur?“

„Hann tók okkur með sér strax.“

„Einmitt það!“ sagði Páll og horfði út í bláinn. „Svo hann hefir þá vitað um flóttu minn áður en hann yfirgaf briggskipið?“

„Já.“

„Þá hefir Buffó Burnington svikið mig!“

„Ja hérna,—trúðir þú þeim manni fyrir leyðarmáli þínu?“

„Já. Eg tók hann fyrir vin minn.“

„þá hefir þú verið illilega svikinn. Hann var niður í káetu alt kveldið; og einu sinni þegar eg kom þar inn, þeim að óvörum, þá var Burnington að sýna kaffeininum bréf. Alt, sem eg gat séð, var það, að bréfið hafði verið skrifað með blýant.“

„það hefir verið bréfið frá mér!“ stundi Páll upp. „En það flón—sá hálfviti—sem eg hef verið!“

Enn þá einusinni óskaði Páll, að hann hefði aldrei skrifað þetta; en óskin stjórnaðist af annars konar tilfinningum nú en áður. En nú var sannarlega alt um seinan.

Þegar þeir komu í skógarrjóðrið, þar sem hestarnir voru hafðir, þá byrjaði að lýsa af degi, og þá sást, að kaffeinninn ætlaði að halda beint til skips, því hann tók þann stíginn, sem þangað lá. Rétt þegar sólin var að renna upp um morguninn, var Larún og föruneysi hans komið niður til sjávar, þar sem briggskipið, lá fúa faðma undan landi, og kallaði Larún strax eftir bát. Í sömu andránni kom Páls bátur fram úr ármynninu, svo að báðir bátarnir komu jafn snemma fram að skipshliðinni. Mennirnir fjórir, sem með Páli höfðu verið og beðið höfðu alla nóttina, voru forviða þegar þeir sáu hann fluttan þannig um borð. Þeir létu strax fyrsta undirforingjann vita um komu sína, bauð hann þeim að bíða þar við mastrið þangað til kaffeinninn fyndi þá. Þegar hann kom, spurði hann formann bátsins, hvar þeir hefðu verið alla nóttina.

„Verið að bíða eftir Páli,“ svaraði sjómaðurinn.

„Nú jæja—eg vil ykkur ekkert annað.“

Sjómennirnir gengu fram á, en kaftinninn leiddi Marju aftur á, sem enn þá var í sjómanns fótunum. Fataböggull hennar hafði verið fluttur um borð, og var henni vísað inn í herbergi og skipað hafa þar fataskifti og klæðast sínum eigin fötum.

#### XIV. KAPITULL

##### SKELFILEG UPPGÖTVUN.

Hryggur í huga gekk Páll um gólf aftur og fram í lyfthingunni á bak borða, og ónáðaði enginn hann þar. Jafnvel þó allir, sem umhverfis hann voru, væru ræningjar, þá komust þeir innilega við af mótlæti hans og kendu í brjósti um hann. Það gat hann séð á svip þeirra og öllum hreyfingum. Einusinni hafði hann séð Buffó Burnington síðan hann kom, en það var ekki nema allra snöggvæst. Náungi sá hafði komið upp á þilfar, fram á, en strax þegar hann rak augað í Pál, snéri hann við



og hvarf niður aftur. Þetta eitt hefði nægt Páli til þess að sannfærast um, að Burnington væri sá, sem sig hefði svikið, þó hann hefði ekkert um það verið búinn að fréttu. Auðvitað fann Páll til fyrirlitningar og gremju gagnvart þessum skuggalega manni, en hann gat ekki gert sér grein fyrir hvernig í öllu þessu gat legið. Enn þá langaði hann til að kynnast Burnington frekar þó þess gætti ekki á meðan hann var honum allra reiðastur fyrir svikin við sig. Hann mintist þess, hvernig þessi undarlegi maður hafði bjargað lífi hans—hann mintist bréfsins, sem hann hafði hjálpað til að koma til Caraccas—og hann mintist ýmislegs fleira, sem vakti margt annað en reiði í brjósti hans. Engu að síður var hann nú sannfærður um, að Burnington væri illmenni og svikari. Þegar Páll var mitt í hugsunum þessum kom skipsbrytinn og sagði houum, að kaftinninn vildi finna hann niður í káetu.

Páll brá strax við og fór; og þegar hann kom inn í káetuna var Marja þar fyrir klædd í sinn eigin búning og náfól. Hún hafði verið að gráta. Hún var rauðeygð, en ekki voru þó kinnar hennar tárbotar. Hún sat þar úti í horni, en strax þegar Páll kom inn, stóð hún á fætur og gekk til hans.

„Bíddu við!“ sagði ræningjaforinginn. „Þið megið sitja hvort hjá öðru ef þið viljið.“

Samkvæmt því leyfi settist Páll niður á mjúka hægindabekkin, sem var umhverfis í allri káetunni nema þar, sem inn var gengið, og Marja settist niður við hlið hans. Hann leit framan í Larún og sá eitthvað nýtt í svip hans, sem hann ekki vissi hvað boðaði. En hann var ekki lengi í óvissu um það.

„Páll,“ sagði kasteinninn mjög rólega og einlæglega, þó einhver skuggi í augum hans bæri vott um óeínlægni, „eg hef sent eftir þér til þess að segja þér leyndarmál, sem eg ætlaði þér aldrei að vita. Þú heldur ef til vill, að eg hafi aldrei elskað þig—að mér hafi aldrei þótt vænna um þig en hvern annan dreng, sem undir minni hendi hefir verið. Hvað segir þú um það?“

„Eg hef dæmt um þig samkvæmt því, sem mér hefir sýnst,“ svaraði Páll fremur styggur, því honum geðjaðist ekki að hinum djöfullega eldi, sem úr augum hans brann.

„Og hvað hefir þér sýnst?“

„Að þú vildir leggja óblessun yfir mig, ef þú hefðir getað það.“

„Þetta er hreinskilið svar, en ekki rétt. En tölum nú ekki frekar um það. Segðu mér nú, hvers vegna þú vildir flýja í burtu frá mér?“

„Af því eg hef andstygd á lífi því, sem mér er þröngvað til að lifa.“

„Þú meinar að vera undir aðra gefinn?“

„Alls ekki. Eg á við stöðu þá, sem þú ert í. Eg á við hina skuggalegu, ófyrirgefanlegu glæpi, sem umkringáa mig á alla vegu, og hið banvæna andlega andrúmsloft, sem eg er neyddur til að lifa í.“

„Með öðrum orðum — þú óttast gálgann?“

„Enganveginn! Eg óttast guð og mína eigin sál.“

„Kannske það sé. En segðu mér hvers vegna þú vilt hafa Marju með þér?“

„Af sömu ástæðum hennar vegna.“

„Hvað meinar þú með því?“

„Það ættir þú sjálfur að vita,“ sagði Páll í háum og alvarlegum rómi. „Spurðu sjálfan þig að því, hvað eg meina?“

Það kom reiðisvipur á ræningjaforingjann og augu hans tindruðu, því hann skildi vel við hvað var átt. En hann sat á strák sínum.

„Gættu að, hvað þú segir,“ sagði hann, „annars getur farið ver fyrir þér. Þú rekur þig á það í lífinu, að það borgar sig illa að guma mikið yfir því, hvað þú sért vandaðri maður en þeir, sem í öllu öðru standa þér miklu framar. Þetta er einungis bending til þín. *Eg hef vitað menn deyja úr slíkum sjúkdómi!*“

Það var eitthvað það í þessum síðustu orðum, sem gaf Páli hugmynd um það, að ræningjaforinginn mundi ekki hika við að ráða sig af dögum ef



honum réði svo við að horfa. En slíkt dróg ekki úr honum kjarkinn, jafnvel þó hann ásetti sér að haga orðum sínum gætilegar framvegis og reita ekki illmennið til reiði að óþörfu. Kafteinninn sá, hver áhrif orð hans höfðu og hélt áfram:

„Nú held eg við skiljum hvor annan, og getum því haldið áfram samtalinu. Skilji eg þig rétt þá segir þú, að Marja vilji fara með þér.“

„Já, það er rétt skilið.“

„Marja, var flóttu tilraun þessi gerð samkvæmt þínum eigin vilja?“

„Já,“ stundi hún upp óttaslegin.

„Heyrðu, Páll, nú kem eg að aðalefninu: Hvað ætlaðir þú þér að gera við Marju þegar þið væruð sloppin?“

„Eg ætlaði að ráðstafa henni þannig, að hún hefði orðið ánægð og gæfusöm.“

„Eg býst við, að þú hafir ætlað að gera það; en hvernig ætlaðir þú að fara að því?“

„Úr því ætluðum við að láta tímann leysa. Alt, sem við hugsuðum um í bráðina, var að komast í burtu.“

„Er það nú víst? Svo þið hugsuðuð ykkur ekkert ákveðið?“

„Ekkert ákveðið.“

„Hafðir þú ekki hugsað þér að gera stúlku þessa að konu þinni?“

Páll hikaði við áður en hann svaraði.

„Svaraðu mér,“ sagði Larún.

„Jú, það hafði eg gert.“

„Og hafði Marja gengið inn á að giftast þér?“

„Því getur hún svarað.“

„Hvað segir þú um það, Marja?“

„Eg hafði gengið inn á það,“ svaraði Marja einarðlega.

„Og þið elskið hvort annað nógu heitt til þess að giftast?“

„Það geri eg,“ svaraði Páll strax.

„Og það geri eg líka,“ svaraði Marja, mjög innilega.

„Þá skal eg aldrei framar trúá á eðlisávisun í ríki náttúrunnar,“ sagði kaffeinninn, og leit fyrst Pál og síðan á Marju. „Páll, sagði hann, og breytti málrómnnum eins og eitthvað mjög þýðingarmikið stæði til, „eg hef reynt að fara í kringum þig! *Þú ert ekki sonur minn!*“

Á hverjum öðrum tíma, sem verið hefði, mundi Páll hafa tekið frétt þessari með fögnuði; en nú var eins og hnífur væri rekinn í hjarta hans og kulda svita sló út um andlit hans.

„Þú ert ekki sonur minn, og mér algerlega vandalaus nema sem fósturbarn,“ hélt Larún áfram. „Faðir þinn dó þegar þú varst þriggja ára gamall—eða öllu heldur á fjórða árinu. Þitt rétta nafn er *Delany!*“

„*Delany!*“ tók Páll upp eftir honum.

„Jú, jú,“ svaraði ræningjaforinginn, og lék níðingslegt bros á andliti hans. „Þú berð sama nafn og Marja—svo að ef þú skyldir einhvern tíma giftast henni, þá þarf hún ekki að skifta um nafn. Skrítið, er það ekki?“

„Haltu áfram,“ sagði Páll og andvarpaði, en gaf engan gaum síðustu kesknisorðunum.

„Það er hægt að ljúka sögunni með fám orðum,“ sagði hann. „*Marja er systir þín!*“

„Guð varðveiti mig! það getur ekki skeð!“ sagði Páll yfirkominn af sorg, og fórnaði höndum.

Að hafa fundið góða og göfuga systur, undir öðrum kringumstæðum, mundi hafa verið Páli ósegjanlegt fagnaðarefni; en að fá þær fréttir, að Marja Delany væri systir sín, það var að leggja sál hans í gegn með sverði. Það var að slíta hjartað úr brjósti hans, sem fult var af helgri og heitri ást, og fleygja því burt alblóðugu. Systur ást er helg og háleit, en ó, ekki getur hún fullnægt í stað hinnar miklu—öllu öðru yfirsterkari—ástar, sem tengir saman hjörtu elskendanna svo, að þau verða eitt bæði hérnamegin og hinumegin grafarinnar.

„Nú ferð þú ekki með sannleika?“ sagði Páll í lágum og sorgmæddum málrómi, eins og hann væri að grátbæna hinn skuggalega mann um að taka aftur þessi banvænu orð.

„Eg hef aldrei sagt sannara á æfi minni,“ sagði Larún. „Hún er systir þín. Foreldrar hennar



voru foreldrar ykkar beggja, þó faðir ykkar dæi nokkurum mánuðum áður en Marja fæddist.“

„En hvers vegna var mér aldrei sagt frá þessu fyrri?“ spurði Páll.

„Vegna þess eg áleit mér það hag, fyrst þegar eg tók þig, að láta sem þú værir sonur minn. Eg vonaði að þú yrðir mér undirgefnari; og þegar eg nú einusinni var búinn að segja þér þetta, þá vildi eg ekki gera mig aftur að (sannindamanni nema brýn nauðsyn bæri til—og nú hefir sannarlega að því komið. Þú sérð nú, hvernig nærri því var komið fyrir þér. En það lítur ekki út fyrir, að þér sé það mikið gleðiefni að hafa fundið systur þína. Hvað segir þú, Marja? Þykir þér ekki vænt um að hafa fundið bróður þinn?“

Mærin starði í andlit þeim, sem spurði, en svaraði engu. Andlit hennar var öskugrátt og hún studdi höndunum á brjóst sér eins og hún væri að halda einhverju í skefjum eða kendi mikils sársauka. Páli heyrðist hún taka andköf og svo horfði hún á hann eins og hún væri með óráði. Hann ætlaði að taka hana í fang sér, en rétt í þeim svifum hneig hún niður eins og liðið lík. Hann lagði hana upp á hægindið og hljóp svo strax eftir meðali handa henni. Kafteinninn brá einnig við og hjálpaði alt, sem hann gat, til þess að lífga hana við. Það var ausið köldu vatni í andlit hennar, núna á henni hendurnar og sterk meðöl borin

upp að vitum hennar.

Marja var hraustbygð stúlka og náði hún sér bráðlega að nokkuru leyti, en samt var hún svo máttlaus, að hún gat ekki talað, og fyrst lengi sló lífæðin hægt og óreglulega, en svo smá-óx æðar-slagið þangað til það bar vott um í höndfarandi hitasótt.

„Það verður að flytja hana strax heim til kastalans,“ fvgði Páll, „því fáí hún hitaveiki, þá er þetta ekki ftaðurinn fyrir hana.

„Ertu virkilega hræddur um, að hún ætli að veikjast?“ spurði kašteinninn mjög áhyggjufullur, og slepti nú öllum þeim ónota, sem hingað til hafði legið í öllum orðum hans.

„Verði hún hér, þá er enginn minsti vafi á því,“ sagði Páll; og það er mjög líklegt hún veikist hvar sem nún verður; því fyrri, sem hún er flutt heim, því betra—því veikist hún fyrir alvöru, þá verður hún ekki flutningsfær.“

Marja sýndi það með augnaráði sínn, að hún var Páli þakklát fyrir afskiftasemi hans hennar vegna; en hún sagði ekkert—hún hefði ekki þrautalaust getað komið upp orði þó hún hefði reynt það. Larún fór upp á þiljur til þess að láta setja út bát til að flytja sjúklinginn heim í, og þegar hann var farinn, faðmaði Páll Marju að sér.

„Elskan mín,“ hvíslaði hann að henni, „kann-ske okkur hepnist enn þá—“

Hann þagnaði alt í einu eins og hann hefði verið sleginn, og sársaukadrættir komu í andlit hans, því hann mundi það þá, að hún var *var ekki annað en systir hans!*

Eftir litla stund kom kafeinninn aftur og skipaði Páli að búa meyna undir ferðina. Það tók ekki langan tíma, og þegar því var lokið tók Lárún hana upp í fang sér og bar hana upp eins og barn.

„Á eg ekki að koma með?“ spurði Páll.

„Nei,“ var alt það svar, sem hann fékk.

„En það getur skeð hún þurfi—“

„þarfnist hún meiri hjúkrunar en við getum veitt henni heima í kastalanum, þá sendum við eftir þér.“

Á meðan kafeinninn sagði þetta gekk hann yfir að stiganum, þar sem flestir skipverjar höfðu safnast saman.

„Úr vegi! úr vegi!—hver einasti maður!“ hrópaði Lárún.

Allir hlýddu boði þessu uema Buffó Burnington. Hann færði sig nær, og þegar kafeinninn var kominn að stiganum, sagði hann:

„Lofaðu mér að halda á henni, kafeinn, meðan þú ferð niður í bátinn, og svo skal eg rétta þér hana niður.“

Marl Lárún hafði ekki gert sér grein fyrir því fyrri, hvað óþægilegt yrði fyrir sig að ganga niður



stigann með stúlkuna í fanginu, svo hann þáði boðið. Burnington greip hana í fang sér, greiddi í mesta flýti hárið frá andliti hennar og horfði vandlega á hana allra snöggvast.

„Marja!“ sagði hann í lágum og titrandi málrómi. „Marja!“ endurtók hann og virtist ekki vita af neinu umhverfis sig öðru en henni einni, „horfðu á mig!“

Mærin leit framan í þetta óttalega andlit, en hún hrökk ekki við, og hún skalf ekkert af ótta. Það leit fremur út fyrir, að þetta skerandi augnaráð töfraði hana.

„Nú er eg tilbúinn!“ kallaði kaffeinninn.

Í einu vetfangi hljóp Burnington upp á borðstokklinn, bjó um Marju á vinstra handlegg sér, hélt hægri hendinni um staginn, hljóp niður í bátinn og lagði byrði sína gætilega í fang kaffeinsins. Hann beið þar þangað til báturinn var ferðbúinn, þá gekk hann aftur upp á þilfar briggskipsins.

*Arnþjotur B. Olsson*

## XV. KAPITULI.

## FLEIRI UNÐARLEGIR VIDBURDIR.

Páll hafði tekið eftir þessum einkennilegu afskiftum Burningtons og vissi ekki hvað þau gátu þýtt. Hann leit framan í þennan dularfulla mann og sá nú ekkert annað en góðmensku og kærleika skína út úr andliti hans. Burnington leit einnig framan í Pál. Páll botnaði ekkert í öllu þessu. Honum flaug í hug, að einhver misskilningur kynni hér að eiga sér stað. Skeð gat nú, að Burnington hefði aldrei svikið hann. Hann gekk stundarkorn um gólf á þilfarinu, og að lokum afréð hann að kalla þennan undarlega mann fyrir sig niðri í káetu og spyrja hann þar. Fyrsti undirforinginn hafði umsjón á hendi á þiljum uppi; gamla skyttan lá fram á hjá akkerisvindunni; það var engin hætta á, að annar undirforinginn ónáðaði Pál, og hann stti það því nokkurnvegin víst að hafa fullkomið nær í í káetunni. Þegar hann hafði ráðið þetta við sig, gekk hann yfir að uppgöngunni, þar sem Burnington stóð, og lagði hendina á öxl honum.

„Hvað viltu mér?“ spurði Burnington.

„Viltu finna mig niður í káetu?“

„Já, auðvitað.“

Páll gekk aftur eftir skipinu á undan og halti maðurinn á eftir honum. Margir skipverjar veittu þessu eftirtekt, og margir kinkuðu kolli hverjir framan í aðra og hristu höfuðin, því að margir höfðu þózt sjá, að eitthvert leynilegt samband væri á milli Páls og eineygða ræningjans, þeir vissu það nú líka, að þetta snerti á einhvern hátt bæði ræningjaforingjann og Marju Delany, og höfðu þeir ýmislegt um það rætt sín á milli og margs getið til. Flestir þeir, sem ekkert höfðu til málanna lagt, gátu þess til með sjálfum sér, að þeir Larún og Burnington mundu fyr á tímum hafa verið illmenni mikil, og að illmenska þeirra mundi hafa á einhvern hátt komið fram á Pali og Marju. En að nú vildi Burnington bæta fyrir misgerðir sínar að svo miklu leyti, sem hann gæti—b ta úr því, sem hann hafði hjálpað til að afgera við börnin; og að í þessu skyni—knúður fram af samvizkubiti—hafi hann ráðist á briggskipið.

Þannig voru tilgátur ræningja-skipverjanna, sumra hverra að minsta kosti, og hinir, sem ekki gátu hugsað sér neitt annað sennilegra, gengu inn á þetta, sem hið líklegasta. Sumir menn komast einatt nærri hinu rétta í getgátum sínum, en margir geta sér þess einatt til, sem er fjarri því að vera rétt.

Ungi læknirinn var nú einn í káetunni með mannum, sem hann hafði hugsað svo mikið um.



En Burnington sýndist hvorki vera óttasleginn né órólegur hjá ungmenninu. Hann settist uður andspænis Páli og beið þess, að erindið yrði borið upp.

„Burnington,“ sagði Pall eftir að hann hafði komið sér í þær stellingar að geta talað rólegur og með stilling, „eg hef beðið þig að finna mig hér til þess að geta lagt fyrir þig mjög alvarlegar spurningar, og eg vona, að þú svarir þeim, og að svar þitt verði rétt og satt.“

„Svari eg þér á annað borð, þá skal svarið verða sannleikur, og eg skal ekki þykkjast við spurningar þínar né taka mér þær til.“

„þér er það náttúrlega kunnugt, að eg reyndi í gærkveld að flýja í burtu héðan og frá félagskap þessum?“ sagði Pall.

„Auðvitað er mér kunnugt um það,“ svaraði Burnington, „því þú gafst mér sjálfur upplýsingar um það.“

„Og þú hlýtur ennfremur að vita um það, að Larún náði mér?“

„Auðvitað er mér einnig kunnugt um það.“

„Finst þér nú ekki eðlilegt, að eg gruni einhvern þann um að hafa svikið mig, sem eg trúði fyrir áformi mínu?“

„því get eg ekki neitað.“

„Reiðstu mér ekki af spurningu þeirri, sem eg get ekki annað en lagt fyrir þig. *Sveikst þú mig?*“

Burnington svaraði ekki spurningu þessari

strax. Hann horfði í augu spyrjandans og síðan niður fyrir fætur sér.

„Þögn þín er mér því nær hið sama sem játning,“ sagði Páll, og skein beiskja út úr látbragði hans.

„Látum það svo vera,“ svaraði Burnington og horfði rólegur í augu Páls. Eg var að hugsa um, ekki hverju eg ætti að svara, heldur hvort útskýring kæmi að nokkuru haldi. Eg get svarað því blátt áfram, að *eg sveik þig*. Eg sýndi kafteininum bréfið frá þér til mín—og væri það ekki fyrir mig, þá er líklegast, að þú værir nú kominn til Caraccas.“

Páll hörfaði á bak aftur og starði á dökkva, afskræmda andlitið á félaga sínum. Aldrei hafði honum virzt tóma augatóftin jafn viðurstyggileg eins og í þetta sinn, og aldrei hafði honum litist jafn illa á alt útlit gamla mannsins eins og nú.

„Hvað kom þér til að gera þetta?“ spurði ungi maðurinn eftir nokkura þögn og þegar hann var búinn að ná yfirhönd yfir reiði sinni.

„Eg gerði þetta vegna þess eg vissi, að það var skylda mín,“ svaraði hinn rólega.

„Og að hverju leyti var það skylda þín?“

„Það hefir hver okkar sínar skyldur að rækja, Páll minn, og þó eg reyndi til að útskýra þetta frekar fyrir þér, þá er lang líklegast að það gerði þig ekki vitund ánægðari en þú nú ert.“

„Þetta er þá alt, sem eg vil þér,“ sagði Páll og stóð á fætur. „Eg þakka þér fyrir hreinskilnina og sannsöglina, því nú veit eg hverjum má trúa og hverjum ekki. Erindi mínu við þig er lokið.“

Burnington stóð upp þegjandi og gekk í áttina að uppgöngunni. Hann gekk hægt og þreytulega, og auk heltinnar sýndist eitthvað ganga að honum, sem kæmi innan að frá. Páll sá í andlit hans og bar það vott um mótlæti og ógleði mikla. Það breytti tilfinningum Páls í einu vetfangi.

„Bíddu við—bíddu eitt augnablik“ sagði hann. „Segðu mér, hvers vegna þú gerðir þetta.“

„Vegna þess eg ætlaðist til, að þú yfirgæfir ekki skipið,“ svaraði Burnington og stanzaði við stigann og leit á Pál. Síðan snéri hann sér við aftur og gekk upp stigann. Ef til vill hefði Páll spurt hann meira ef hann hefði beðið lengur, en hann vildi ekki kalla á Burnington ofan aftur.

Strax þegar Burnington var farinn fór Páll að ganga um gólf í káetunni, og að hálfum klukkutíma liðnum var hann búinn að sannfæra sjálfan sig um, að Burnington léti sig hagsmuni Larúns meira skifta en nokkurs annars manns á skipinn.

Í þessu var kallað á Pál til miðdagsmatar. Þegar búið var að borða tók annar undirforinginn við umsjón á þilfarinu, en fyrsti undirforinginn tók með sér tólf menn og fór í land til þess að leita hrossa. Þuffó Burnington var með í þeirri ferð,



og vegna þess, að þar gerðist dálítið sögulegt, er bezt að lofa lesasanum að vera með í förinni.

Langley, fyrsti nndirforinginn, þekti alla króka og kima í skóginum, þar sem hrossin voru vön að halda sig, og með því sá tími fór nú í hönd, sem bezt sala var fyrir hross, þá vildi Larún ná öllum, sem hægt var að temja, og koma þeim í verð. Eins og áður hefir verið bent á, græddi hann mikið fé á skepnum, sem hann ól upp á eigninni, og kaupmennirnir í nágrenniuu könnuðust einungis við hann sem eiganda Silfurár-búsins. Margir vissu reyndar, að hann var stundum í siglingum, en þeir héldu, að hann færi einungis til hafnarbæja meðfram ströndinni til þess að selja varning sinn.

Menn Langleys voru útbúnir með beizli og reipi, og þegar þeir lentu fóru þeir fyrst í skógar-rjóðrið, þar sem töndu hrossin voru höfð. Fyrst kölluðu þeir hrossin saman með vissu blástri, og gekk það fljótt. Meðan á þessu stóð sáu þeir mann koma fram úr skóginum. Hann var vel búinn, af heldri stigum, á bezta aldri og mjög karlmannlegur. Hann kom beint til mannanna, og þegar hann var búinn að virða þá fyrir sér, vék hann að undirforingjanum, sem leiðtoga þeirra, og sagði á spönsku:

„Getur þú sagt mér, hvort Larún kaffeinn er hér á slóðum?“

„Eg býst við hann sé heima hjá sér,“ svaraði Langley og horfði hvast á aðkomumann.

„Og eg býst við, að þið séuð í þjónustu hans?“ spurði maðurinn og virti mennina fyrir sér á ný.

„Sem stendur vinnum við hjá honum.“

„Eg bjóst við, að svo væri. Hann á skip, sem liggur einhvers staðar hér nálægt?“

„Það er ekki ólíklegt, því hann á nokkur skip.“

Í því Langley sagði þetta tók aðkomumaður ofan hattinn og úr honum klút, sem hann þurkaði sér í framan með; svo lét hann klútinn á sama stað aftur og hattinn upp. Í sama vetfangi heyrðist brak í skóginum, og þegar Langley leit í áttina, sem brakið heyrðist úr, sá hann tuttugu menn ríðandi þeysa að sér.

„Hvað á þetta að þýða?“ sagði hann og snéri sér til aðkomumannsins.

„Ó, þetta eru vinir mínir,“ svaraði hann stillilega.

„Svik! svik!“ hrópaði undirföringinn og tók skammbyssu fram úr belti sínu. „Gætið ykkar, menn mínir! Til vopna! til vopna!“

Aðkomumaðurinn sló skambyssuna úr hendi Langleys, og á næsta augnabliki lá hann flatur. Hinir ræningjarnir mundu hafa komið honum til hjálpar, en hinir tuttugu komu að í því, svo hver hafði nóg að gera að hugsa um sjálfan sig.

Viðureignin stóð ekki lengi yfir. Einn ræn-

ingjanna slapp—ungur, snar piltur Jón Martin að nafni. Hann virtist vera meiri maður til fótanna heldur en handanna, og því slapp hann. Allir hinir náðust og voru hendur þeirra bundnar saman fyrir aftan bakið. Þegar Langley var hættur að brjótast um og staðinn á fætur, tók hann til orða:

„Hvers vegna er þetta gert?“ spurði hann og leit heiftaraugum til sigurvegarans. „Hver leyfir þér að ráðast svona á saklaust fólk, sem er við heiðarlega vinnu?“

„Það er nú ósannað enn þá.“

„Hvað er ósannað?“

„Hvort þið voruð við heiðarlega vinnu,“ svaraði aðkomumaður.

Af þessu reiddist Langley svo mikið, að hann ætlaði varla að koma upp orði, svo hinn hélt áfram:

„En eg skal nú segja þér eins og er, og svo getur þú sjálfur bezt um það dæmt, hvort þið eruð í nokkurri hættu eða ekki. Landstjórinn í Caraccas sendi okkur hingað og skipaði okkur að taka alla þá menn, sem hér væru að ná hrossum, og færa sér þá.“

„Og er það tilgangur þinn að fara með okkur alla leið til Caraccas?“ spurði Langley áhyggjufullur.

„Já, það máttu reiða þig á!“

Að svo mæltu voru allir fangarnir settir á bak á hesta og bundnir niður, og svo var tafarlaust



lagt á stað. Detta bar alt svo bráðan að og tók svo fljótt enda, að ræningjarnir vissu varla hvaðan á sig stóð veðrið og hvernig þeir áttu að skilja þetta. En það leyndi sér ekki, að það lá fyrir þeim að flytjast til Caraccas, og þeir hugguðu sig þá við það, úr því sem komið var, að þeir yrðu ekki ákærðir fyrir annað verra en hestahjófnað, því þeir þóttust sannfærðir um, að undan þeirri ákæru tækist þeim að losast; en yrði annað verra á þá borið, sem ekki var jafn auðvelt að sanna, að þeir ekki væru sekir um, þá færi þetta að verða alt óalitlegra.

Buffó Burnington reyndi að fá sig lausan með þeirri afsökun, að hann væri nýkominn til landsins, og hefði fengið vinnu við að ná hestum fyrir Larún. Hann lézt hafa megnasta óbeit á hestahjófnaði, og marg tók það fram, að sér hefði ekki til hugar komið að gefa kost á sér til þessa starfa ef hann hefði grunað það, að það stæði í sambandi við neina óráðvendni. En allar afsakanir hans hjálpuðu honum ekkert.

„Það má lesa ósannindin út úr andliti þínu,“ sagði spánski foringinn með kesknisbrosi. „Svona — þú þarft ekki að eyða fleiri orðum um þetta, því þú kemst ekki hjá því að koma með; en takist þér að láta Don Pedro trúá þér, þá getur verið þú sleppir.“

„Og hver er þessi Don Pedro?“ spurði Burnington.

„Don Pedro de Manriquez er landstjórinn í Caraccas.“

Burnington lét þá talið falla niður.

Innan klukku tíma komu ferðamennirnir að smáfirðinum, þar sem fiskimannakofarnir voru. Þar lá lítið stjórnarskip og voru bæði mennirnir og hestarnir fluttir fram í það. Litlu síðar var lagt á stað svo óhugsandi var fyrir ræningjana að sleppa. —Sumir þeirra höfðu búist við að verða fluttir landveg alla leið—fr níutíu til eitt hundrað mílur—og höfðu gert sér góðar vonir um að sleppa á þeirri leið.

Meðan á þessu stóð hafði Jón Martin komist fram á briggskipið og skýrt þar frá þessum ein-kennilega viðburði. Í fyrstu urðu ræningjarnir óttaslegnir, voru hræddir um, að þeir mundu allir verða teknir; en þegar Martin sagði frá því, að Langley og menn hans hefðu verið teknir fyrir hestahjófnað, þá hvarf ótti þeirra að mestu leyti.

Páll hlýddi á frásögn þessa, og fékk hann strax illan grun á Burnington. Hann mintist nú bréfsins, sem hann hafði komið áleiðis, og sem skrifað var utan á til Don Pedro Manriquez; og hann hafði síðar komist að því, að De Manriquez var landstjórinn. En hann gat ekki skilið, hvað allt þetta átti að þýða. Það var að eins einn hlekkur enn þá í hina undarlegu keðju, sem honum fanst binda Burnington við þáverandi ástand sitt og

allra umhverfis sig. Hafi það verið tilgangur Burningtons að láta taka mennina þarna, þá hlaut honum að hafa gengið eitthvað annað til þess en út leit fyrir á yfirborðinu. Og hafi hann verið orsök í þessu, þá hlaut hann að hafa verið með í förinni af yfirlögðu ráði, því hann hafði lagt mikið kapp á að fá að vera með í öllum landferðum, vegna þess hann hefði svo mikið gott af því að hreyfa sig á landi.

En Páll var fljótlega truflaður í þessum yfirvegunum hans með nýrri frétt. Það var komið um sólarlag, og þegar hann kom upp úr káetunni, þar sem hann hafði verið einsamall við kveldverð—hann hafði tekið að sér umsjón á skipinu á meðan annar undirforinginn borðaði—þá sást bátur kaffeinsins koma fram úr ánni og var honum róið af miklu kappi. Kaffeinninn var ekki í bátinum og varð Páli hverft við það, því hann óttaðist, að eitthvað hefði komið fyrir Marju. Þegar báturinn kom að skipshliðinni hljóp formaðurinn strax um borð og rakleiðis til Páls, þar sem hann stóð á þilfarinu, og sagði:

„Þú verður að bregða við og koma strax heim til kastalans.“

„Hvað gengur að?“ spurði Páll, og stóð á öndinni af ótta.

„Ungu stúlkunni hefir versnað.“

„Veiztu hvernig henni hefir versnað?“



„Hún hefir fallið í öngvit aftur.“

Páll hljóp niður í káetu og tók þar öll þau meðöl, sem hann gat undir neinum kringumstæðum þarfnast, og auk þess verkfæri og blóðsugur, hljóp síðan tafarlaust upp á þilfar og út í bitinn, sem strax lágði á stað upp eftir ánni.

„Róið nú knálega, piltar mínir! Róið eins og um lífið sé að tefla!“ hrópaði Páll.

Og hinir hraustu drengir tóku svo karlmannlega á árunum, að þær bognuðu eins og strá í vindi, og báturinn klauf vatnið eins og höfrungur.

---

## XVI. KAPITULI.

### HVÍSLINGAR.

Fyrsta manneskjan, sem Páll fann þegar hann kom heim til kastalans, var Otehewa, trygglynda Indiana-stúlkan.

„Óttast þú ekki, herra minn,“ sagði hún í svo lágum rómi, að enginn gat heyrt til hennar nema hann einn; „hún er ekki í mikilli hættu. Hún féll aftur í öngvit, eg kom kaftininum til að trúá því, að hún dæi ef hún ekki fengi meðöl. Eg vissi, að

þá hlyti hann að senda eftir þér. Vertu hughraustur, því þú átt vini, sem ekki bregðast þér. Það er ekki úti um alt enn þá.“

Páll tók vingjarnlega í hönd stúlkunnar og flýtti sér síðan til Marju. Marl Larún sat við rúm hennar, en hún sýndist sofa. En við fótatak hans opnaði hún augun. Hún brosti þegar hún sá hver kominn var, rétti honum hendina og sagði:

„Mér þykir vænt um, að þú ert kominn—bróðir minn.“

Páll hrökk saman við síðustu tvö orðin, því hann hafði næstum gleymt því. Það var eins og hnif væri stungið í hjarta hans; en hann lét þetta þó ekki aftra sér, heldur tók í litlu, hvítu hendina hennar og bar hana upp að vörum sínum.

„Hvernig líður þér, Marja?“ sagði hann eftir að hann var seztur hjá henni og Marl Larún hafði fært sig fjær til þess að lofa honum að komast að.

„Eg er ósköp máttvana, Páll.“

„Það hefir líðið yfir þig á ný?“

„Já.“

„Oftar en einu sinni?“

„Nei.“

„Hvað lengi lá hún í öngviti?“ spurði hann, og snéri sér að Larún.

„Nærri því heilan klukkutíma,“ svaraði hann.

Páll hélt stundarkorn um hönd hennar, til þess að rannsaka æðarslagið, og skoðaði tungu

hennar; strauk síðan hendinni um enni hennar, og sagði:

„Heyrðu, Marja, þú ert mikið veik, og þú verður að fara undur gætilega með þig. Getir þú legið kyr og róleg, þá geri eg mér þó von um að geta stöðvað hitasóttina.“

„Komstu með bíldinn þinn?“ spurði kasteinninn.

„Já, eg kom með hann,“

„þá skaltu taka henni blóð.“

„Nei, ekki held eg það. Hún þarf á öllum lífskrafti sínum að halda til þess að standast veikina. Eg hafði með mér bíldinn og blóðsugur til að grípa til ef heilinn skyldi veikjast; en eg vona, að ekki komi til þess. Hvernig ertu í höfðinu, Marja?“

„Eg hef engan höfuðverk — heldur dálítinn svima öðru hvoru.“

Hann áleit réttast að gefa henni sefandi meðöl fyrst í stað og sjá svo hverju fram yndi. Hann gerði það því, lét svo Otehewa vera hjá henni og sagði henni vandleg: „hvað hún ætti að gera.“

Að því búnu fóru þeir báðir út úr herberginu, og þegar þeir voru komnir út í ganginn, sagði Páll kasteininum frá því, hvernig farið hefði fyrir Langley og mönnum hans. Í fyrstu varð Larún orðlaus af undrun; en bráðlega losnaði honum um málbeinið, og spurði hann þá Pál nákvæmlega aðllu; en Páll gat að eins skýrt frá því, sem hann



hafði heyrt Martin segja—að spánskir embættismenn eða hermenn hefðu tekið mennina fasta og kært þá um hestapjófnad.

„Það veit hin heilaga guðs móðir!“ sagði Larún með miklum ákafa, „að hvorki eg né menn mínir hafa náð einum einasta hesti, sem ekki heyrði mér til. Hér er verið að hafa einhverja varmensku í frammi!“

Enginn maður hefði getað komist innilegar við af ranglæti mannanna en ræningjaforinginn virtist gera við þetta tækifæri. Það tók svo á hann að vera þannig kærður fyrir afbrot, sem hann aldrei hafði drýgt, og hann ásetti sér að láta ranglæti þetta þeim í koll koma, sem upptökin áttu. Eftir að hann hafði hugsað málið um stund ákvað hann að skilja við Marju undir umsjón Páls og fara sjálfur tafarlaust um borð til þess að reyna að afla sér frekari upplýsinga í málinu. Hann bjó því bát sinn, og þegar hann var búinn að lofa að koma sjálfur eða senda menn næsta morgun, þá fór hann að hitta gömlu Hagar; og eftir að hann hafði talað við hana um stund, fór hann til báts síns og lagði á stað niður eftir ánni og til skips.

Næsta morgun sá Páll, að Marju leið mikið betur, og hann sannfærðist um, að hún mundi ekki fá hitasótt ef hún héldi kyrru fyrir. Um klukkan tíu kom Larún heim aftur, og eftir að hann hafði séð Marju bað hann Pál að annast hana, því

sjálfur ætlaði hann að bregða sér til Caraccas til þess að fá sannar fregnir um það, hvers vegna menn hans voru teknir fastir. Hefðu þeir í sannleika verið teknir fyrir hestapjófnad, þá treysti hann sér til að fá þá strax lausa; og með því hann stóð illa við að missa menn þessa, því sumir þeirra voru beztu menn hans, þá var hann fús á að eiga nokkuð á hættu þeirra vegna.

En áður en kaftinninn fastréði að fara, var honum ant um að vita, hvað langt yrði þangað til Marja gæti farið að ganga um. Ungi læknirinn sagði honum, að það yrði ein vika að minsta kosti, og þá fyrst afréð ræningjaforinginn að skilja við hana undir umsjón Páls. Hann lagði því á stað, og Páll var enn einusinni í næði hjá stúlkunni, sem hann unni svo heitt og innilega.

En breyting hafði orðið á æskudraumum Páls. Stúlkán hans yndislega var honum nú ekki lengur það, sem hún hafði verið. Hjartað, sem fult hafði verið af ást til hennar, var nú sundurflakandi í sárum. Allar framtíðarvonir hans höfðu horfið alt í einu og fögru loftkastalarnir hrunið til grunna. Um sólsetrið þetta kveld, þegar geislar kveldsólarnnar fyltu herbergi Marju með dýrð sinni, þá sat Páll við rúmstokk hennar og hélt um hendina á henni. Þannig hafði hann setið þegjandi nokkura stund þegar Marja tók til máls.

„Páll,“ sagði hún í lágum og óstyrkum rómi—

óstyrkum fremur af geðshreyfing heldur en af vesöldinni—„þú hefir ekki glaðst af því að eignast systur.“

Páll hrökk við og leit allra snöggvast niður fyrir fætur sér. En svo leit hann upp aftur bráðlega, og þrátt fyrir hina miklu sorg, sem andlit hans bar vott um, svaraði hann:

„Eg er ekki hryggur vegna þess, sem eg hef eignast. Systur ást er himnesk gjöf. En *hversu mikið hef eg ekki misst?*“

„Ekkert af ást minni, Páll,“ svaraði hún fljótt og einarðlega.

„En hvernig áttu að elska mig á sama hátt og þú gerðir?“

„Eg get elskað þig alla æfi, bróðir minn.“

„E! Marja, ef þú elskar mig, þá kallaðu mig ekki þessu nafn. Kallaðu mig Pál—kallaðu, mig—kallaðu mig—elskuna þína. Ó, kallaðu mig hvað sem þér sýnist annað en *þetta!*“

„Og elskar þú þá ekki hana systur þína?“ stundi hún upp í hryggum, bljúgum og biðjandi málrósm.

„Jú, jú, ójú; eg elska þig meira en eg get út-málað með orðum. En kallaðu mig ekki—*bróður* þinn. Ekki núna—ekki núna. Síðar meir, þegar sár hjarta mæns er gróið, þá getur skeð eg þoli það. En, ekki núna.“

„Páll, við skulum aldrei skilja.“



„Við hljótum að skilja, Marja,“ hrópaði Páll fullur gremju. Við getum nú ekki verið hvort öðru það, sem við höfðum vonað. Band þetta slitnar von bráðar—bandið, sem nú bindur hjörtu okkar saman—og þá binzt þú nýjum böndum.“

„Eg skal aldrei yfirgefa þig, elskan mín,“ sagði hún einlæglega.

„Æ! Marja,“ sagði Páll og hristi höfuðið raunalega, „þú veizt ekki, hvað þín kann að bíða í þu u Elskuverð stúlka, eins og þú, lifir ekki lengi án þess að verða elskuð, og þér tekst það ekki alla æfi að loka hjarta þínu fyrir öllum. Eg þekki eðlisfar þitt of vel til þess að vita það ekki. Áður en langt um líður elskar þú mig einungis sem bróður, og þá—þá—“

„þei-þei! segðu ekki meira, Páll. Eg skal aldrei yfirgefa þig,—aldrei elska neinn annan mann en þig.—En því tala eg svona? Hjarta mitt er öldungis eins og þitt. Það getur ekki veitt ást neins annars en þinni móttöku. Það er ef til vill rangt—ef til vill óeðlilegt—en eg get ekki annað en haldið áfram að elska þig; og við skulum aldrei skilja, heldur fylgjast að á lífsleið okkar. Og þegar æfidagar okkar þverra, þá skulum við leggjast til hvíldar óflekkuð og lítalaus. Við skulum gera þetta, Páll—við skulum elskast—æfinlega.“

Páll þrýsti hvítu hendinni þéttara upp að vörum sínum, og tærin hrundu niður eftir kinnum

hans. Þannig stóð á fyrir honum þegar Otehewa kom inn í herbergið. Þegar hún sá, hvernig ástatt var kom hik á hana, en samkvæmt skipun Marju gekk hún áfram að rúminu.

„Herra minn,“ sagði hún og vék sér að Páli, „þú mátt ekki láta hugfallast, því að enn er ekki fokið í öll skjól. Eg hef fyrir löngu verið viðbúin ef í raunirnar skyldi reka; og Marl Larún getur engu vélræði sínu gagnvart Marju komið til leiðar, nema því að halda henni hér, sem fanga. Og það held eg meira að segja, að honum takist ekki til lengdar.

Indíána-stúlkan talaði mállýsku, sem ekki er hægt að hafa upp hér orðrétt. En orð hennar voru engu síður svo greinileg, að enginn vandi var að skilja hana, og áherzlur hennar og málfæri var hvortveggja sérlega fallegt. Páll leit til hennar með þakklætissvip, en svaraði henni engu orði fyrst um sinn.

Sólin var nú gengin til víðar og rökkur næturinnar færðist meir og meir yfir kastalann og landið umhverfis. Páll sá, að sjúklingur hans þarfnaðist hvíldar. Hann sagði því Otehewa fyrir um það, hvernig meðölin áttu að takast, og gekk síðan ofan og út í garðinn. Þar reikaði hann um aftur og fram þangað til aldimt var orðið af nótt.

„Hún systir mín!“ tautaði hann við sjálfan sig, nam staðar og fórnaði höndum. „Eg veit, að hann

er lýginn—argasti lygari; en skeð getur þú, að þetta sé alt saman satt. Æ! eg er dauðhræddur um, að svo sé, því mig dreymir í eitthvað þess konar frá barndómi. Eg man það nú vel, að eg kallaði hana systur mína; en þó er ekki ómögulegt að hann fari hér með lýgi. Maðurinn sem eg var hjá, var ekki faðir minn, því eftir svo miklu hef eg þú komist hjá Burnington. Og svo man eg það, að eg kallaði hann frænda. Ó, hvers vegna þurfti nú þetta að koma fyrir til þess að eyðileggja framtíðar ákvarðanir mínar? Hvers vegna hefir ógæfan og sorgin lagst svona þungt yfir mig? Buffó Burnington gæti frætt mig, en hann er óvinur minn—og nú er hann fangi þar að auki. Guð hjálpi mér! Vilt þú ó guð, ekki sjá aumur á mér? Lítt þú niður og—

Þáll hætti eintalinu alt í einu, því hann fann, að eitthvað kom hægt við öxlina á honum. Hann snéri sér við og sá Otehewa.

„Að hverju leitar þú hér?“ spurði hann hastarlega.

„Eg ætla að segja þér leyndarmál,“ svaraði Indíána-stúlkan og skimaði í allar áttir.

„Leyndarmál?“

„Já; og þegar þú ert búinn að fá að vita það, þá verður þú að gæta þín, jafnvel þó þú megir treysta meira á mig, en sjálfan þig.“

„En hvaða leyndarmál er þetta?“

„Ekki annað en þetta: Marl Larún ætlar að



giftast húsmóður minni strax þegar hann kemur heim aftur!“

„Hvað ertu að segja?“ sagði ungi læknirinn, og hrökk við eins og hann hefði verið skotinn. „Hvernig veizt þú þetta?“

„Eg heyrði hann segja það sjálfan; og hann hefir sent til San Felipe eftir presti. Presturinn á að koma hingað og vera hér þangað til Marja er orðin nógu frísk til að giftast.“

„Og ert þú viss um þetta?“

„Um það, sem eg hef sagt þér?—já.“

„En presturinn er þó ekki kominn?“

„Nei, ekki enn þá.“

„Páll gekk nokkur skref í burtu og fórnaði höndum, og þegar hann kom aftur, sagði hann:

„Hvað getur þú gert?“

„Mikið—mikið, sem eg segi ekki frá enn þá.“

Stúlkan hikaði við svo sem eina mínútu og hvíslaði síðan að Páli í skerandi rómi:

„Bíddu við þangað til hann kemur heim aftur. Jafnvel líf illmennisins og ræningjans er minna virði en ánægja þessarar heiðvirðu meyjar!“

Aftur gekk Páll allra snöggvast afsíðis; en þegar hann kom aftur var stúlkan öll á burt, og litlu síðar fór hann inn í h. sið.

## XVII. KAPITULI.

## ÓKUNNUGUR MADUK.

Marl Larún fór til Caraccas og fékk þar að vita, að menn hans hefðu verið teknir fastir fyrir grun um hesta þjófnað. Þeir voru í fangelsi og honum var ekki leyft að sjá þá. Hann fór til landstjórans, Don Pedro de Manriques, en á því var ekkert að græða. Don Pedro sagði honum einungis, að mennirnir hefðu verið kærðir fyrir að hafa tekið hesta í Silfurfjarðarskógunum og þess vegna hefði hann látið taka þá. Larún krafðist þess þá, að mál þeirra væri tafarlaust rannsakað; en inn á það fékst landstjórinn ekki til að ganga, vegna þess að aðal ákærandinn væri ekki í bænum sem stæði. Við þetta varð ræningjaforinginn æfur, en þegar honum var gefið í skyn, að hann gæti átt kost á að dvelja þar upp á kostnað stjórnarinnar ef hann ekki hefði sig hægan, þá stiltist hann óðara, því hann kærði sig ekki um að lenda þar, sem hann yrði að gera grein fyrir öllum hreyfingum sínum á síðustu mánuðum eða síðustu árum.

Ræningjaforinginn spurði sig fyrir um það eins nákvæmlega og hann gat, hvort nokkur grunur hvíldi á mönnum hans fyrir neitt annað en

hestahjófnað, og þegar hann komst ekki eftir neinu öðru þá varð hann rólegri en hann hafði nokkurn tíma verið síðan mennirnir voru teknir fastir. Hann komst einnig eftir því, að málið mundi ekki verða tekið fyrir innan mánaðar svo hann bjó sig til heimferðar. Áður en hann fór fékk hann landstjórnann til að lofa sér því, að föngunum skyldi verða sagt frá því, hvað hann hefði reynt mikið að fá þá lausa, og að fullvissa þá um, að hann skyldi koma og bera vott um sakleysi þeirra þegar málið kæmi fyrir réttinn.

Marl Larún kom heim eftir að hann hafði verið viku að heiman. Hann kom heim að kveldlagi og fyrsta verkið hans var að spyrja eftir því, hvernig Marju liði. Hann sótti þannig að henni, að hún var ekki einungis í afturbata heldur þv nær albata, og það kom glampi í augu hans, sem lýsti því, að honum var það ekki lítið fagnaðar-efni. Jafnvel þó komið væri um sólarlag, þá mannaði hann bát sinn, því honum var ant um að vita hvernig liði um borð á briggskipinu. Hjartað barðist harðara í brjósti Páls þegar hann heyrði, að kašteinninn ætlaði að fara, því hann bjóst við að verða að fara með honum; en það varð ekki. Larún sagði honum einungis, að hann kæmi aftur innan skamms og fór svo.

Páll var nú áhyggjufullur og órólegur. Honum hafði verið ánægja í því að sjá Marju batna, en



hann fylltist ógleði hvað eftir annað þegar hann hugsaði til þess, sem Otehewa hafði sagt honum. Og nú fór óttinn að fá eitthvað við að styðjast. Það sló dimmum skugga yfir húsið, því að þegar Marja var orðin frísk, þá kom þangað maður, sem sýndi það í öllu, að hann var maður, sem Páll hafði ástæðu til að vera hræddur við. Það var prestur frá San Felipe! Og Páll vissi vel, hvaða erindi hann átti í húsið.

Klukkan tíu kom kaffeinninn aftur, en hann sá ekki Marju aftur um kveldið. Seinnipart næturinnar hvesti veðrið og fyrir dag byrjaði að rigna. Um morguninn var komið óveður, sem fór versnandi allan fyrri hluta dagsins; en Larún var alls óhræddur um skip sitt. Hann vissi, að hæðirnar urðu að fjúka um áður en vindurinn næði til skipsins, og auk þess treysti hann Storms og Ben Morton eins vel eins og sjálfum sér til þess að sjá um skipið.

Óveður þetta stóð á norðaustan og áður en kveld var komið var veðrið orðið kalt—svo kalt, að Marja nötraði af knlda. Larún lét því kveikja eld í stóru setustofunni; og um kveldið fóru þau Páll og Marja þangað til kveldmatar, því Larún hafði boðið þeim að borða með sér.

Þegar búið var að borða og bera burt alt af borðinu, og Páll og Marja höfðu fengið sér sæti nálægt eldinum, þá heyrðist einhver hávaði úti við

uðu  
vísa  
var  
spoi  
riðið  
hnei  
þega  
fengi  
færði  
meða  
lagi g  
vegin

hliðið. Lárún varð í fyrstu óttasleginn— það leyndi sér ekki; en hann jafnaði sig bráðlega, og þegar dyravörðurinn kom inn var hann algerlega búinn að ná sér.

„Hvað gengur á?“ spurði hann vinnumanninn.

„Það er kominn ókunnugur maður, sem biður að lofa sér að vera í nótt.“

„Er hann einsamall á ferðinni?“

„Já.“

„Láttu hann þá koma inn.“

„Hingað inn?“

„Er það herramaður?“

„Hann lítur út fyrir að vera það.“

„Láttu hann þá koma hingað inn.“

Vinnumaðurinn fór út og innan skamms opnuðust dyrnar aftur og ókunnuga manningur var vísað inn í setustofuna. Hann var í yfirhöfn, sem var fest saman um hálsinn með gullspennu, og sporarnir á stígvélum hans sýndu, að hann hafði ridið hart, því sporahjólin voru blóðug. Hann hneigði sig kurteislega frammi fyrir fólkinu, og þegar hann var kominn úr yfirhöfninni og hafði fengið vinnumanninum hana og hattinn sinn, þá færði hann sig nær eldinum.

Hann var meðalmaður á vöxt, eða öllu heldur meðalmaður á hæð; en hann var meira en í meðallagi gildur og þrekvaxinn, þó hann væri enganvegin of holdugur. Andlitsskapnaður hans var

vel samsvarandi og fallegur. Augun voru dökkmórauð og ljómuðu eins og demantar; hárið dökkjarpt, dálítið hæruskotið, og hann leit út fyrir að vera um fimtugs aldur. Hið eina einkennilegt við manninn var það, að hann var ekki alveg laus við að vera rangeygður, eða bæði augun urðu ekki æfinlega samferða þegar hann rendi þeim. En á þessu bar ekki nema stöku sinnum; það var helzt þegar hann leit mikið til hliðar. Hann leit út fyrir að hafa reynt mikið mótlæti um dagana, því að svipurinn var þunglyndislegur.

„Ert þú langt að kominn?“ spurði Larún.

„Eg lagði á stað frá Caraccas í gær. Þetta er víst heimili Larúns kašteins, eða er ekki svo?“

„Jú, hann á hér heima.“

„Ert þú hann?“

„Já, eg er hann,“ svaraði Larún og fór nú að virða aðkomumann fyrir sér vandlega. En má eg spyrja þig að heiti?“

„Fox heiti eg—Jakob Fox.“

„Svo þú ert þá Englendingur?“

„Eg býst við að England sé föðurland mitt.“

„Hvaðan á Englandi ertu?“ spurði ræningjaforinginn, og sáust þess ljós merki, að hann var órólegur.

„Eg er frá austurhluta Englands.“

Larún varð rólegri allra snöggvast; en þegar hann horfði aftur í andlit komumanns, þá kom ó-



róleiki hans í ljós á ný.

En það var ekki Larún einn, sem var starsýnt á mann þennan. Páll gat ekki haft af honum augun, og einusinni eða tvisvar þegar Fox talaði, hrökk Páll saman, því honum fanst rödd hans rifja upp einhverjar gamlar endurminningar í brjósti sínu. Þegar Fox hafði rent augum yfir heimasólkið settist hann við eldinn og sýndist ekki hugsa um annað en þurka fót sín og orna sér.

„Þú hefir líklega engan kveldmat borðað?“ spurði Larún þegar hann var búinn að ná sér.

„Nei, ekki hef eg gert það.“

Larún kallaði á vinnufólkið og lét það setja mat fyrir komumann, og meðan á því stóð hélt hann uppi samtali við hann.

„Þér þykir eg ef til vill óþarflega forvitinn,“ sagði Larún eftir að þeir höfðu skrafað um veðrið og fleira þess konar; „en hér sjást svo sjaldan aðrir á ferð en fiskimennirnir okkar og bændurnir úr nágrenninu.“

„Mikil ósköp; það er ekki neitt undarlegt þó þér sé forvitni á að vita um ferðir mínar. Eg mundi vera alveg eins. Veðrið var gott þegar eg fór frá Caraccas, og eg fór þetta til þess að sjá landið og vita hvort hér væri ekki hægt að gera neitt.“

„Gera neitt? Hvað dettur þér í hug að þú getur gert hér?“

„Að leita eftir gimsteinum.“

„Ha, ha! þú finnur víst ekki marga gimsteina hér. Eg skyldi ímynda mér, að þú myndir enga.“

„Mér hafði dottið í hug, að þeir kynni að vera til hér meðfram lækjunum.“

„Séu þeir þar, þá hef eg aldrei fundið zeina,“ sagði Larún.

Marja og Páll horfðu hvort til annars.

„Er ekki annað stórbú lengra upp með ánni?“ spurði Fox.

„Jú,“ svaraði Larún; það er annað bú tíu mílur hér upp frá, sem Lopez Garonne á; tíu mílur, segi eg—eg meina, að landamæri hans eru tíu mílur héðan. Heimili hans er yfir fimtán mílur héðan.“

„Eg var að hugsa um að bregða mér þangað.“

Larún hefði haldið spurningum sínum áfram, en þá var maturinn til og Fox færði sig yfir að borðinu.

Ræningjaforinginn hafði ekki einungis tekið eftir einhverju í málrómi ókunnna mannsins, sem vakti eftirtekt hans, heldur hafði hann einnig tekið eftir áhrifum þeim, sem hann hafði haft á Pál. Og hann hafði enn fremur veitt því eftirtekt, að Marja hafði oftár en einusinni litið einkennilegum augum á gestinn. Þegar hann var seztur niður við borðið, fór Larún að ganga um gólf í stofunni, og hvenær sem hann gat komið því við horfði hann vandlega á gest sinn. Loksins stanzaði hann og

gaf Páli bending um að finna sig, tók kertaljós á arinhillunni og gekk út úr stofunni.

Strax þegar Páll var genginn út á eftir Larún hætti Fox að borða og gekk hiklaust til Márju, þar sem hún sat. Hún færði sig ekkert fjær og henni stóð enginn ótti af honum, því það var eitthvað svo innilegt í viðmóti hans, og hann var svo hógvær og góðlegur, að henni varð ósjálfrátt hlítt til hans.

„Þú munt vera dóttir Larúns?“ sagði hann spyrjandi, og settist niður hjá henni.

„Nei,“ svaraði hún fljótlega.

„Skjólstæðingur hans þá?“

„Eg er—er—já, eg býst við eg sé skjólstæðingur hans,“ svaraði mærin vandræðalega.

„En ekki mjög ánægð yfir því, býst eg við,“ svaraði hann og lagði um leið hendina á öxl hennar.

„Eg hef verið veik,“ svaraði hún, því hún hélt hann drægi ályktun þessa af útliti hennar.

„Rétt er nú það; líkamlega veik?“

„Já.“

„Svo þú ert þá andlega heilbrigð. Sál þín er heilbrigð og róleg.“

Marja hrökk við og horfði í andlit honum. Það var ekki laust við bros léki á andliti hans, en það var svo undur angurblítt.

„Eg veit ekki hvort eg skil þig,“ sagði hún eftir nokkura þögn. Hún gat ekki látið sér þykja við hann, tillit hans gerði henni það ómögulegt.



Hann horfði um herbergið til þess að vera viss um að enginn heyrði til þeirra, og sagði síðan:

„Eg hef komist á snoðir um vissa hluti, sem koma mér til að álíta, að þú sért ekki sem allra ánægðust hér. Hefir mér verið sagt rétt frá?“

„Eg get fullvissað þig—“

Marja komst ekki lengra, því þá brast hún í grát. Spurning þessi snerti streng í hjarta hennar, sem minti hana á alt mótlæti hennar.

Ókunnugi maðurinn tók um aðra litlu, hvítu hendina hennar og hallaði Marju upp að brjósti sér. Það var einkennilegt háttalag, en Marja gat ekki staðið á móti því. Hún hvíldi höfuðið við brjóst hans eins og það hefði verið brjóst móður hennar.

„Gráttu ekki, barnið mitt,“ sagði hann undur blíðlega. Kæmi ræ—kaftéinninn að okkur í þessu ástandi, þá mundi hann verða hissa.“

„Veizt þú þá um lifnaðarhátta föstra míns?“ spurði Marja alvarlega og tók höfuðið frá brjósti hans.

„Því spyr þú mig að því?“

„Vegna þess þú varst nærri búinn að nefna orð, sem hefir svo óttalega þýðing.“

„Mér varð það óvart, barnið mitt góða; en eg skal ekki vera þér óeinlægur. Eg þekki Marl Larún vel, og eg veit um lifnaðarhätt hans. En tölum ekki meir um það. Ef til vill get eg hjálp-

að þér.“

„Og þú hefir þekt mig áður?“ sagði Marja í biðjandi málróðm.

„Ekki beinlínis; en eg held eg hafi þekt menn, sem þig þektu einusinni. Og eg lofaði þeim að rétta þér hjálparhönd ef eg hitti þig nokkurn tíma og mér yrði það mögulegt. Og eg býst við, að eg verði nú að efna loforð mitt.“

Marja kom ekki fyrir sig orði nokkura stund. Hún varð forviða og forvitin og hjarta hennar fylltist þakklátsemi og gleði, sem hún gat ekki lýst með orðum. Loksins sagði hún í skjálfandi rómi:

„Hvað veizt þú um mig og mína? Æ! segðu mér það, ef þú veizt nokkuð?“

„Þey-þey! þarna kemur Larún. Eg veit ekkert, sem þér væri hagur að vita. En vertu vongóð. Eg verð að yfirgefa þig í fyrra málið, en eg skal koma aftur. Eg hef komið alla leið hingað til þess eingöngu að hjálpa þér, og eg segi þér frá því svona fjótt til þess að þú verðir hughraustari. Gáðu nú að því að láta það ekki sjást á þér, að þú hafir frétt neitt. Alt getur ef til vill verið undir því komið, að þú haldir þessu leyndu og sért gætin.“

Svo settist hann niður í sæti sitt og beið þar þangað til Larún kom inn.

## XVIII. KAPITULI.

## SKUGGAR OG SVIPIR.

Þegar Larún kallaði á Pál út úr stofunni, þar sem aðkomumaðurinn var að borða, þá fór hann rakleiðis með hann inn í afsækt herbergi og lokaði því að sér. Páll skildi ekkert í, hvað þetta gat átt að þýða, því að svipur ræningjaforingjans gaf til kynna, að eitthvað alvarlegt væri í efni. Þegar þeir voru komnir inn í herbergið og búið var að loka dyrunum, gekk Larún stundarkorn um gólf áhyggjufullur áður en hann tók til máls. „Páll,“ sagði hann loks, „og nam staðar frammi fyrir unga mannum, „þú hefir tekið eftir mannum, sem er að borða inni í stofunni og við gengum út frá?“

„Já, eg veitti honum eftirtekt, svaraði Páll undrunarfullur.

„Heldurðu að þú hafir séð hann nokkur tíma áður?“

„Eg get, satt að segja, ekki um það sagt.“

„En finst þér ekki þú kannast við eitthvað í svip hans og málróm?“

„Jú, eg get ekki neitað því,“ svaraði Páll eftir að hann hafði hugsað sig dálítið um.

„Mér finst það líka,“ sagði Larún hugsandi. „Hvar finst þér þú munir hafa séð hann?“



„Um það er mér ómögulegt að segja. Eg veit ekki einusinni, hvort eg hef nokkurn tíma séð hann.“

„En þú heldur þú hafir séð hann áður?“

„Já mér finst það. Hann minnir mig á eitt- hvað, en sem eg veit ekki hvað er. En hvers vegna spyr þú mig að þessu?“

„Vegna þess eg hélt þú gætir ef til vildi hjálpað mér til að koma manningum fyrir mig.“

„Hver heldur þú hann sé?“

Larún var seinn til svars, því hann hafði ekki búist við spurningu þessari; en hann áttaði sig von bráðar og sagði:

„Eg vissi ekki nema hann kynni að vera einhver, sem við höfum kynst á sjóferðum okkar. Þú skilur?“

„Já,“ svaraði Páll, og fór hrollur um hann.

Hann hrylti við að hugsa til þess, að láta nokkurn mann þekkja sig, sem hefði séð sig með skipshöfn ræningjaforingjans, því hann skildi vel við hvað hann átti.

„Finst þér ekki þú munir hafa séð hann um borð á einhverju skipi, sem við höfum látið greipar sópa?“

„Ekki finst mér það,“ svaraði Páll, því hann grunaði ekki eftir hverju Larún var að reyna að komast. Maður mundi ekki svo hæglega gleyma andliti og svip manns þessa.“

„Það er satt — það er satt, sonur minn, enda sé hefir ekki gleymt því.“

„Eg hef gleymt því svo, að eg kem því ekki fyrir mig. Nei, hafi eg nokkurn tíma séð mann þennan, þá hefir það verið fyrir löngu, löngu síðan.“

„Bíðum við!“ sagði kaffeinninn, og lét eins og hann myndi alt í einu eftir einhverju, sem honum hefði ekki áður dottið í hug. „Nú man eg eftir manni, sem Fox hét og átti heima skamt frá honum föður þínum; þetta mun vera sami maðurinn.“

„Það þykir mér lang-trúlegast,“ svaraði Páll, „því hafi eg nokkurn tíma séð hann, þá hlýtur það að hafa verið eins og þú getur til.“

„Svoleiðis er það,“ sagði Larún og gekk yfir um þvert herbergið. „Svoleiðis er það. Þú mátt nú fara.“

Páll gekk út úr herberginu, og strax eftir að hann var farinn fór Larún að ganga þar um gólf.

„Það er hann!“ sagði Larún við sjálfan sig og krepti hnefana. „Eg er nú viss um það. Drengurinn þekti hann og það nægir mér. En hvaða erindi getur hann átt hingað? Hvers vegna var hann að koma? Æ! eg vildi, að hann hefði ekki komið, því hann gerir mér ónæði—neyðir mig til að ganga með dráp hans á samvizkunni til dómisdags!—því hann má ekki þekkja börn þessi!“

Hinn ískyggilegi ræningjaforingi gekk hraðar og hraðar um gólf, og eftir nokkura stund fór

hann aftur að tala við sjálfan sig:

„Það er hugsanlegt, að hann hafi af hending borið hér að garði. En hann er viss að þekka okkur—hann veit hver við erum ef eg þekki manninn rétt. En eg skal verða viss í minni sök. Það get eg þó undir öllum kringumstæðum gert.“

Það létti yfir honum þegar hann sagði þetta, og eftir litla stund fór hann inn til gests síns aftur, sem þá var að tala við Pál um ána og jarðveginn. Lárún horfði í andlit Páli og sá strax, að hann veitti aðkomumanni nákvæma eftirtekt. En þegar hann sá, að Marja horfði einnig á hann með miklum áhyggjusvip, þá varð hann því nær úr öllum efa.

En það var enn þá ein manneskja í herberginu, sem veitti öllum óvanalega mikla eftirtekt, og sem þeim mundi hafa sýnst hafa áhrif á hana, sem séð hefði svip hennar. En hún valdi sér sæti í skugga þar sem andlit hennar varð ekki séð. Það var Otehewa. Hún hafði laumast inn í stofuna, án þess neinn sæi hana nema Marja, strax þegar gestinum var borinn maturinn um kveldið; og þegar hann var að tala við Marju hafði Otehewa setið hinumegin við eldstæðið, svo hann tók ekki eftir henni. Hún hafði heyrt alt og séð alt; en sérstaklega veitti hún nú Marl Lárún eftirtekt, því hún las hugsanir hans út úr svip hans. Hefði illmennid vitað, hvað rétt þessi slungna Indíánastúlka út-



lagði svip hans og hreyfingar, þá er ekki ólíklegt, að hún hefði verið horfin og úr sögunni næsta morgun. En hann vissi ekki, að hún var inni í stofunni, og þó hann hefði vitað af henni, þá hefði hann engan gaum því gefið, því æfinlega þegar hann var við hafði hún hagað sér eins og einfeldningur og flón, og hann hafði enga hugmynd um skynsemi þá, sem hún var gædd. Hefði hann vitað, að hún var slungnasta og snarráðasta manneskjan í kastalanum, þá hefði hún varla notið þess friðar og afskiftaleysis, sem hún naut. Marja var sú eina, sem þekti hana, og þekti Marja ekki skynjunargáfu hennar og ráðkænsku að hálfu leyti. Hún batt sig ekki við neinar hugsunarfræðilegar reglur og hún lét engar röksemdaleiðslur trufla eftirtekt sína. Hún vissi hvað hún sá, og hún las hugsanir manna í andlitum þeirra og svipbreytingum. Marl Larún var því ekki hinn eini, sem vissi, hvað hann var að hugsa um þessa stundina, og jafnvel hugsanirnar, sem hreyfðu sér í brjósti aðkomumannsins voru lesnar. Augu Otehewa fóru gandreidd inn í sál hans og lásu þar ný dýrmæt sannindi!

Þegar liðið var á kveldið, bað ókunni maðurinn að lofa sér að fara að háttu. Það var sent eftir Hagar gömlu til þess að fylgja honum til sængur, og út úr því las Otehewa hættu, sem engir aðrir sáu. Jakob Fox stóð á fætur, og þegar hann var búinn að bjóða öllum góða nótt, þá fór hann

út úr stofunni á eftir ambáttinni. Það var orðið óvanalega framorðið fyrir Marju að vera á fótum, svo hún fór einnig og Otehewa á eftir henni. Páll hafði þá ekki lengur yfir neinu að sitja, svo hann fór til herbergis síns. Larún var einn eftir í stofunni. Hann litaðist um og það fór hrollur um hann allan.

Stofan var stór með hvelfdu lofti, og þiljurnar voru úr mahónívið og glugga- og dyraumbúningar og hurðir úr hinu sama. Alt þetta var orðið dökt og svippungt af elli, og nú sýndist það drungalegra en nokkuru sinni áður. Fólkið, sem út fór, hafði tekið einn lampann eftir annan, svo að nú var ekki nema einn eftir, og ljósið af honum var ekki nægilega sterkt til þess að lýsa upp stofuna út í öll horn hennar. Það stóð eitt kerti á borðinu —kertið, sem Larún hafði brúkað um kveldið— en á því var ekkert ljós.

Og ræningjaforinginn stóð aleinn í hinni stóru stofu og litaðist um. Það var í honum hrollur, það leyndi sér ekki, en þó stóðu stórir svitadropar á andliti hans.

„Því var hann að koma?“

Þannig talaði hinn þungbúni maður við sjálfan sig, og svo gekk hann yfir í þann enda stofunnar, sem daufasta ljósbirtu bar á, og til baka aftur. Svo stóð hann kyr og endurtók spurningun. Hann horfði umhverfis sig með starandi augnaráði, og

hann sá skuggalega svipi sveima um út í stofu-  
hornunum. Það voru menn og konur, sem hann  
hafði myrt um dagana. Hann sá þar eina vofu,  
sem kom honum til að grípa höndunum fyrir and-  
lit sér. Eftir litla stund hrökk hann við, krepti  
hnefana og barði sér á brjóst.

„*Dví var hann að koma hingað?*“

Honum heyrðist bergmálið af orðum þessum  
svara og segja:

„*Hefnd!*“

Og svitinn streymdi niður af andliti hans.  
Hann hugsaði til tveggja barna — tveggja glað-  
værra barna, sem hjöluðu og léku sér og alt lék í  
lyndi—og hann mintist kalda og ömurlega rign-  
ingardagsins þegar hann strauk með þau frá  
Gloucestershire. Hann hugsaði til Cross-Hands  
veitingahússins og næturinnar, sem hann dvaldi  
þar. Hann mundi eftir því, hvernig hann þá sá  
litlu börnin sofandi þegar hann kom upp að hátta  
—litla drenginn með alvörufefna og sorgmædda  
svipinn, og litlu stúlkuna rólega og hálfbrosandi.  
Hann mintist þess, hvernig litli, hvíti handleggur-  
inn hennar var vafinn um háls drengsins, og hvernig  
hönd drengsins lá eins og hlífiskjöldur ofan á  
litlu stúlkunni.

Og Marl Larún mintist þess, að þá var hann  
sjálfur ungur maður—þá ólgaði æskufjörrið í æðum  
hans, og þá hafði hann stigið fyrsta sporið sem



glæpamaður. Svo mintist hann árunna, sem þá fóru í hönd. Og, jafnvel Marl Larún hryllir við myndinni, sem þá kemur fram í huga hans. Getur hann nokkurn tíma lifað glaða stund framar? Getur hann nokkurn tíma fengið að njóta hinna sönnu gæða lífsins? Getur hann fengið að eyða ellidögnum í friði og næði?

Og nú var Marl Larún orðinn gamall maður—gamall að minsta kosti í glæpum og reynslu. Í hinni miklu lífsins bók standa ekki nema fjörutfu ár, sem hann þarf að gera reikningskap fyrir; en skuldaupphæðirnar eru margar og ógurlegar! Lítið á hvítu hárin á höfði hans, hvað þeim er farið að fjölga; og sjáid hrukkurnar og drættina, sem mót-læti og ill samvizka hafa sett á enni hans og andlit.

Og Marl Larún hugsar aftur um börnin, sem nú voru nýfarin út frá honum, og það var eins og drættirnir í andliti hans yrði allra snöggvast þýð-ari. Aldrei í öll þessi mörgu ár hafði drengurinn gert honum rangt til í orði eða atviki—og aldrei hafði hann haft undan neinu við stúlkuna að kvarta—þangað til nú þessa síðustu daga. Hann finnur til þess, að engir, sem hann umgengst eða á yfir að segja, eru góðir—nema þau. Og nú reyna þau að flýja í burtu frá honum. Hvernig stendur á því? Hann veit, hvernig á því stendur. En svo kemur annað fram í huga hans, sem brýzt út í orðum:

„Hún skal verða mín!“

Og svo snýr hann sér frá ljósinu og horfir út í myrkrið. Og þegar hann snýr sér aftur við er lampinn orðinn að vofu—hræðilegri vofu. Hann hörftar aftur á bak og fórnar höndum óttasleginn, því honum liggur við að guggna. En svo sér hann lampann aftur, því að vofan líður frá, en hverfur þó ekki heldur fer frá ljósinu og stendur nú hjá eldinum.

„Hver er þar?“ hrópaði hann.

„Hagar,“ var svarað.

Og þá nær ræningjaforinginn sér aftur, því nú er hann búinn að fá annan illan anda mannlegu holdi klæddan til liðs við sig gegn aðsókn vofanna frá andans heimi.

„Hvar bjóstu um gestinn?“ spurði hann og færði sig nær henni.

„Í turnherberginu.“

„Það var rétt gert. Gerðir þú nokkuð annað?“

„Ekki mikið.“

„Hvað mikið?“

„Hann bað um að drekka.“

„Og?“

„Eg gaf honum það.“

„Nú, og hvað meira?“

„Hann sefur fastar en hann hefði gert ef hann hefði ekki fengið að drekka.“

„En hann er í engri hættu?“

„Nei; ekki nema yfir nóttina. Eg efast um, að það nægi honum lengur en til sólaruppkomu.“

„Hagar mín góð, þú ert reglulegur gimsteinn. Með hverju á eg að launa þér?“

„Með gulli!—gulli!“

„Þú skalt fá allt, sem þú vilt. Komdu til mín daginn sem eg gifti mig. Nei—bíddu við. Komdu daginn eftir.“

„Og fæ eg þá gull?“

„Nóg.“

Og eftir að kerling hafði fengið loforð þetta, fór hún út, og enn þá varð Marl Larún einn í stofunni. Hann leit á úrið sitt—og enn var hálf tími til miðnættis. Miðnætti var eftirlætistími hans. Hann valdi helst þann tíma til heimullegra starfa, sem hvorki heyrði til deginum í dag né morgun-deginum.

*Arnþjotur B. Olson*

## XIX. KAPITULI.

### MORD-SAMSÆRID.

Herbergið, sem gesturinn svaf í, var kallað turnherbergið af því það var rétt undir einum kastalaterninum. Hinir túrnarnir voru upp af miðju



kastalans og því yfir ganginum. Herbergið var í suðvesturhorni byggingarinnar, og vissi út að lækn-um, sem rann eftir kastalagarðinum. Herbergið var tvídyrað, og lokaði gesturinn þeim báðum að sér áður en hann fór að sofa.

Það var komið miðnætti, og maðurinn svaf vært. Hann heyrði engan hávaða—enginn hávaði ónáðaði hann. Leynidyr voru opnaðar við fóta-gaflinn á rúmi hans. Eftir dýrum þessum gat enginn ókunnugur maður tekið. Hurðin var ekki annað en partur af þilinu, og var hún opnuð út. Þilið opnaðist og Marl Larún kom inn á sokkun-um. Hann nam staðar við dyrnar til þess að hlusta eftir andardrætti gestsins og ganga úr skugga um, að hann væri sofandi. Hann læddist að höfðalaginu með vasalukt í hendinni, og gætti þess að láta ekki ljósið skína í andlit mannsins. Hann fletti ofan af honum ábreiðunni og rekkju-voðinni eins hægt og gætilega eins og móðir mundi hafa gert við veikt barn sitt. Síðan hnepti hann frá honum skyrtunni, svo að hið þreklega brjóst hans lá nakið, og á því sást djúpt og langt ör, sem náði alla leið frá viðbeininu niður á mitt brjóst. Ræningjaforinginn horfði litla stund á örið, og síðan færði hann fötin í samtlag aftur. Hann dvaldi ekki til þess að taka eftir neinu öðru, héldur læddist viðstöðulaust út úr herberginu og lokaði þilinu á eftir sér.

„Eg þekti hann strax og eg sá hann,“ tautaði Larún fyrir munni sér þegar hann var kominn út í ganginn. „*Dví var hann að koma hingað?*“

Í heilan klukkutíma gekk hann um gólf í ganginum með vasaluktina í hendinni. Síðan gekk hann út og yfir í lágu bygginguna hinumegin í garðinum, þar sem þrælarnir sváfu. Hann gekk þar inn og vakti einn þrælinn—Indfána, sem Warda hét. Strax þegar Warda vissi, hver kominn var, stökk hann fram úr rúminu. Hann var ekki hraustlega vaxinn maður, fremur hið gagnstæða. En allar hreyfingar hans sýndu, að hann var snarráður mjög; og svipurinn sýndi eðlisfar, sem ekkert lét fyrir brjósti brenna, jafnt hvort það var lítilsháttar ósannsögli eða viðbjóðslegasta morð.

„Warda,“ hvíslaði Larún, „komdu með mér.“

Þrællinn fleygði yfir sig ullarteppi og gekk út með herra sínum. Það var hætt að rigna og farið að greiða til í lofti, en veðrið var svalt; Larún fór því inn í húsið og rakteiðis í stofuna, þar sem hann hafði tekið á móti gestinum um kveldið.

Engan grun hafði Marl Larún um það, að öllum hreyfingum hans væri veitt nákvæm eftirtekt. Hann sá ekki, að það hafði manneskja auga á honum og fylgdi honum eftir, hvert sem hann fór. Hann sá það ekki, að manneskja þessi komst inn í stofuna á undan honum og faldi sig undir sofnum, þar sem hún gat heyrt alt, sem fram fór í stofunni.

„Warda,“ sagði Larún, þegar hann var búinn að loka þá inni í stofuinni, „sástu ókunnuga manninn, sem hérna kom í gærkveld?“

„Nei, herra minn.“

Maður þessi talaði samskonar mállyzku og Otehewa, svo ekki er unt að tilfæra orðrétt það, sem hann sagði.

„Það kom ókunnugur maður, og hann sefur nú í turnherberginu. Eg held hann ætli upp til Lopez Garonne í fyrramálið. Fari svo, þá ætla eg að láta þig fylgja honum. Skilur þú mig?“

„Það, sem komið er.“

„Áður en hann kemst alla leið upp til Garonne vildi eg gjárnan, að hann færi til þess staðar, þaðan sem engir snúa aftur. Skilur þú mig nú?“

„Eg held það.“

„Mér er ant um, að þú skiljir mig rétt.“

„Eg skil þig þannig, að þú viljir fá mann þennan drepinn.“

„Einmitt það, Warda. Og eg vil vera viss um, að það mishepnist ekki.“

„Eg skil þig.“

„Taktu nú eftir því, sem eg segi: Láttu þér farast þetta vel úr hendi, og þá skaltu fá hana Otehewa fyrir konu.“

Rauðskinninn réði sér ekki fyrir gleði þegar hann heyrði hver launin áttu að vera. En allt í einu dofnaði aftur yfir honum, og hann sagði: „En ungfrú Marja vill ekki gefa mér hana.“



„Þegar ungfrú Marja er orðin konan mín, þá skalt þú fá þjónustustúlku hennar; og þess verður ekki langt að bíða. Gerðu þetta fyrir mig—vel og trúlega, og láttu það ekki fara í handaskoli, og láttu aldrei neinn um það vita—og eins og eg er lifandi skaltu fá Othewa!“

„Fyrir slík verðlaun væri eg fús að drepa þúsund óvini þína,“ sagði Warda, og skein tilhlökkunin út úr augum hans.

Warda hafði lengi litið Othewa ástaraugum, en hún vildi ekki giftast honum vegna þess hún elskaði hann ekki; og til þess að hafa frið fyrir honum, hafði hún beðið Marju að leggja þvert nei við því, að hann mætti tala um ástir við þjónustustúlku sína. Um alt þetta vissi Larún vel, og jafnvel þó hann vissi, að Warda mundi hafa lófað sér því að fremja morð þetta endurgjaldslaust, þá vissi hann það einnig, að þegar fyrir Othewa væri að vinna, þá mundi hann leggja enn þá meira kapp á að koma því í framkvæmd.

„Hvaða vopn ætlar þú að hafa með þér?“ spurði ræningjaforinginn.

„Eg ætla að hafa þau öll þrjú,“ svaraði Indíaninn, „sverðið, hnífinn og skammyssuna; og svo brúka eg það, sem bezt á við. Ef til vill get eg komist að höfði hans með skammyssuna og þannig unnið fljótast á honum. En hann skal deyja áður en hann kemst alla leið til Lopez Gopez Gar-

onne. Eg fer með hann í gjána hinumegin við skóginn. Enginn heyrir skambyssuskot þaðan; og svo fleygi eg hræinu niður á milli klettanna, þar sem það verður étið upp á fám dögum.“

„Við skiljum þá hvor annan,“ sagði Larún. Mundu nú þetta: þegar ókunnugi maðurinn—Mr. Fox—er ferðbúinn, þá sendi eg þig með honum, sem fylgdarmann. Svo veiztu, hvað þú átt að gera.“

„En nú skyldi hann ekki vilja fylgdarmann?“

„Eg fmynda mér, að það komi ekki til þess. En fari svo, þá ferðu á eftir honum. Alt kemur í sama stað niður.“

„Já, það er alveg satt.“

Þegar þannig var búið að ráðstafa öllu skildu þeir, herrann og þrællinn, og Larún fór til herbergis áins. Otehewa skreið út undan sofanum, og þegar hún var þannig búin að komast fyrir ætlun Larúns fór hún einnig að sofa.

Það var orðið framorðið um morguninn þegar gesturinn reis úr rekkju. Hann fann það, að hann hafði sofist fast og lengi, en honum þótti það ekki nema eðlilegt, því hann hafði verið þreyttur þegar hann lagðist fyrir um kveldið. En honum leið ekki jafn vel eftir allan svefninn eins og hann hefði getað búist við; það var einhvers konar þreyta í honum og niðurdráttur. Það er ekki óvanalegt að mönnum líði svona eftir að hafa lagst þreyttir

til hvílu og söfð fast og lengi. Þegar Fox kom ofan sá hann, að morgunverður var enn ekki til, því Marl Larún var ekki kominn á fætur.

Það var bjartur og yndislegur morgun, og loftið, sem hreinsast hafði í hrakviðrinu, ilmaði nú af angandi blómum og jurtum. Gesturinn sá út í garðinn úr bakglugga gangsins og ásetti sér að ganga út þangað til þess að anda í sig hreinu morgunloftinu og koma þannig blóði sínu í eðlilega hreyfing og skerpa skilningarvitin. Hann gekk því út og það hafði þær verkanir, sem hann hafði gert sér von um. Hann hafði gengið nokkurum sinnum aftur og fram um garðinn, og var í þann veginn að nema staðar úti fyrir vínviðar-laufskála þegar hann heyrði létt fótatak að baki sér, og þegar hann leit við, sá hann hýreygu Indíánastúlkuna, sem hann hafði tekið eftir að var svo natin við Marju og hann hafði heyrt Marju kalla Otehewa. Stúlkun gekk fast upp að honum, og þegar hún var búin að skima í allar áttir, sagði hún við hann í halfum hljóðum:

„Þú ætlar að fara til Lopez Garonne í dag?“

„Mér hafði dottið það í hug,“ svaraði hann halfundrandi.

„Farðu—farðu. Farðu fyrri partinn í dag,“ sagði Otehewa, „því að Marl Larún situr um líf þitt.“

„Einmitt það! Svo hann þekkir mig þá?“



„Já. Hann fór inn í herbergið til þín í nótt og fletti fötunum ofan af brjóstinu á þér. Hann horfði á það, og eftir það var hann í engum vafa.“

„En eg lokaði báðum dyrunum.“

„Það voru dyr á herberginu, sem þú gæzt ekki lokað. Þú varst látinn sofa í turnherberginu, vegna þess, að á því eru leynidyr. Og kvenpersónan, sem gaf þér að drekka, lét svefnmeðal í drykkinn.“

„Þá veit hann hver eg er,—hann ætti að kannast við markið, því það er eftir sjálfan hann. En hvernig veizt þú, að hann situr um líf mitt?“

Indíanastúlkan brosti ofurlítið, og sagði honum síðan frá viðræðum þeirra Larún og Warda, en dróg einungis það undan, sem snerti hana sjálfa.

„Svo nú sér þú,“ sagði hún, „að þú verður að fara þetta, og þú verður að þiggja fylgd, því, gerir þú það ekki, þá leitar Larún einhverra annarra bragða til þess að deyða þig, sem þú veizt ekkert um fyrirfram; og þá kemur þú ef til vill engri vörn við.“

Maðurinn sá, að hún hafði rétt fyrir sér, og eftir fárra augnablika umhugsun sagði hann: „Eg skal vissulega fara að ráðum þínum; en segðu mér, hvers vegna þú lætur þér svona umhugað um mig? Þú hefir aldrei séð mig áður.“

„Páll og Marja hafa verið vinir mínir; og eg vildi gjarnan leggja lífið í sölurnar fyrir þau.“

„En hvað koma þau mér við?“ sagði ókunnugi maðurinn í bljúgum rómi, og horfði í augu stúlkunnar.

„Um það þarft þú engar upplýsingar frá mér. Eg er ekki blind!“

Fox þóttist sjá, að þessi hörundsdökkva stúlka mundi hafa einhvern grun um leyndarmál sitt. Hann virti hana fyrir sér stundarkorn og sagði: „Vita þau Páll og Marja það, sem þú veizt um mig?“

„Nei. Þú getur séð það, að þau hallast að þér; en hvernig sem þau velta því fyrir sér, geta þau ekki áttað sig á því, hver þú ert.“

„Stúlkan min góða, sem orðið hefir verndar-engill minn,“ sagði hann um leið og hann tók í hönd hennar, dróg hana til sín og faðmaði hana, „hvernig á eg að launa þér þetta?“

„Eg hef úttekið mín laun. Þakklæti þitt er mér nægileg laun. En það er ekki ómögulegt, að eg biðji þig einhvers síðar. Þey! það er verið að kalla á þig til morgunverðar. Far þú inn, og eg kem á eftir. Talaðu ekki við mig aftur. Láttu sem þú sjáir mig ekki. Líttu eftir skammbýssunum þínum svo lítið ber á, og sjáðu svo til, að Warda verði ekki á eftir þér á leiðinni. Þú kannast við gilið þegar þið komið að því, og þar fremur fylgdarmaður þinn glæpinn, ef þú leyfir honum það!“

Að svo mæltu laumaðist stúlkan í burtu frá honum; og þegar Fox var orðinn viss um, að and-

lit sitt bæri engin merki um geðæsing, fór hann inn í húsið. Morgunverður var kominn á borðið, og húsbóndinn beið hans. Larún var óvanalega glaðvær og góður. Hann faðmaði gest sinn mjög vingjarnlega og fór mörgum fögrum orðum um það, hvað yndislegt veðrið væri.

Þau Pall og Marja voru einnig viðstödd, og sama eftirtektin og undrunin skein út úr andliti unga mannsins eins og kveldið áður. Hann einblindi á andlit okunna mannsins, og hann velti því fyrir sér, hvort Larún mundi hafa sagt satt þegar hann sagði, að þetta blyti einungis að vera gamall nágrenni sinn. En honum gafst ekkert færi á að spyrja gestinn, því Larún yfirgaf hann aldrei eftir að búíð var að borða morgunverðinn. Ræningjaforinginn ásetti sér að leyfa ekkert samtál, sem hann væri ekki heyrnarvottur að, og honum hepnadist það að mestu leyti. Jakob Fox langaði hvað eftir annað til þess að geta sagt nokkur orð heimullega bæði við Pál og Marju, en honum tókst það ekki, því hann og Larún fylgdust stöðugt að eins og tvíburarnir frá Siam. Einusiðni gat hann þó skotist til Marju og hún íslað að henni:

„Þorir þú að treysta ungu, fallegu Indíána-stúlkunni þeirri arna?“

„g þori að trúá henni eins vel og sjálfri mér!“ sagði Marja, og var fljót til svars.

Rétt í því kom Larún að, svo samtalið varð ekki lengra.

urin  
hein  
drek



Þegar klukkan var orðin tíu, sagðist gesturinn verða að leggja á stað til næsta bæjar. Larún lagði að honum að vera, en Fox var ákveðinn í að fara.

„Þú verður að fá fylgd,“ sagði ræningjaforinginn, hreinskilnislega.

„Er vegurinn óglöggur?“

„Það eru svo margar götur, að þú getur ómögulega vitað hver er rétta gatan nema einhver kunnugur sé með þér.“

„Værir þú til með lána mér fylgdarmann?“

„Náttúrlega,“ svaraði Larún, og tók Fox eftir því, hvernig ánægjan skein út úr augum hans.

„Þá ætla eg ekki einungis að þiggja fylgd, heldur skal fylgdarmanni mínum verða vel launað,“ sagði Fox og fór að búa sig til ferðar.

---

## XX. KAPITULL.

### FYLGDARMADURINN.—NÝR GESTUR.

Klukkan var orðin ellefu áður en ókunnimaðurinn komst á stað. Hann drakk góðan slurk af heima tilbúnu víni, eftir að hann hafði séð Larún drekka úr sömu flöskunni, og svo steig hann á

bak hesti sínum. Hann hafði hlaðið skambyssur sínar vandlega, búið vel um forhlaðið og valið beztu tinnusteinana til þess að hafa alt í sem beztu lagi. Fylgdarmaður hans var Indíáni, laglegur og hraustlegur maður, ekki eldri en tuttugu og fimm ára gamall, og svipur hans bar vott um talsverð hyggindi og kænsku.

Marl Larún óskaði gesti sínum lukkulegrar ferðar, sem Fox þakkaði honum fyrir með tilhlýðilegum orðum og lagði síðan á stað. Fyrst dálítinn spöl riðu þeir, Fox og fylgdarmaðurinn, samsíða, og jafnvel þó Fox reyndi að láta Indíanann skrafa við sig, þá gekk það mjög erfitt. Hann var ekki öflugur né kjanalegur, en hann leit út fyrir að vera feiminn, og stundum var eins og hann vildi helst steinþegja þegar einföldustu spurningar voru lagðar fyrir hann.

„Vegur þessi sýnist auðrataður,“ sagði ferðamaðurinn þegar þeir höfðu riðið um þrjár mílur eftir breiðri akbraut.

„Hann er alt öðruvísi hinumegin við *gilið*,“ svaraði Warda, og lagði óafvitandi einkennilega mikla áherzlu á síðasta orðið.

„Gilið!“ hafði Fox upp eftir honum. „Hvar er það gil?“

„Hér um bil fimm mílur héðan.“

„Einmitt það.“

Fox svaraði engu öðru, því hann sá, að fylgd-

armaðurinn vildi helst ekkert tala, og hann óttaðist, að ef Warda kæmist í geðshræring, mundi slíkt flýta fyrir morðtilrauninni.

Þetta var mjög skemtileg leið, því að vegurinn lá eftir árbakkanum og laufskrúð skógarins var ósegjanlega fagurt. En ferðamaðurinn hafði hvorki tíma né skapsmuni til þess að njóta reiðarinnar. Hann var um alt annað að hugsa. Stundum lá vegurinn í bugðum frá ánni til þess að sneiða fyrir háa skógarbrúska, sem uxu á árbakkanum; og að lokum sá Fox fram undan sér hávaxnari skógarbrúsk en nokkurn hinna, og eftir landslaginu að dæma bjóst hann við, að þar ætti að gera út af við sig. Hefði hann verið í nokkurum vafa um þetta, þá hefði sá vafi horfið þegar hann sá, hvað órólegur fylgdarmaðarinn fór að verða. Auðvitað reyndi Warda til þess að vera rólegur eins og ekkert stæði til, og honum tókst það svo vel, að óvíst er, hvort Fox hefði tekið eftir neinu óvanalegu ef hann hefði ekki vitað um fyrirætlun hans.

„Sérðu háa skógarbrúskinn þarna?“ spurði Warda og benti í áttina.

„Já,“ svaraði Fox, og lézt veita því mikla eftirtekt.

„Gilið, sem eg sagði þér frá, er rétt hinumegin við það. Þaðan af er vegurinn mjög óljós.“

„Einmitt það. Það er þá gott, að þú ert með mér, því það er annað en gaman að villast í svona skógi.“



Loksins komu þeir að gilinu, og gat Fox nokkurn veginn séð, hvernig það leit út. Niður við ána var hraundyngja eins og eftir eldsumbrot, en hinu megin var djúp gjá, sem sjálfgerður steinbogi myndaði brú yfir og skógurinn hafði þakið með jarðvegi.

Þegar þeir komu að gjánni, hrópaði Warda upp yfir sig: „Hvaða ólán! Hnakkgjörðin mín hefir slitnað. Halt þú afram, eg kem á eftir þegar eg er búinn að gera við gjörðina.“

Fox var nú á eftir fylgdarmanni sinum, og hann stanzaði hest sinn þegar hann sá fylgdarmanninn fara af hestbaki. Það fyrsta, sem hann gerði, var að horfa á hið undraverða útsýni fram undan. Gjáin var mjög djúp og barmarnir ósléttir og nibbóttir. Niðri í henni voru stórgrýtisbjörg, sem vatn hafði auðsjáanlega gengið yfir í flóðum og vatnagangi, þó hún væri nú þur. En það einkennilegasta var jarðgöngin úr gjánni fram að ánni, undir skógarbrúskinn. Vegurinn var mjög mjór—ekki nógu breiður fyrir kerru. Mestallur flutningur til sjávar, frá efra búinu, var fluttur eftir ánni; en alt, sem eftir þessum vegi var flutt, báru múlasnar á bakinu. Vegurinn yfir brúna var ekki yfir fjögur fet á breidd, þar sem hann var breiðastur, en hann var góð eitt hundrað fet á lengd angað til gjáin beygði til vinstri handar og hvarf á bak við skóginn.

„Komdu,“ sagði fylgdarmaðurinn ópolinmóð-

lega, „ríddu áfram, og svo næ eg þér bráðlega.“

„Það á ekki við, að sá maður, sem verið er að fylgja, ríði á undan fylgdarmanninum,“ svaraði Fox blátt áfram, eftir að hann hafði búið svo um skammbyssur sínar, að þær voru við hendina og ein þeirra í alspennu.

„En nú er ráðlegra fyrir þig að halda áfram,“ sagði Warda, „því að þér veitir ekki af tímanum.“

„Eg er ekkert að flýta mér.“

„En eg vil flýta mér.“

„Við ríðum þá þeim mun harðara þegar við leggjum á stað aftur.“

Warda komst í vandræði og varð hálfórólegur. Hann sá að ferðamaðurinn hafði stöðugt auga á honum og vaktaði hverja hreyfing hans. En hann áttaði sig aftur, bætti gjörðina, sem hann hafði sjálfur skorið í sundur, og settist á bak.

„Nú getur þú farið á undan,“ sagði hann, „því að það er ekki eigandi undir mínum hesti, sé annar hestur á eftir honum. Hann verður staður ef hann heyrir hófadyn aftan við sig.“

Jakob Fox gat ekki stilt sig um að brosa að slægvizku þorparans. „Eg skal þá ekki fara fyrir en þú ert kominn yfir brúna,“ sagði hann. „Viljir þú flýta þér, þá haltu nú áfram!“

Fox sagði þessi síðustu orð býsna alvarlega, og Warda tautaði blótsyrði fyrir munn sinn og lagði á stað. Fox beið þangað til hann var kom-

inn yfir um, og fór síðan á eftir honum. Warda reið liðugt og Fox sömuleiðis — kippkorn á eftir. Innan skamms sá Fox hann stinga hægri hendinni í barm sinn og taka þar út skammbyssu. Indíaninn hélt, að þessu hefði engin eftirtekt verið veitt. Næst heyrði Fox tvo ofurlitla skelli, og vissi hann, að þeir komu af því, að skammbyssan var spent upp. Og hann sá það á því, hvernig Warda hélt hægri handleggnum, að hann var til að skjóta. Fox tók fram skammbyssu sína, sem hann var búinn að draga upp bóginn á, og hélt henni undir lafinu á yfirhöfn sinni, sem hann hafði slegið yfir hnakknefið.

Alt í einu stanzaði Indíaninn hest sinn, færði skammbyssuna yfir í vinstri hendina, benti yfir um ána með hægri hendinni og kallaði í ámátlegum rómi: „*Líttu á þarna! Líttu á þarna!*“

Jakob Fox hafði séð alt, sem gerðist, og hann vissi vel, að ef hann yrði nú ekki snarráður, þá mundi byssukúla koma í höfuðið á sér og verða sér að bana. Hann beið við þangað til hann sá Indíanann taka skammbyssuna aftur með hægri hendinni; þá vissi hann, að stundin var komin. Það var sorglegt að verða að ráða mann þennan af dögum, en hér var ekki nema um tvent að velja—að láta morðingjann verða sér að bana og gefa honum tíma og tækifæri til þess að verða fleiri mönnum að bana, og sleppa hendinni af öðrum enn þá verri



þorpara með varnarlausu unga mey í klóm sínum — eða að forða lífi sínu, og geta þannig komið því til leiðar, sem réttvísi, miskunnsemi og ást höfðu falið honum á hendur. Röksemdafærsla þessi flaug í gegnum huga hans eins og elding, og svo varð hann fastráðinn í því, hvað hann ætti að gera.

„Sjáðu! Sjáðu!“ kallaði fylgdarmaðurinn aftur.

Fox sá fingur þrælmennisins á skammbyssugiknum. Hann stöðvaði því hest sinn, miðaði skammbyssu sinni á höfuð Warda og skaut hann hér um bil þriggja feta færi. Hestur fylgdarmannsins þaut áfram, en maðurinn sjálfur féll til jarðar. Hann rak ekki einusinni upp hljóð, því að kúlan hafði farið í gegnum heilann. Og jafnvel þó engin kúla hefði í byssunni verið, þá hefði hann fallið í svima af loftþrýstingunni.

Jakob Fox fór af hestbaki og styrmdi yfir Indíananum, en hann var dauður; og þegar hann var búinn að draga líkið af götunni, til þess að hesturinn kæmist áfram, þá steig hann á bak aftur án þess að hirða neitt um hest Indíanans, sem stóð og beið þess, að farið yrði á bak á sér aftur.

\* \* \*

Þegar á daginn leið fór Larún að vonast eftir þræli sínum, sem hann sendi til að fylgja Jakob Fox; en tíminn leið svo fram á kveld, að ekki kom þrellinn. Ræningjaforinginn fór nú að verða ó-

rólegur, og sendi tvo trúverðugustu menn sína til að leita Warda. Þessir tveir menn — það voru svertingjar—fóru ríðandi. Þeim var sagt að fara eftir veginum til Lopez Garonne og leita mannsins vandlega.

„Leitið þið nákvæmlega umhverfis stóra skógarbrúskinn og í gilinu,“ sagði Larún, „því að það er hættulegur staður. Og flýtið ykkur nú!“

Hálfum klukkutíma eftir, að svertingjarnir voru farnir, var ræningjaforinginn í ganginum og gekk um gólf í ákafa. Það var komið undir sólarlag og skuggarnir urðu lengri og lengri þangað til ekki sást fyrir endann á þeim. Alt í einu heyrði Larún hávaða úti við hliðið, og litlu síðar var honum sagt, að einn af skipverjum hans væri kominn og vildi finna hann. Hann skipaði auðvitað að láta manninn koma inn, og beið hans í ganginum. Svo heyrði hann stigið þungt á gangstéttina, og hann hrökk við þegar hann heyrði fótatak þetta, því það var ekki nema einn maður, sem þrammaði áfram svona þunglamalega og ójafnt—og sá maður hlaut að vera í fangelsi. En hann þurfti ekki heldur lengi að vera í neinum vafa, því að framdyrnar opnuðust og Buffó Burnington kom inn um þær.

„Hvað sé eg!—Buffó?“ hrópaði Larún upp yfir sig, og gekk á móti honum og tók vingjarnlega í hönd hans.

„Já, kaffeinn.“

„En, hvernig stendur á þessu? Ert þú frjáls maður?“

„Já, það er eg reyndar.“

„Og hinir mennirnir?“

„Þar, sem eg skildi við þá, í fangelsi—býst eg við. Eg slapp.“

„Og gaztu þú ekki látið eitthvað af hinum sleppa?“

„Ekki þú. En eg hef ekki verið aðgerðalaus í Caraccas síðan eg komst út, og mennirnir sleppa allir áður en langt líður,“ svaraði Burnington.

„Ertu viss um það?“

„Já, viss er eg um það.“

„Gott er það! þú ert góður drengur, Burnington. Þér skal verða launað þetta.“

„Blessaður minstu ekki á laun fyrir það þó eg hjálpi félögum mínum til að sleppa úr varðhaldi. En — þú reiðist mér ekki—eg er hungraður, kaffeinn. Eg hef ekki smakkað mat síðan snemma í morgun, og þá át eg ekki nema lítið eitt.“

„Við förum braðum að borða, og þá skaltu borða með okkur hinum. Hefir þú komið um borð á briggskipið?“

„Nei. Eg fór eftir götu, sem eg hélt mundi liggja til sjávar; en eg hef lent á skakkri götu, því hún lá hingað.“

„Það gerir ekkert til. Settu nú niður og hvíldu þig, og svo kemur maturinn eftir litla stund.“

Buffó Burnington settist niður á eitt af stein-

til  
oru  
ara  
ns-

íg-  
er

vir  
og  
r-  
il  
si

-  
n  
ð



sætunum, sem byggð voru beggja megin í ganginum, en Marl Larún fór að reka eftir með matinn.

Að fimtán mínútum liðnum var halta sjómanninum sagt, að maturinn væri til, og hann gekk með Larún inn í kveldverðarstofuna. Páll var þar fyrir, og hann hörfaði aftur á bak af undrun þegar hann sá þennan dökkva og einkennilega félaga sinn vera þar kominn.

„Buffó Burnington!“ tautaði hann.

„Burnington!“ endurtók Marja í lágum hljóðum, sem sezt var við borðið.

„Já,“ sagði Larún. Þessi góði vinur okkar hefir sloppið.“

Fyrst þegar Marja horfði á þetta fráhrindandi andlit mannsins, fann hún til hræðslu og viðbjóðs; en það varaði ekki lengi, og næst þegar hún horfði á hann, hafði hann augað á henni og þá skein einhver sú blíða út úr þessu eina auga hans, að henni hvarf öll hræðsla. Hún mintist þess þá, hvernig hún hafði orðið heilluð af þessu augnaráði hans þegar hann var með hana í fangiðu um borð á briggskipinu, og hún mundi, hvernig hann hafði þá talað við hana. Það var eins og hún fyndi enn til þess, hvernig hin óskiljanlegu orð hans höfðu þá hrifið hana. Og því meir, sem hún horfði á hann, því betur vandist hún andlitslýtum hans, og því minna fráhrindandi varð hann í augum hennar.

Og einnig Páll var í einkennilegum geðshrær-

um, sjó- ann Páll dr- ega óð- kar rdi ðs; fði in- ni sig ns á fði m su á og r. r-

ingum. Enginn vafi gat þó verið á því, að Burnington hafði svikið hann; en var óhugsandi, að hann hefði haft einhverja góða og gilda ástæðu til að gera það? Einn hlutur var áreiðanlegur; hvernig sem Páll reyndi að sannfæra sjálfan sig um óvild Burningtons til sín, þá hreyfði sér stöðugt einhver velvildartilfinning í brjósti hans til gamla mannsins. Því gat hann ekki útrýmt, hvernig sem hann reyndi og hvað reiður honum, sem hann reyndi að vera og hafði ástæðu til að vera.

Á meðan verið var að borða var ræningjaforinginn fátalaður, því það, sem þyngst lá honum á hjarta, var ekki hægt að tala um við þá, sem til borðs sátu með honum; og strax þegar búíð var að borða fór hann fram og skildi Burnington einn eftir hjá Páli og Marju. Þegar Larún var genginn fram, sagði Burnington hálfbrosandi. „Páll — og þú líka, unga stúlka,—eg er hræddur um, að þið séuð enn ekki búin að fyrirgefa mér það, sem lítur út fyrir að eg hafi unnið á móti fyrirætlun ykkar.“

„Lítur út fyrir?“ sagði Páll spyrjandi.

„Já, því vita skaltu, að með því var eg ekki að vinna þér mein. Tilgangur minn var að hjálpa þér, og það getur farið svo enn, að þú sannfærist um, að eg hafi ekki gert þér ilt með því, sem eg gerði. Hefir nokkur maður—ókunnugur maður—komið hér?“

„Já. Hér kom maður í gærkveld.“

„Einmitt það. Sagði hann til nafns síns?“

„Já. Hann sagðist heita Jakob Fox.“

„Hvar er hann nú?“

„Hann fór upp til Lopez Garonne.“

„Tókst þú vel eftir manninum, Páll?“

„Já, það gerði eg,“ svaraði Páll með áherzlu; „og eg er viss um, að eg hef séð hann fyrri.“

Burnington bro-ti. Páll tók eftir því og hélt því áfram: „Hver er hann? Burnington, enn þá einusinni ætla eg að bera traust til þín. Síndu nú, að þú eigir traust það skilið, með því að segja mér hver maður þessi er, því eg er sannfærður um, að eg þekki hann.“

„Eg skal svara þessu með einu,“ sagði Burnington mjög alvarlega, „og meira er eg ófáanlegur til að segja. Jakob Fox hefir gert mig að trúnaðarmanni sínum og þann trúnað má eg ekki rjúfa. Áður en langt líf ur skal hann sjálfur segja þér það, sem þig langar til að vita, og þá skal hann einnig fræða þig um mig. Viljir þú sýna mönnum þeim traust, sem gjarnan vilja hj lpa þér, þá síndu það með því að ónáða mig ekki með spurningum, sem þú mátt vita, að eg vil ekki svara. Treystu mér— en síndu það samt ekki. Lofaðu Marl Larún að slita, að þú hatir mig, því eftir því sannfærðari, sem hann er um það, eftir því þægilegra er fyrir mig að vinna verk mitt.“

þau Páll og Marja horfðu fyrst í andlit manns-



ins og síðan hvort á annað; og þó þau, hvort í sínu lagi, virtust leggja aðal-áherzluna á að lesa hugsanir hins, þá skein það út úr þeim báðum, að þau voru fús að treysta Burnington.

Rétt í þessu kom Otehewa inn í stofuna. Hún horfði allra snöggvast í auga komumanns, og henni varð svo hverft við það, að hún var nærri því búin að missa bakkann, sem hún bar. Bæði Pall og Marja tóku eftir þessu, en samt veitti Burnington sjálfur því enn þá nánari eftirtekt. Indíanastúlkan færði sig fet fyrir fet, nær og nær, og þegar hún setti niður bakkann rétt hjá Burnington, þar sem hann sat, þá starði hún í auga hans mjög vandlega án þess að gefa því hinn minsta gaum, hvernig hann horfði á hana á móti. Hún skifti litum og svipur hennar bar allra snöggvast vott um efasemdir og ótta; en það hvarf bráðlega og óskiljanlegur fögnuður skein á andliti hennar.

Á meðan þetta gerðist, höfðu svertingjarnir komið heim úr leitinni. Marl Larún fór á móti þeim út í garðinn og spurði þá strax, hvort þeir hefðu fundið Warda. En tæplega hafði hann slept orðinu þegar hann tók eftir einhverri svartri hrúgu á baki eins hestsins. Hann gekk þangað, lýsti með lukt sinni, og sá þar í afskræmda og draugslega andlitið á Indíána-fylgdarmanninum, alt löðrandi af mold og blóði!

Svertingjarnir sögðu honum frá öllu í fáum

zlu;

íélt  
þá  
nú,  
nér  
að

rn-  
gur  
að-  
ifa.  
að,  
nig  
im  
að  
em

—  
að  
ri,  
rir

18-

orðum; og nú vissi hann, að hann átti hættulegri óvin yfir höfði sér en íður.

## XXI. KAPITULL.

### BRÚDUR RÆNINGJAFORINGJANS.

Ræningjaforinginn skipaði svertingjunum að flytja burtu lík Indíanans og láta ekki neitt á neinu bera fyrst um sinn; en hann fór sjálfur inn í ganginn og gekk þar aftur og fram, um gólf, í fullan klukkutíma eins og ljón í búri.

„Eg skal þó, svei mér! ekki láta eyðileggja áform mitt,“ tautaði hann fyrir munni sér og barði sér á brjóst. „Komi maður þessi hingað aftur, þá skal hann reka sig á, að það er um seinan—já, það sver eg! Alt er enn þá í minni hendi, og við skulum sjá, hvernig leikar fara! Heyrið þið þarna!“

Tveir þrælar komu til hans.

„Látið þið búa bátinn minn og manna hann.“

Eftir að hann hafði skipað þannig fyrir, skálmáði hann inn í kveldverðarstofuna og voru allir þar fyrir, sem hann hafði skilið við þegar hann fór frá borðinu.

„Burnington,“ sagði hann, „eg hef ekkert frétt frá skipinu síðan fyrir óveðrið. Þeir hefðu átt að láta mig vita, hvernig líður, því þeir máttu vita, að eg væri órólegur. Eg er búinn að láta manna bátinn minn, og eg ætla að biðja þig að fara og vitja um skipið. Það er ekki óhugsandi, að sumir mennirnir hafi meiðst í óveðrinu, og sé svo, þá þarfnast þeir læknishjálpar—svo þú getur líka farið, Páll. Flytið ykkur nú, því báturinn er til.“

Þetta kom flatt upp á þá báða, Burnington og Pál, svo þeim varð orðfall í bráð.

„En,“ stundi Burnington upp að lokum, „það er naumast sanngjarnt að láta mig fara, svona strax. Eg er lúinn og þjakaður.“

„Kærðu þig ekki—það reynir ekki mikið á þig að sitja í bátnum niður ána; og þegar þú kemur um borð, getur þú hvílt þig eins mikið og þú vilt.“

Páll kom einnig með mótbárum, en kašteinninn vildi ekki ljá því eyru. Þeir urðu að fara ef þeir ekki ætluðu sér að gera opinbera uppreist, og undir það voru þeir enn ekki búnir; og svo fóru þeir að búa sig til ferðar.

„En, hvenær má eg koma aftur?“ spurði Páll.

„Þegar eg geri boð eftir þér. Þú ert nú búinn að vera hér nógu lengi í þennan svipinn.“

„En það er nokkuð undarlegt að senda mig í burtu um þetta leyti,“ sagði Páll, sem nú bjóst við



hinu versta.

Mér finst þetta einmitt rétti tíminn til þess,“ svaraði Larún kuldalega. „Þú hefir setið hér allan daginn og part af kveldinu, og þú getur víst eins vel sofið um borð eins og hér heima. En við skulum ekki eyða fleiri orðum um þetta. Það er vilji minn, að þú farir og það nægir, þú, Burnington, getur komið hingað aftur í fyrramálið og lofað mér að vita, hvernig líður um borð. Baturinn er til“

Páll vonaði, að kaffeinninn mundi skilja sig eftir einan fáein augnablik hjá Marju, en hann gerði það ekki. En Páli var ómögulegt að slíta sig frá henni án þess að faðma hana að sér; hann hálfhljóp því til hennar, vafði hana upp að brjósti sínu og kysti á kinn hennar.

„Eg kem til þín aftur, Marja,“ sagði hann. „Vertu róleg þangað til. Guð blessi þig.“

„Guð blessi þig,“bróðir minn!“ stundi hin sorgmædda stúlka upp.

„Ekki!“ hvíslaði Páll að henni. „Eg er ekki viss um það. Kallaðu mig ekki bróður þinn. Hann hefir logið að okkur!“

Mærin hrökk við og hljóðaði upp yfir sig en voninni, sem orð þessi vöktu í brjós til hennar; hún sá, að Larún einblíndi á hana, svo hún sagði ekkert. Á næsta augnabliki var Páll farinn, og hún hneig niður í sæti sitt.

Larún gekk út með mönnunum og fylgdi þeim niður að bátnum. Páll hefði sagt meira ef Burnington hefði ekki þaggað niður í honum. Þegar báturinn var kominn út fyrir kastalavegginn og vígishurðin fallin niður, þá snéri ræningjaforinginn við og gekk inn í húsið. Hann fór á fund Hagar gömlu og sagði henni að fara út í kofann, þar sem presturinn dvaldi, og segja honum að koma.

Larún hafði álitnið hyggilegra að láta ekki prestinn sjást inni í kastalanum frá því hann kom, því hann vissi að Marju mundi standa stuggur af honum, og hann óttaðist ennfremur, að nærvera hans mundi standa henni fyrir bata. Hann hafði prestinn því utan kastalaveggjanna í ofurlitlum kofa, sem yfirfjórhirðar hans bjuggu í.

Marja var ekki farin úr stofunni þegar ræningjaforinginn kom inn þangað aftur. Hún leit upp þegar hann kom inn, og hann sá, að hrollur fór um hana. Otehewa stóð við hliðina á henni; en hún þekti fótatak hans áður en hann kom inn og setti andlit sitt í þær stellingar, að hún sýndist vera algerlega hugsunarlaus um alt og hirða hvorki um eitt né neitt. Það var Marju hagar, að Marl Larún misskildi þetta útlit Otehewa.

„Jæja, elskan mín,“ sagði Larún og gekk til Marju, þar sem hún sat, „bráðum fáum við að njóta gleði lífsins sameiginlega. Farðu nú og búðu þig tafarlaust, því í kveld verður þú konan mín! Búðu

þig eins og þér sýnist; smekkur þinn fellur í minn smekk—vertu bara hraðhent.“

Mærin var fyrst eins og í draumi; en fljótlega gerði hún sér grein fyrir öllu, og stökk á fætur. Hún horfði eins og hálftrufluð í augu illmennisins og féll síðan á kné frammi fyrir honum.

„Vægð!—Vægð!—Æ, vægðu mér!“ hrópaði hún yfirkomin, og fórnaði höndum til hans.

Skuggalegt kuldabros lék snöggvast á andliti ræningjaforingjans. En þegar hann svaraði henni, var andlit hans eins og ísjaki.

„Marja,“ sagði hann, „himin og jörð, með öllum þeirra englum og mönnum, geta ekki hamlað því, að þú verðir konan mín á þessu kveldi! Þú veizt, hvað mikið hefir verið reynt að afstýra því. En nú hef eg alt þetta á mínu valdi. Farðu og búðu þig vndir það. Otehewa, þú getur hjálpað henni.“

„Já, herra minn.“ Og þegar Indíánastúlkan hafði játað þessu, gekk hún til Marju og beið þess, að hún kæmi með sér.

Larún reisti Marju á fætur.

„Komdu, húsmóðir mín góð,“ sagði Otehewa, „eg skal hjálpa þér alt, sem eg get. Það er best fyrir þig að byrja strax.“

„Það er meiningin,“ sagði Larún, „því fyr því betra.“

Án þess að segja neitt meira, fór Marja með



Otehewa, fram úr stofunni, og þegar hún kom til herbergis síns, fleygði hún sér niður á rúmið og brast í grát. Þegar hún hafði úthelt sorg sinni í tárum nokkura stund, vék trygglynda Indíána-stúlkan sér að henni og sagði:

„Húsmóðir mín góð, öll von er ekki úti enn. En þú verður að ganga í gegnum þessa eldraun; hjá því verður ekki komist.“

„Otehewa,“ sagði Marja í einkennilegum rómi og leit á hana með undarlegu augnaráði, „eg get afstýrt því!“

„Hvernig þá?“

„Með því að forða mér.“

„En öll hlið eru lokuð.“

„Ekki hlið dauðans.“

„En þú skalt ekki deyja, og hann skal ekki steypa þér í ógæfu!“ hrópaði stúlkan með ákafa. „Hann skal deyja heldur en þú líðir nokkurt verulegt ranglæti. En gakk þú í gegnum athöfn þessa með öllum þeim kjark og þreki, sem þú átt til.“

„Guð miskunni mér!“ æpti vesalings Marja. „Ó, Otehewa, þú veizt ekki, hvað þú ert að segja. *Ganga í gegnum eldraun þessa!* Hvað liggur þá fyrir mér að verða? *Konan hans!* Glötuð andlega og líkamlega!“

„Segðu ekki þetta! Talaðu ekki svona, húsmóðir mín,“ sagði Otehewa, og vafði handleggjunum um háls Marju. „Eins og guð er upp yfir mér,

skal þig enga ógæfu henda. Í kveld framkvæmir maður yfirskinsathöfn, sem leggur með því guðs nafn við hégóma. Marl Larún kallar þig *konuna* sína einusinni—kannske tvisvar. En hann skal ekki vinna þér neitt tjón. Hann skal ekki gera það þó til skambyssu eða laghnífs verði að grípa til þess að afstýra því. Treystu mér á meðan eg er á lífi og hjá þér. Á morgun kemur Buffó Burnington.“

„Og hvað gott getur mér af því skinið?“ spurði Marja.

„Meira en eg get sagt þér; það er eg viss um. Eg veit, að hann hefir bæði mátt og vilja til að hjálpa þér. En eyddu nú ekki tímanum. Þú mátt reiða þig á það, að í þetta sinn verður þú að hlýða okkar illa herra.“

Marja sá, hvernig á stóð, og að ekki var um neitt annað að gera en að hlýða. Hún lét því þjónustustúlku sína öllu ráða og var eins og dauður hlutur í hendi hennar. Loksins var hún tilbúin. Otehewa hafði klætt hana í hvítan kjól. Hár hennar var ekki sett neinum gimsteinum, en nokkur blóm voru fléttuð í það. Um fallega, hvíta hálsinn hennar var gullkeðja, sem kross úr dýrindis gimsteinum hékk á að framan. Marja hafði mót-mælt því að búast skrauti þessu, en Otehewa gaf því engan gaum.

Loks var barið hægt að dyrum, og var þar

komin Hagar gamla. Hún hafði verið send til að láta Marju vita, að herrann biði hennar. Þá hefði Marja fallið í öngvit ef þjónustustúlka hennar ekki hefði hughreyst hana.

„Fallist þér nú hugur, þá er ef til vill öll von úti,“ sagði Otehewa. Eg er Marl Larún vel kunnug, og eg þekki hann að því, að hann gefst ekki upp við það, sem hann er byrjaður á. Stiltu þig enn þá nokkura klukkutíma og síðan skal eg koma til sögunnar, þorir þú að treysta mér?“

Eins og nærri má geta gat Marja ekki sagt nei; en hversu mikið var það ekki, sem hún varð í þessu efni að eiga undir öðrum. Hún stóð á barmi glötunarinnar og henni var sagt að steypa sér niður í hana með aftur augun. Það átti að neyða hana til að gera þetta hræðilega kafhlaup. „Steypstu þér,“ segir þjónustustúlkan, „og eg skal sjá um, að þú sökkrir ekki, því eg ætla að bera þig á örmum mér og sjá um, að þig saki ekki.“ En Marja sér ekkert fram undan sér annað en kvalir og dauða. Þótt hún láti tilleiðast, þá sér hún enga frelsisvon.

Og Marja fór á eftir Hagar út úr herberginu, og Indíánastúlkan gekk við hlið hennar og studdi hana. Þær gengu inn í viðhafnarstofuna, og var Larún þar fyrir klæddur ríkmannlegum einkennisbúningi, sem hann sjálfur hafði valið sér. Presturinn var þar einnig, klæddur í hempu sína, og



sumt heimilisfólkið stóð á baka til út við gluggana.

„Það veit trús mín,“ sagði ræningjaforinginn um leið og hann gekk til Marju og tók í hönd hennar, „að þú hefur aldrei verið jafn fögur og þú ert nú. Nú verðum við bráðum eitt það sem við eigum eftir ólifað.“

Ef til vill hefir Marl Larún álitid augnatillit hennar vott um rósemi. Víst bar það vott um rósemi, en það var samskonar ró eins og kemur fram hjá marmara-legsteinum í kirkjugarði þegar kuldi og stormar næða um þá. Hún var nú köld eins og marmari og hálfstirðnuð, því að hjarta hennar var því nær hætt að slá.

„Við erum tilbúin.“

Þannig talaði ræningjaforinginn— og hann vék tali sínu að prestinum. Guðsmaðurinn gekk til þeirra og Marl Larún tók í ískalda hendina á Marju. Presturinn las upp úr bókinni og lagði síðan hinar vanalegu spurningar fyrir brúðgumann. Þeim var svarað hiklaust, en samt í skjálfaandi rómi. Því næst lagði presturinn spurningarnar fyrir Marju, en hún svaraði engu.

„Haltu áfram,“ hvíslaði Larún í eyra prestsins. „þögn þýðir samþykki.“

„Nei-nei-nei-nei!“ hrópaði Marja, sem sýndist alt í einu rakna við úr dái og átta sig.

Eldur brann úr augum ræningjaforingjans, og

hann leit óttalegum augum til prestsins. Prestinum lá það í léttu rúmi, hvort Marja varð fyrir ranglæti eða ekki—og hann hélt því athöfninni áfram. Eftir fá augnablik var öllu lokið og búið að lýsa yfir því í umboði kirkjunnar, að Marja væri löglega gift Marl Larún frammi fyrir guði og mönnum!

Samkvæmt því, sem fyrir hafði verið lagt, ráku þrælarnir upp fagnaðaróp. Og á meðan á því stóð leiddi Larún Marju til sætis og settist niður hjá henni.

„Berið nú fram vínið!—vínið!“ hrópaði ræningjaforinginn í hásum rómi. „Önnur eins stund og þetta ætti að vera gerð öllum gleðileg.“

„Húsbóndi minn,“ sagði Otehewa, í því hún gekk til hans og féll á kné frammi fyrir honum, „má eg hafa þá æru að vera fyrsta manneskjan, sem óskar þér til lukku og blessunar? Eg skal álíta það skyldu mína að þjóna hinni fögru og elskuverðu konu þinni af öllum lífs og sálarkröftum.“

„Otehewa mín góð, eg skyldi gefa þér frelsi fyrir þessi orð þín ef það ekki væri vegna konunnar minnar. En komdu nú með vínið.“

Þjónarnir komu inn með vínið og settu það á hliðarborðið. Hagar hefði borið herra sínum vínið ef Otehewa ekki hefði orðið fljótari til. Indfánastúlkan tók lítinn bakka og setti á hann tvö

vínflát. Annað var lítið glas, en hitt var silfurbikar, sem tók eina mörk. Í erminni sinni hafði hún ofurlitla blöðru festa á band, sem hún hafði hnýtt um mittið. Í blöðrunni var drykkur, sem Otehewa hafði sjálf búið til. Hún hafði búið hann til af villigrösum úr skóginum, sem hún þekti vel hvaða verkanir höfðu. Hún stakk gat á blöðruna með pennahníf, og á meðan hún var að hella víninu í glasið, rann það, sem í blöðrunni var niður í silfurbikarinn. Þegar hún var búin að fylla bæði flátin,—sem ekki tók nema fáein augnablik—þá hraðaði hún sér með þau til brúðhjónanna.

„Húsmóðir mín góð,“ sagði hún og hló af gleði, „hér ber eg þér vín í kristallsbikar— og á það að tákna sakleysi þitt og skírlífi. Hér er silfurbikar handa þér, húsbóndi minn—og á hann að tákna metorðagirnd þína og verðleika. Eg óska ykkur báðum heilbrigði, ánægju og langra lífdaga.“

Aldrei hefir illmenni verið meira heillað en Larún varð við þetta tækifæri. Hann tók bikarinn og tæmdi hann í einum teig.

„*Drektu!* drektu,“ hvíslaði Otehewa, og beygði sig niður að eyra húsmóður sinnar; síðan rétti hún sig upp aftur og sagði svo hátt, að allir heyrðu: „*Drektu skál* hins göfuga herra þíns, fagra brúður.“

Eins og og í leiðslu lyfti Marja litla glasinu upp að raunni sér og drakk úr því, og þegar því

hjó

gat  
upp  
þegakalt  
farðu



var lokið, féll glasið úr hendi hennar niður á gólf-  
ið. Otehewa tók það upp og setti það á hliðar-  
borðið, og svo gekk hún til hinnar sorgmæddu  
brúður og tók sér stöðu við hlið hennar.

Ræningjaforinginn sá, að ekki var unt að fá  
Marju til að vera glöð í hópi manna þeirra, sem  
þar voru í stofunni. Hann gaf þeim því öllum  
einn drykk til og lét þá svo fara út. Otehewa átti  
enn þá ögn eftir hjá sér af meðali sínu, og hún gat  
komið því í glas, sem hún hálf-fylti síðan með vín  
og lét það svo standa á hliðarborðinn. Tveir  
þeirra, sem við voru, höfðu sýnt sig í að drekka úr  
glasinu, en hún þverbannaði þeim það og sagðist  
ætla sjálfri sér það. Loks kom Hagar gamla, þá  
vék Otehewa yfir til Marju og leið ekki á löngu  
áður en hún, sér til mestu ánægju, sá kerlingu  
drekka alt úr glasinu. Hún vissi, að svona mundi  
fara, og nú lá vel á henni, því enn hafði alt farið  
eins og hún ætlaðist til.

Loks voru engir eftir í stofunni nema brúð-  
hjónin, Otehewa og Hagar gamla.

„Heyrðu nú, Otehewa,“ sagði Marl Larún og  
gat varla rent augunum, „fylgdu húsmóður þinni  
upp á loft og til sængur, og lattu mig svo vita  
þegar hún er háttuð.“

Hann veik sér því næst til Marju, kysti á ná-  
kalt ennið á henni og sagði: „Elsku konan mín,  
farðu nú að háttu, og svo kem eg bráðum. Hér

eftir skaltu ekki vera einmana í heiminum.“

Nær dauða en lífi skjögraði brúðurin fram úr stofunni. Hún studdi sig við Otehewa og sagði í veikum rómi: „Í herbergið mitt! Í herbergið mitt!“

„Auðvitað,“ svaraði Otehewa, „og þar skalt þú verða óhult og óareitt“

Þegar Marja kom til herbergis síns hneig hún niður á rúmið máttvana og meðvitundarlaus. Otehewa vissi, hvað við átti, og innan skamms raknaði Marja við aftur.

„Vertu óhrædd — vertu alls óhrædd,“ sagði Otehewa, því þú ert í engri hættu.“

„En hann!“ stundi Marja upp. „Kemur hann?“

„Nei, hann er nú þegar sofnaður, og vaknar ekki fyr en sól er komin hátt á loft á morgun.“

„Svo er eg þá óhult í nótt?“

„Já, og allar nætur fyrir honum.“

„Ó, að eg bara gæti trúað því!“

„Eg get drepið hann núna á meðan hann sefur.“

„Nei, nei, gerðu það ekki. Láttu hann lifa. Hafi eg frið í nótt og ef annarhvor manna þessara skyldi koma á morgun, þá er eg ekki vonlaus.“

Þegar Otehewa sá, að Marja var búin að ná sér þá fór hún ofan aftur til þess að sjá, hvernig þar liði. Hún beið við í ganginum og hlustaði, en heyrði ekkert annað en háar hrotur inni í viðhafnarstofunni. Hún gekk þá inn í stofuna, og þegar hún sá, hvernig þar var umhorfs, lék sigur-

bros á andliti hennar. Ræningjaforinginn lá steinsofandi á gólfinu og Hagar sat sofandi á stól og hraut ámátlega. Fyrst lét Otehewa sessu undir höfuðið á Larún til þess betur færi um hann og hann vaknaði síður; síðan lagði hún aðra sessu á gólfið undir höfuðið á Hagar. Hún þorði ekki að skilja við kerlinguna á stólnum af ótta fyrir því, að hún kynni að velta um koll og vakna við það. Hún var ekkert annað en skinnið og beinin, svo Otehewa veitti létt að taka hana upp og leggja hana á gólfið. Að því búnu slökti hún ljósin og gekk hægt og gætilega fram úr stofunni og upp til herbergis Marju. Upp frá þeirri stundu átti Marja vin, sem hefði nær sem vera skyldi lagt lífið í sölurnar fyrir hana.

„Nú er þér óhætt að sofa róleg“ sagði hún við Marju, „því enginn vinnur þér nokkurt mein í nótt.“

„En þú yfirgefur mig ekki?“ sagði Marja ótta-slegin.

„Ekki nema þú viljir.“

„Vertu hjá mér.“

„Eg skal gera það,“ sagði Otehewa. „Eg get búið um mig á—“

„Nei, nei,—þú sefur hjá mér.“

Það leið nokkur stund áður en Otehewa fékst til þess.

„Eg er einungis auðvirðileg Indíánastúlka,“



sagði hún, „og ætti—“

„þú ert frelsari minn!“ hrópaði Marja og vafði hana að sér og kysti á dökku kinnina á henni. Ó, hugsaðu til ófreskjunnar—*pöddunnar*—*kvikindisins*—*nöðrunnar*—sem sængað hefði með mér í nótt nema fyrir þig! Þú ert systir mín, Otehewa—systir mín, og þannig skal eg elska þig og blessa héðan í frá.“

Indíanastúlkan brast í grát og grét meira en hún hafði gert til margra ára. Og upp frá þeirri stundu helgaði hún líf sitt þessari fögru og góðu konu, sem hún hingað til hafði kallað húsmóður sína.

## XXII. KAPITULL

### NOKKUD ÓVÆNT.

Næsta morgun vaknaði Marl Larún við það, að einhver var að ýta við honum. Hann lauk upp augunum eftir langa mæðu og sá Otehewa standa hjá sér.

„Farðu að vakna húsbóndi góður,“ sagði hún þú ert nú búinn að sofa nógu lengi.“

Ræningjaforinginn sá sólina skína inn um

ingi  
an s  
ekki

man  
hjálp  
hann  
hann  
hann

„  
var áf

stofugluggana, og staulaðist hann nú á fætur. Það leið þó nokkur stund áður en hann áttaði sig á því, hvað gerst hafði kveldið fyrir, en loksins rann það upp fyrir honum, og hann tók viðbragð og horfði eins og óður maður í augu Indíánastúlkunnar.

„Otehewa, eg á konu?“

„Já herra minn,“ svaraði Otehewa og horfði rólega á hann. „Manstu það ekki, að þú giftist Marju í gærkveldi?“

„Jú, eg man það. En hef eg sofið hér í alla nótt?“

„Já. Þú sagðir mér að fylgja konunni þinni til sængur og sækja þig svo. Þetta gerði eg, en svo gat eg ekki vakið þig.“

„Var eg enn einusinni drukkinn?“

„Eg var hrædd um, að það hlyti að vera.“

„Hafi eg skömma fyrir!“ tautaði ræningjaforinginn og var auðsjáanlega mjög gramur við sjálfan sig. „Eg var þó búinn að einsetja mér að drekka ekki mikið í gærkveldi. Drakk eg mikið?“

Otehewa vissi hvað óhætt var að bjóða sér við mann þennan, því hún hafði oft vitað honum hjálpað í rúmið í fyllirfi hans, og á tali hans þegar hann vaknaði úr slíku fyllirfi hafði hún heyrt, að hann mundi aldrei neitt, sem fram fór eftir að hann var orðinn drukkinn.

„Þú drakst allmikið af víni,“ sagði hún; og þar var áfengt vín eins og þú veizt.“

„Eg er asni! heimskingi! hálfviti! En því hjálpuðu ekki mennirnir mér í rúmið?“

„Vegna þess þú sagðir þeim öllum að fara burt úr stofunni. Manstu ekki eftir því?“

„Hálfvegis.“

„Og manstu ekki eftir því, að þú sagðir mér að láta sessuna þá arna undir höfuðið á þér og lofa þér svo að liggja kyrrum?“

„Nei. Eg hef hlotið að vera mjög drukkinn. En hvar er Marja—konan mín?“

„Hún er enn ekki komin á fætur.“

„Sæktu mér ögn af víni. Eg hef óttalegan höfuðverk.“

Otehewa fór og kom aftur að vörmu spori með vínið. Hann formælti sjálfum sér á meðan hún var í burtu fyrir allan klaufaskapinn og heimskuna, og þegar vínið kom, drakk hann fullan bolla af því og þaut síðan út án þess að taka eftir Hagar gömlu, sem enn lá sofandi á gólfinu; en strax þegar hann var farinn út, vakti Otehewa hana. Kerlingin skildi ekkert í því, hvað lengi hún hefði sofð, en Otehewa gaf því engan gaum og fór sína leið.

Hálfum tíma síðar var farið að borða morgunmatinn, og gerði þá Larún boð eftir konu sinni að koma ofan og borða. Marja neitaði í fyrstu, en Otehewa sagði henni, að hún yrði að hlýða. „Og,“ bætti hún við, „þú mátt ekki lata sjást þess nein



merki, að þú sért reið, og ekki tala eitt einasta óþolinmæðis orð. Haltu ræningjaforingjanum í góðu skapi við þig, og komi þér engin hjálp í dag, þá skal eg gera honum sömu skil í kveld eins og gærkveldi. Hann skal fá svefnskamt sinn í tevatninu.“

Loks lét Marja tilleiðast og kom ofan, og beið *maðurinn* hennar við stofudyrnar. Hún var rétt að því komin að hörfa frá, en þá mundi hún, hverju hún hafði heitið Otehewa, svo hún rétti honum hendina. Henni fanst alt í einu einhver styrkur færast í sig. Ef til vill hefir vonin og þráin á því augnabliki unnið sigur yfir óttanum. Hún var nú búin að vera gift kona heila, langa, óttalega nótt, og verndarengill hennar hafði bænheyrt hana og haldið hlífiskildi yfir henni. Hún sá Otehewa standa hjá sér, og þegar hún sá, hvað stilt og róleg þessi göfuga Indíanastúlka var, þá varð hún sjálf róleg. Hún leyfði Larún að leiða sig til sætis við borðið og setjast við hlið sér, án þess að láta sér bregða. Hann afsakaði það á allar lundir, að hann hefði ekki komið til hennar eins og hann hefði átt að gera, en hún svaraði því engu.

Það var búð að borða—ræningjaforinginn og kona hans höfðu borðað ein og Otehewa þjónað þeim til borðs; og Larún var rétt í þann veginn að standa upp frá borðinu þegar dyrnar opnust og Páll kom inn. En hann var ekki einsamill, því

„Þú ert á eftir honum kom Jakob Fox!

Víkjum nú sögunni til briggskipsins og sjáum hvernig stendur á þessari komu Páls inn í stofuna.

Snemma um morguninn kom Buffó Burnington niður úr reiðanum, þar sem hann hafði setið heilan klukkutíma eða lengur. Hann fór á fund Páls og sagði honum, að hann yrði að fara heim til kastalans.

„Spurðu engra spurninga,“ sagði Burnington, „heldur komdu tafarlaust með mér. Það eru tuttugu menn í skóginum, og þeir fara með okkur. Komdu — viljir þú frelsa Marju, þá komdu.“

Páll vissi ekki hvernig í öllu þessu lá, en það, sem Burnington sagði, var nóg til þess, að hann bjó sig til ferðar í skyndi. Báturinn var mannaður með hans eigin mönnum, þessum fjórum, sem hann vanalega hafði með sér, og svo lögðu þeir á stað. Miðja vega upp ána hleyptu þeir að landi, og þegar þeir Páll og Burnington voru stígnir á land, sögðu þeir mönnunum að snúa við og fara um borð og segja bátshöfn kašteinsins að koma heim til kastalans um sólarlag. Að því búnu gengu þeir í gegnum skóginn þangað til þeir komu á braut, sem lá heim til kastalans; og datt heldur en ekki ofan yfir Pál þegar hann sá þar fylkingu þrjátíu vopnaðra manna—alt spánka hermenn og einn þeirra, sem Páll var gerður kunnugur, klædd

an skrautlegum ofurstabúningi.

„Heyrðu nú, Páll,“ sagði Burnington, „Fylgdu mönnum þessum heim undir kastalann og á bak við skógarhæðina rétt þar hjá. Eg verð að fara og sækja Jakob Fox, sem biður skamt hédan. Eg held ef til vill áfram alla leið upp til Garonne. Haldi eg áfram, þá slæst Fox í förina með ykkur og fer rakleiðis heim til kastalans með þér, og svo kem eg þangað sjálfur í tíma til þess að *opinbera alt leyndarmálið!*“

Að svo mæltu yfirgaf Burnington þá og gekk út í skóginn eftir mjóum stíg; og Páll leit upp á Tafalla ofursta og spurði, hvort hann skildi í öllu þessu.

„Nákvæmlega,“ svaraði herforinginn. „Sýndu okkur leiðina.“

Það var eitthvað stuttaralegt og ákveðið í viðmóti og orðum ofurstans, sem gerði Páli allar frekari spurningar ómögulegar, svo hann hélt á stað leiðar sinnar. Eftir svo sem klukkutíma göngu voru þeir komnir á bak við hæðina, sem var örskamt frá kastalanum, og þar kom Fox til þeirra eftir fáar mínútur. Gamli maðurinn tók vingjarnlega í hönd Páls og sagði honum að koma rakleiðis með sér heim til kastalans. Það vildi svo heppilega til, að allir mennirnir, sem bjuggu í kofunum utan kastalaveggjanna, voru farnir til vinnu sinnar hinumegin árinna, þar sem þeir voru að tína



skarlatslit; Páll og menn hans komust því heim undir kastalann án þess nokkur yrði þeirra var, og enginn sá þá þegar þeir komu heim að bakhliðinu.

Bakhliðið var oft ólokað á daginn og þannig var það í þetta skifti; Páll opnaði því hliðið og fór inn. Tíu eða tólf menn—þrælar—voru á vakki úti fyrir byggingunni í þeim hluta garðsins, en þeir sögðu ekki neitt vegna þess Páll kom inn á undan og þeir álitu ekkert varhugavert við það. Og svo þegar hermennirnir hótuðu að drepa þá ef þeir gerðu nokkurn hávaða, þá var ekkert frá þeim að óttast. Í garðinum yfirgáfu þeir Páll og Fox hermennina og lögðu einir á stað til þess að leita Marl Larún uppi. Hvernig þeim tókst það og hvar þeir fundu hann, hefir lesaranum áður verið gert ljóst.

Ræningjaforinginn tók viðbragð þegar hann sá Pál; og þegar hann kom auga á gamla manninn, sem hann hafði lagt svo mikið kapp á að ryðja úr vegi sínum, þá kom óstyrkur á hann og hann varð náfölnur í andliti. En hann kom bráðlega fyrir sig orði.

„Hvað ert þú að gera hér, lagsmaður?“ spurði hann Pál, og brann reiðin úr augum hans.

„Eg kom hingað samkvæmt skipun annars manns,“ svaraði Páll.

„Og hver hefir vald til að skipa hér annar en eg?“ spurði ræningjaforinginn hrokafullur og ögr-

andi. „Farið báðir burt héðan úr húsum mínum— og þú, ungi maður, ferð tafarlaust til skips aftur. Eg kann ekki við að yerða fyrir svona löguðu ónæði fyrstu klukkutímana eftir að eg er giftur.“

„Giftur?“ hrópaði ungi maðurinn, og varð náfölnur og greip um stólbakið til þess að hníga ekki niður.

„Sagðir þú giftur?“ spurði Fox í lágum en bitrum rómi.

„Já,“ svaraði Larún, og lék djöfullegt brosvörum hans. Þessi yndislega mæð var gerð lögleg eiginkona mín í gærkveldi. Það er eins og þetta komi flatt upp á ykkur.“

„Það er úti um alt—alt!“ stundi Páll upp og hneig niður á stólinn og tók höndunum fyrir andlitið; og það var eins og augun ætluðu út úr höfðinu á Fox.

„Nei, nei, Páll!“ hrópaði Marja, sem hugsaði nú ekki um neitt annað en sorg elskhuga síns, og hljóp til hans. „Nei, nei!“ endurtók hún og fleygði sér í fang hans, „það er ekki úti um mig! Líttu upp—líttu upp! Í gærkveldi voru hér töluð markleysisorð þvert á móti vilja mínum, og hinn auðvirðilegi prestur lýsti yfir því, að eg væri eiginkona Larúns. En hann hefir ekki snert mig síðan með sínum minsta fingri. Frá því orð þau voru töluð, sem ranglátlega lýstu mig gifta konu, og þangað til eg kom hingað að borðinu núna, hefir

Marl Larún ekki séð mig! Nei, nei, Páll — góður engill hefir verndað mig, og aldrei hefir óflekkaðri kona dregið andann en eg nú! Guð veit það, að enn þá hefir Larn ekki tekist að svívirða mig!“

Páll hljóðaði upp yfir sig af fögnuði og faðm-  
aði Marju að sér; en gamli maðurinn fórnaði hönd-  
um til himins án þess að segja neitt. En Marl  
Larún geðjaðist ekki háttalag þetta. Hann reiddi  
upp kreptan hnefann og lamdi svo stórt högg á  
borðið að diskarnir hentust í allar áttir.

„Það sver eg við hina heilögu guðs móður,“  
sagði hann, „að eg skal sýna ykkur, hver hér ræð-  
ur húsum, og hvaða forlög bíða þeirra manna, sem  
setja sig upp á móti mér! Komið þið, piltar! Komið  
þið! Inn hingað!“

Hurðin opnaðist, og ögrandi bros hreyfði sér  
á andliti hans, en það hvarf bráðlega aftur, því þeir  
sem inn komu, voru ekki þrælur hans; það var  
spánskur ofursti með flokk hermanna.

„Takið þið mann þennan fastan!“ sagði Fox,  
og benti hermönnum á Larún í því hann talaði.

Það urðu dálftil umbrot, nokkur blótsyrði  
hrutu, og svo var Larún orðinn fangi í böndum.

„Marl Larún,“ sagði gamli maðurinn, skeið  
þitt er nú á enda! Eg býst við þú þekkir mig?“

Hann horfði í augu ræningjaforingjans þegar  
hann sagði þetta, og ófyrirleitna illmennið hnipr-  
aði sig saman og skalf á beinunum. Hann þekti

r  
s  
a  
u  
sé  
M  
un  
að  
er  
rödd



manninn, sem nú stóð upp yfir honum bundnum og ávarpaði hann og hann kannaðist við það. „J,“ hvæsti hann út úr sér. Hann stóð nú eins og honum var þægilegast, en andlit hans var biksvart af heift og hefndarhug. „Eg kannast við þig, Stefán Humphrey! En eg er ekki enn þá dottinn úr sögunni. Þú skalt ekki reiða þig á sigur á meðan eg er á lífi!“

„Því minna sem þú hugsar um lífið, góðurinn minn, því minna fær það á þig þegar böðullinn sviftir þig því,“ sagði ofurstinn hægt og rólega.

Orð þessi, og það, hvernig þau voru sögð, verkaði á Marl Larún eins og ef ísjaki hefði verið lagður við hjartað í honum.

„Stefán. Humphrey?“ tautaði Páll fyrir munninn sér þegar hann gat komið upp orði. Hann slepti Marju úr fangi sér og snéri sér að gamla manninum.

„Já, Páll,“ svaraði gamli maðurinn, sem hingað til hafði gengið undir nafninu Jakob Fox. „Eg er Stefán Humphrey. Manst þú eftir því nafni?“

„Sir Stefán?“

„Já.“

„Stefán frændi?“

„Já,“ svaraði gamli maðurinn brosandi.

„Og eg var hjá þér þegar eg var barn?“

„Já.“

„Og Marja?“ hvíslaði Páll og skalf í honum röddin.

„Getur hún ekki getið sér neins til?“ sagði aðalsmaðurinn, breiddi faðminn út á móti henni, og einkennileg tilfinning lýsti sér á svip hans.

Mærin reikaði til hans og fleygði sér í fang hans. Hún horfði í andlit honum og sagði í lágum hljóðum:

„Faðir minn!“

Sir Stefán svaraði engu öðru en „Já,“ og brast síðan í grát.

„En þú ert ekki faðir minn?“ spurði Páll.

„Nei, og þér algerlega vandalaus nema fyrir hátíðlegt loforð til föður þíns deyjandi og ást mína á þér.“

Páll fórnaði höndum og leit til himins.

„Ó, himneski faðir, eg þakka þér af öllu mínu hjarta!“ hrópaði hann gagntekinn af fögnuði og þakklátsemi.

Sir Stefán horfði á hann undrandi.

„Hvað heyri eg?“ sagði hann. „Ertu þakklátur fyrir það að vera ekki sonur minn?“

„Já,“ svaraði Páll hiklaust. „Marl Larún sagði mér fyrir skömmu síðan, að Marja væri systir mín; og síðan hef eg aldrei litið glaðan dag. Eg gæti elskað systur mína, en ætti Marja að verða systir mín, þá misti eg meira en eg græddi.“

„Nú skil eg þig,“ sagði aðalsmaðurinn og brosti ánægjulega. „En vert þú óhræddur, Páll, þú skalt ekki verða sviftur því, sem þú elskar.“

fo  
mi  
mi  
ek  
aði

hev  
um  
sem  
hefð  
sofa  
sessu  
á gö  
til hi  
þér a  
svæfi

skot,  
tekin.

P.  
Stefán  
beint i

„Hún er mín með lífi og sál!“ hvæsti ræningjaforinginn. „Trúið henni ekki. Hún er konan mín, og eg geri tilkall til hennar sem eiginkonu minnar. Hún lýgur þegar hún segir, að hún hafi ekki séð mig í nótt, því hún veit það, að eg sængaði með henni.“

„Skammastu þín, ófreskjan þín!“ sagði Ote-hewa, sem nú gaf sig fram og leit voðalegum augum á ræningjaforingjann. „Í fyrsta drykkinn, sem þú drakst í gærkveldi, lét eg svefnmeðal, sem hefði nægt til þess að láta fjóra menn eins og þig sofa svo mörgum klukkutímum skifti. Eg lét sessu undir höfuðið á þér og skildi við þig sofandi á gólfinu við hliðina á gömlu Hagar. Síðan fór eg til húsmóður minnar og svaf þar, sem þú ætlaðir þér að sofa. Hefði eg ekki vakið þig í morgun, þá svæfir þú enn á hörðu stofugólfinu.“

Larún stökk að Indíanastúlkunni eins og örskot, en hún gat skotist til hliðar, og svo var hann tekinn aftur og honum haldið.

---

## XXIII. KAPITULI.

### NIDURLAG.

Páll og Marja voru nú búin að ná sér. Sir Stefán leiddi dóttur sína þá til Páls og gekk síðan beint framan að hinu bundna illmenni.



„Marl Larún,“ sagði hann, „eg hef æfinlega vitað það, að þú ert harðbrjósta; en eg vissi aldrei, hvaða illmenni þú varst fyr en þú stalst börnunum mínum frá mér. Árum saman eftir sorgardaginn, þegar þú rændir mig þannig, gat eg ekkert spurt upp um þig eða hvar þín væri að leita; en loksins, þegar eg var staddur í Jamaica, heyrði eg talað um hin óttalegu rán *Plágu Antilla-eyjanna*, og nafns þíns getið, sem kaffeins þessa óttalega skips, og varstu þá ýmist kallaður Marl Larún eða *Plágan*. Mér var þá sagt, að þú hefðir stöðvar í Tobago. Þá hitti eg Buffó Burnington, og fól eg honum á hendur að leita þig uppi. Hann réðist á skip hjá þér, og þegar hann var orðinn sannfærður um, að dóttir mín væri í þínum höndum, þá skrifaði hann landstjóranum í Caraccas bréf og sagði honum frá öllu. Það var einnig fyrir hans aðgerðir, að hann og menn þínir voru teknir fastir í skóginum um daginn. Og nú skilur þú það, Páll,“ sagði gamli maðurinn og snéri sér að unga fólkinu, „hvers vegna Burnington vildi ekki láta ykkur sleppa þegar þið ætluðuð ykkur það.“

„Já,“ svaraði Páll, hrifinn, „eg sé það alt saman nú. En þá vissi eg ekki, hvað göfugt verk hann var að vinna.“

„Göfugt!“ grenjaði Marl Larún og gnísti tönnum. „Ó, sá svikari! Látið hann bara bera fyrir augu mér einusinni enn!“

á

in

La

nit

up

stí

og

inn

á ha

nok

Næs

hári

vinst

Síðas

upp

sinnu

augat

andi a

L

Buffó

unnm.

nú óm

inn alt

alsman

hafði Ot

„Og hvað mundir þú þá gera?“ spurði sir Stefán og brosti við.

„Eg skyldi drepa hann!“ hvæsti ræningjaforinginn.

Aðalsmaðurinn horfði hálfskrítnum augum á Larún ofurlitla stund, svo stakk hann hendinni niður í brjóstvasann á yfirhöfn sinni og dróg þar upp ofurlítið stígvél einkennilega úr garði gert. Í stígvélsbolnum var útbúnaður fyrir lítinn fót eins og sir Stefán hafði, en leisturinn sjálfur var búinn til úr óholum kork. Þessu smeygði hann upp á hægri fót sér og sýndist þá vinstri fóturinn nokkurum þumlungum styttri en félagi hans. Næst tók hann upp hárkollu með rauðu, stífu hári og setti á höfuð sér. Svo tók hann úr sér vinstra augað, sem ekki var annað en glerauga. Síðast tók hann ofurlítinn kassa úr vasa sínum og upp úr honum svamp, sem hann néri nokkurum sinnum um andlit sitt, sérstaklega utan um tómu augatóftina.—Að þessu búnu snéri hann sér brosandí að kaffeininum.

Leynardómurinn var leystur! Þarna var Buffó Búrnington kominn að öllu leyti nema fótunni. Myndbreytingin sýndist meira að segja nú ómöguleg, vegna þess að hér sýndist vera kominn alt annar maður. Varla nokkurar menjar að alsmannsins sáust á þessari nýju mynd, og samt hafði Otehewa séð þetta í fyrsta sinn þegar hún

leit Burnington.

Í fyrstu ætlaði Marl Larún varla að trúa sínum eigin augum, en svo rann alt upp fyrir honum, og þá hengdi hann höfuðið niður á bringuna. Þegar hann leit upp aftur var reiði hans búin að taka á sig hrygðarmynd, því hann sá, að hér var engri vörn hægt við að koma.

„Ó,“ sagði hann, „hefði Warda framkvæmt það, sem hann átti að vinna, þá væri eg laus við þessa djöfullegu snöru, sem mér hefir verið snúin.“

„Þú hefir átt að fara dálítið gætilegar í ráðabruggi þínu,“ sagði aðalsmaðurinn. „Það sást og heyrðist alt þitt brugg nóttina sem þú laumaðist inn í herbergið til mín og skoðaðir örið eftir gamla áverkann, sem þú veittir mér fyrir löngu síðan.“

„Kvalir og dauði!“ grenjaði ræningjaforinginn og varð eins og ósjálfrátt litið á Otehewa,

„Já, svona fór það,“ sagði Indíanastúlkan og horfði óhrædd framan í Larún. „Eg var á ferli þá um nóttina, og eg heyrði þegar þú lofaðir Warda, að hann skyldi fá mig!“

Þetta var meira en ræningjaforinginn þoldi. Að reka sig á það, að hafa verið leiksoppur gamals manns og Indíana-ambáttar—þegar hann hélt, að alt væri á sínu valdi—það gekk honum svo til hjarta, að hann hneið niður á stól og hengdi höfuðið.

„Marl Larún,“ sagði sir Stefán, dapur í bragði.



„við erum nú í þann veginn að skilja, og sjáumst aldrei framar hérna megin grafarinnar. Af fús- um og frjálsum vilja fyrirgef eg þér alt það, sem þú hefir afgert við mig og mína, vegna þess eg fæ nú aftur það, sem eg hafði mist; en eg get ekki frelsað þig, því þú hefir gert þig svo sekan með breytni þinni, og blóð hinna saklausu, sem þú hefir úthelt, krefst réttlætisdóms. Guði gefi, að þú iðrist ill- gjörða þinna áður en þú deyrð, og eg bið hann að fyrirgefa þér, eins og eg fyrirgef þér.“

Þegar aðalsmaðurinn hafði lokið máli sínu, gaf hann ofurstanum bendingu og Marl Larún var leiddur út úr stofunni. Ræningjaforinginn stanz- aði þegar hann kom fram að stofudyrnunum og leit um öxl sér. Hann horfði á Marju og óvanaleg hrygð og viðkvæmni var í augnatilliti hans. En svo varð honum litið á Pal, og sir Stefán, og Ote- hewa, og þá breyttist þessi augnabliks viðkvæmni hans í bölbænir.

Marl Larún var fluttur til Caraccas og allir skipverjar hans með honum nema þeir fjórir, sem Pall hafði tekið með sér um morguninn. Þar var hann og menn hans kærðir fyrir sjórán, sakfeldir og teknir af lífi samkvæmt lögum Spánverja. Af þeim fjórum skipverjum, sem eftir urðu, forðuðu þrír sér með því að strjúka; sá þriðji—Villi Mason—kom heim til kastalans, og sir Stefán gaf hon- um frelsi og tók hann undir vernd sína, því hann

vissi, að drengurinn hafði verið hertekinn ungur og hafður nauðugur á ræningjaskipinu.

Páli og Marju var ant um að vita greinilega, hvernig á þeim stæði og hvers vegna Marl Larún hafði stolið þeim þegar þau voru börn; og sir Stefán, sem nú var aftur kominn í sína réttu mynd, skýrði þeim frá því á þessa leið:— „Marl Larún, sem réttu nafni heitir Delany, elskaði móður þína, Páll, en hún vildi ekki giftast honum. Hún komst að því, að hann var ilt mannfefni, svo hún lét hann eiga sig og giftist George Lattimore, góðum kunn-  
ingja mínum. Það var fyrir milligöngu mína, að hjónaband þetta komst á, því mér þótti sérlega vænt um sir George og eg vissi, að Helen Larún mundi verða honum ágæt kona. Helen hafði mist foreldra sína, en átti um tíu þúsund pund sterling, og þú getur svona ímyndað þér, hvort það hafi ekki gengið í augun á Marl. En eg gerði Lattimore mærinni kunnugan og innan fárra mánaða voru þau gift, og upp frá því hótaði Marl að koma fram hefndum. Hann fór í siglingar og meðan hann var í burtu, fæddist þú, og svo dó móðir þín þegar þú varst barn. Tveimur árum síðar dó faðir þinn, þegar hann lá banaleguna bað hann mig fyrir þig og fjörutíu þúsund pund sterling handa þér þegar þú þyrftir á að halda. Peningar þínir eru á vísu-  
stað, Páll, og hafa meira en tvöfaldast á öllum þessum árum.

Þegar þú varst búinn að vera hjá mér litinn tíma, fá fæddist mitt barn—hún Marja mío, þarna,—og alt sýndist í bráðina leika í lyndi; en bráðlega dróg upp dimt ský. Konan mín góða dó, og eg stóð einn uppi með börnin mín, því að litli, góði drengurinn hafði náð ást minni og hann var mér kær eins og þó hann hefði verið sonur minn. Tvö ár liðu og eg var búinn að ná mér eftir konumissinn en þá kom Marl heim aftur. Hann hafði þá tekið sér nýtt nafn—kallaði sig nú nafni stólkunnar, sem hann hafði reynt að ná í. Hann hitti mig á veginum rétt hjá heimili mínu og bar það þar upp á mig, að eg hefði stolið unnustu sinni frá sér. Eg sagði honum, hvað eg hefði gert og hvers vegna eg hefði gert það. Eg mintist á eiginlegleika hans og óreglu og ýmislegt í sambandi við það, og þá varð hann svo óður af reiði, að hann dróg upp hníf hjá sér og réðist á mig. Hann rak hnífinn í öxlina á mér og skar skurð yfir þvert brjóstið, en það var ekki hættulegt sér. Þetta var um vor. Næsta haust kom hann heim á heimili mitt, og með því að múta kerlingu, sem þar var, náði hann báðum börnunum. Eg vissi ekkert um þetta fyr en um kveldið, því eg hafði ekki verið heima um daginn. Eg man vel eftir þeim degi; það var dimmur og drungalegur rigningardagur, og um kveldið, eftir að eg hafði leitað barnanna í hverjum krók og kyma, árangurslaust, fylltist eg



örvæntingu. Næsta morgun færði einn piltanna mér pappírsblað, sem hann hafði fundið saman brotið í rifu á vagninum mínum. Miðinn var frá Marl Larún til mín. Hann sagðist hafa tekið barnið mitt og ætla sér að halda því til þess að hefna sín á mér, og að drenginn tæki hann sem sína eign, því hann væri barn stólku þeirrar, sem sér hefði borið með réttu. Eins og nærri má geta lét eg ekkert ógert, sem mér gat til hugar komið, til þess að leita barnanna, en það kom alt fyrir ekkert. Hið eina, sem mér tókst, var að rekja feril þeirra til Bristol. Mörgum árum síðar var eg staddur í Jamaica og heyrði Marl Larúns þar getið, eins og þið hafið áður heyrt mig segja. Svo vitið þið nú, hvað síðan hefir gerst. Eg hef reynt mikið, meira en þið getið nokkurn tíma getið nærri, en nú er alt bjart fram undan. Hér eftir skal eg þakka guði fyrir alt í öllum bænum mínum.“

Eftir að aðalsmaðurinn hafði lokið sögu sinni, varð dauðapögn nokkura stund. Páll varð fyrstur til að tala:—„Og eg heiti þú Lattimore réttu nafni?“ sagði hann.

„Já,“ svaraði sir Stefán.

Og þér geðjast vel að því nafni?“ bætti ungi maðurinn við.

„Auðvitað. En hvernig stendur á því, að þú spyrð að öðru eins?“

„það skal eg segja þér, minn göfugi og góði vinur,“ sagði Páll, og skifti litum. „Þig hlýtur að gruna, hvaða hug eg og dóttir þín berum hvort til annars?“

„Einmitt það,“ sagði sir Stefán, og var allur brosandí. Þú vilt láta Marju taka sér nafn þitt, þykist eg skilja?“

„Já.“

„Sé hún því samþykk, þá get eg fullvissað þig um það, að mér er sönn ánægja að því, að hún geri það. Já, göfuga ungmenni, þú skalt verða sonur minn og eg skal verða faðir þinn.“

\*

\*

\*

Eftir viku voru yfirvöldin í Caraccas búin að leggja undir sig eignir ræningjaforingjans hjá Silfurá, og sir Stefán Humphrey var kominn til borgarinnar með vini sína. Náttúrlega fór trygglynda Indíanastúlkan með húsmóður sinni, sem hún elskaði svo heitt, og Villi Mason fór með Páli.

Næsta ár, þegar vorsólin var búin að skreyta „gamla England“ með blómskrúði sínu, þá var glatt á hjalla í gamla húsinu í Humphrey Park. Sir Stefán var orðinn ungur í annað sinn, og Páll og Marja voru gift og fengu nú að njóta lífsins á sömu stöðvunum, sem þau léku saman á þegar þau voru börn, og sem smátt og smátt rifjuðust upp fyrir þeim.

Villi Mason, sem sýndi það í öllu, að hann var

góður og heðarlegur piltur, hvíslaði einhverju í eyra Otehewa, sem enginn annar mátti heyra. Hún roðnaði og vísaði honum til húsmóður sinnar. Marja brosti þegar hann bar upp erindið og vísaði honum til mannsins síns. Páll brosti einnig, en hann tók erindinu vel, og Villi og Otehewa stust; og hafi þeim nokkurn tíma komið það til hugar að vera hrætt hverju um annað, þá var það Villi, sem var hræddur um að Otehewa elskaði Marju meira en sig.

Mason vissi ekkert um það fyr en eftir að hann var giftur, hvað mikinn auð Otehewa gaf honum með sér. Hann rak í rogastanz þegar hann heyrði, að hann hefði eignast yfir hundrað þúsund pund sterling með hinni göfuglyndu konu sinni. En það var verðið, sem sir Stefán útvegaði fyrir gimsteina hennar. Gimsteinar Marju og Páls voru einnig seldir fyrir tiltölulega sama verð, eða helm- ingi meira.

Viðskjandi Otehewa má geta þess, að auður hennar var lykill, er opnaði henni aðgang að samkvæmislífi aðalsins á Englandi. Og hins dökkva yfirlits hennar gætti ekki, jafnvel þar, sem hlir miklu kvenkostir hennar ekki voru kunnir.

Sumarið gekk um garð og haustið kom þegar blómin fölna og næðingarnir koma í stað sumarblíðunnar. En á heimilum vina vorra komu engin kuldaský og engir næðingar. Þar ríkti friður og ánægja í allra sálum, sem höfðu lært í gegnum svo mikið mótlæti ag stríð að meta handleiðslu guðs og þakka honum.

*Arnþjotur B. Olson* [ENDIR].